# FRÉTTABLAÐIÐ

120. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 25. MAÍ 2019




## Þetta var algjör rússíbani

Hvernig er að fylgja eiginmanni sínum í stóra skurðaðgerð og vaka yfir honum vikum saman? Anna Margrét Sigurðardóttir ræðir opinskátt um ýmsar hliðarverkanir stórra skurðaðgerða sem allir þyrftu að þekkja og hvernig má takast á við álagið. → 24

Er í lagi með hann? Er heilinn í lagi og fæ ég hann aftur? Ég veit ekki hver þetta er!

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



## John Taylor í Duran Duran

Segir sveitina tengjast aðdáendum fjölskylduböndum. → 30



## Framtíð Huawei

Rýnt í merkingu viðskiptabanns fyrir kínverska tæknirisann Huawei. → 10-11



## Hatari er Ísland, Ísland er Hatari

Leikhúsrýnir Fréttablaðsins fer yfir frammistöðuna í Eurovision. → 28




## Veður




Norðlæg eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað og smáskúrir suðaustan- og austanlands, annars bjart með köflum en skúrir síðdegis í uppsveitum á Suðurlandi. Hiti 3 til 13 stig, hlýjast suðvestan til.
SJÁ SÍÐU 38

# Berjast fyrir aðgerðum í loftslagsmálum




Vikulegt loftslagsverkfall nemenda hélt áfram í gær. Mótmælt er aðgerðaleysi stjórnvalda vegna loftslagskrísunnar. Halda á verkföllunum áfram þangað til yfirvöld grípa til tafarlausra aðgerða gegn vandanum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Formaðurinn fer yfir söguna í Fréttablaðinu

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, ritar í dag grein í blaðið í tilefni 90 ára afmælis Sjálfstæðisflokksins. Formaðurinn fer í greininni yfir sögu flokksins allt til dagsins í dag, en þann 25. maí 1929 sameinuðu þingmenn Frjálslynda flokksins og Íhaldsflokksins krafta sína undir merkjum Sjálfstæðisflokksins.



**Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.**

„Markmiðið í upphafi var að Íslendingar yrðu þjóð meðal þjóða. Alþjóðaviðskipti og alþjóðleg samvinna hefur verið og verður einn af hornsteinum sjálfstæðisstefnunnar. Þannig hefur Sjálfstæðisflokkurinn rutt brautina fyrir það alþjóðasamstarf sem skipt hefur þjóðina hvað mestu,“ segir meðal annars í grein Bjarna.

„Ólafur Thors var forsætis- og utanríkisráðherra þegar Ísland sótti um aðild að Sameinuðu þjóðunum, Bjarni Benediktsson var utanríkisráðherra þegar Ísland gekk í NATO og forsætisráðherra þegar við gerðumst aðilar að EFTA. Davíð Oddsson var forsætisráðherra þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður,“ segir formaðurinn enn fremur.

Bjarni segir framtíðarsýn flokks síns skýra: „Stjórnmálaflokkur sem er á flótta undan samtíðinni, hræðist breytingar, forðast nýja hugsun og hleypur undan áskorunum framtíðarinnar, mun visna upp. Slíkur stjórnmálaflokkur hefur Sjálfstæðisflokkurinn aldrei verið. Þvert á móti.“ **– ósk /** **sjá síðu 18**

## Isavia má taka þotu ALC í pant

**DÓMSMÁL** Landsréttur hafnaði í gær aðfararbeiðni bandaríska félagsins Air Lease Corporation (ALC) um að fá þotu sína, sem áður var í leigu til WOW air, afhenta frá Isavia.

Landsréttur telur að ákvæði loftferðalaga sem um var deilt væri hugsað sem greiðsluþvingunarúrræði fyrir Isavia. Ekki væru í ákvæðinu neinar takmarkanir á umfangi gjalda, sem heimilt væri að þvinga fram greiðslu á með þessum hætti. Ákvæðið sé skýrt og afdráttarlaust, og augljóslega sett í þágu flugumferðar og þar með sett í almannaþágu. Þá sagði Landsréttur að ákvæðið hefði verið í gildi í núverandi mynd frá því áður en ALC leigði WOW flugvélina. Auk þess bendi ákvæði í leigusamningi eindregið til þess að gert hefði verið ráð fyrir því að greiðsluþvingun Isavia væri möguleg og þar með fyrirsjáanleg. **– jt**

# Vinnuskúrar eru enn til trafala á Reyðarfirði

**Alcoa Fjarðaál gerir nú lokatilraun til að reyna að selja restina af vinnuskúrum sínum. Hafa ekki verið notaðir síðan framleiðsla hófst árið 2007. Álverið vinnur að því að skila lóðinni aftur til sveitarfélagsins og því mikilvægt að selja skúrana í sumar.**



Samkomuhús er meðal bygginga sem nú eru auglýstar á vinnubudir.com

**UMHVERFISMÁL** Alcoa Fjarðaál vinnur nú að því að reyna að selja vinnuskúra sem enn eru á framkvæmdasvæði fyrirtækisins á Reyðarfirði, tólf árum eftir að álverið hóf framleiðslu. Upplýsingafulltrúi Fjarðaáls segir þetta hafa tekið of langan tíma en að nú sé unnið að því að selja eignirnar og skila svæðinu til sveitarfélagsins samkvæmt samningum.

Það er INNI fasteignasala sem sér um að selja þau 20 hús sem eftir eru á svæðinu. Vinnubúðirnar voru reistar í tengslum við byggingu álversins á Reyðarfirði. Gerður var samningur við sveitarfélagið og hefur álverið stöðuleyfi fyrir byggingunum enn þann dag í dag.

Ástand eininganna er misgott samkvæmt fasteignasölunni. Er hægt að kaupa bæði heilar lengjur sem og hluta úr hverri lengju fyrir sig. Kaupendur þurfa að koma húsunum í burtu þar sem þetta er liður álversins í að gera lóðina hæfa til afhendingar aftur til sveitarfélagsins.

„Þetta hefur tekið lengri tíma en við áætluðum í upphafi. Nú vinnum við hins vegar eftir því skipulagi að hreinsa lóðina og skila henni til sveitarfélagsins,“ segir Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa. „Sala þessara eigna er liður í þessu ferli okkar. Það er keppikefli okkar hjá Alcoa Fjarðaáli að virða þá samninga sem við eigum við bæinn og munum kappkosta að skila lóðinni í góðu ásigkomulagi.“



**Þessi gömlu púlborð er að finna í samkomusal vinnubúðanna.**

> **Þetta hefur tekið lengri tíma en við áætluðum í upphafi..**
>
> Dagmar Ýr Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa

Þegar Fréttablaðið náði tali af fasteignasölunni fengust þau svör að nokkrir verktakar hefðu haft samband og lýst áhuga á að kaupa hluta af þeim byggingum sem stæðu til boða á Reyðarfirði.

Eignirnar hafa staðið óupphitaðar í langan tíma og því ekki vitað um ástand þeirra. Kauptilboðum skal skila á næstu dögum og ef tilboð verða samþykkt verða eignirnar að vera farnar fyrir 1. ágúst.

Dagmar Ýr segir tilgang Alcoa ekki vera að hagnast á sölunni heldur aðeins að koma húsum í burt af svæðinu til að gera það klárt til afhendingar. **sveinn@frettabladid.is**






„Hlýnun jarðar er staðreynd, ekki kenning, ekki hugmynd,“ sagði einn ræðumanna á vikulegu Loftslagsverkfalli ungmenna í gær. Stjórnvöld eru krafin um aðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Mótmæltu aðgerðaleysi

Mörg hundruð ungmenni gengu frá Hallgrímskirkju niður á Austurvöll í gær til að mótmæla aðgerðaleysi stjórnvalda í loftslagsmálum.











HÚSASMIÐJAN blómaval

**Tilboðsveislunni lýkur um helgina**
Skoðaðu blaðið á husa.is

# Tilboðsveisla

## Allt fyrir garðinn og pallinn




Stjúpur, 10 stk.
**999 kr**

JOTUN
Öll pallaolía frá Jotun
**20% afsláttur**



AL-KO 20% afsláttur — TEXAS 26% afsláttur — IKRA mogatec

**62.995 kr** ~~78.995 kr~~
**Sláttuvél með drifi**
Bensínvél, Briggs og Stratton, SLátturbreidd 51 cm, 65 ltr., safnari.
5085184

**33.995 kr** ~~45.995 kr~~
**Bensínsláttuvél**
Sláttubreidd 46 cm, 6 hæðarstillingar, 65 ltr. safnari.
5085301

**17.995 kr**
**Rafmagnssláttuvél**
1400W, sláttubreidd 34 cm, 5 hæðarstillingar 25-65 mm. 35 ltr., safnari.
5085114



40% afsláttur
**Margarita**
**1.190 kr** ~~1.990 kr~~



Allir útipottar
**20% afsláttur**

50% afsláttur
**Sýpris í útipottinn**
80-100 cm.
**999 kr** ~~1.990 kr~~



AUTHOR®
20% afsláttur
**42.000 kr** ~~52.500 kr~~
**Reiðhjól Outset, fjalla og götuhjól**
26"Trophy, 17" og 19" hjól, grind, svart/appelsínugult, Shimano 21 girar, þyngd 14,1 kg.
3901414



IKRA mogatec
**4.995 kr**
**Rafmagnsorf**
350W, 25 cm sláttubreidd, lína 1,6 mm, framlengjanlegt skaft.
5086616

IKRA mogatec
**6.995 kr**
**Rafmagnshekkklippur**
550W, blað 45 cm, klippigeta 16 mm.
5083759



OUTBACK
**18.990 kr** ~~23.990 kr~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði, grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225



Broil King
**49.990 kr** ~~61.990 kr~~
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli, grillgrindur úr steypujárni, þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

**TÖLUR VIKUNNAR** 18.05. 2019 TIL 25.05. 2019

**7**
konur fóru í þungunarrof árið 2018 eftir 16. viku meðgöngu.



**1.049**
þungunarrof voru gerð árið 2018.

**16,4%**
barna verða fyrir kynferðis- eða líkamlegu ofbeldu.

**1/6**
barna hefur orðið fyrir ofbeldi á Íslandi.



**71**
lagafrumvörp bíða afgreiðslu á Alþingi.



**0,5%**
samdrætti í landsframleiðslu er spáð á árinu.



**234**
stig fékk fjöllistahópurinn Hatari í Eurovision.



## Þrjú í fréttum
## Guðmundur og Geirfinnur, þungunarrof og Klaustur

**Höllu Bergþóru Björnsdóttur**
*lögreglustjóri á Norðurlandi eystra*



hefur verið falið af dómsmálaráðherra að taka afstöðu til ábendinga um hvarf Guðmundar og Geirfinns. Ábendingar hafa komið fram um bæði mannshvörfin á undanförnum árum.

**Hulda Hjartardóttir**
*yfirlæknir á kvennadeild Landspítala*



segir ólíklegt að þungunarrofum fjölgi í kjölfar nýsamþykkts frumvarps um þungunarrof. Nýjar tölur sýna að færri konur fara í þungunarrof eftir sextándu viku meðgöngu nú en áður.

**Bára Halldórsdóttir**
*uppljóstrari með meiru*



er sögð hafa brotið lög með upptöku sinni á Klausturbar, en var þó ekki gert að greiða sekt.


FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Ríkið viðurkennir fyrir ESA að Fríhöfnin sé einokunarverslun

Stjórnvöld hafa viðurkennt gagnvart ESA að Fríhöfnin sé ríkiseinkasala. Höfðu áður andmælt rökum ESA. Gert að setja reglur um vöruúrval og innkaup til að tryggja jafnræði á meðal birgja.




**ESA barst kvörtun árið 2016 um að Fríhöfnin starfaði ekki eftir hlutlægum innkaupareglum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

**SAMKEPPNI** Íslensk stjórnvöld hafa fallist á rök ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, um að Fríhöfnin sé ríkiseinkasala og þurfi þar af leiðandi að innleiða nýtt verklag til að tryggja að vörum og heildsölum verði ekki mismunað. Þá þarf að tryggja jafnræði í auglýsingum og kynningum á áfengistegundum.

Þetta kemur fram í bréfi sem fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi ESA þar sem greint er frá því að stjórnvöld hafi endurskoðað afstöðu sína til málsins og fallist nú á málflutning eftirlitsstofnunarinnar. Bréfið var sent um miðjan apríl, aðeins um einum og hálfum mánuði eftir að ráðuneytið sendi annað bréf þar sem rökum ESA var andmælt.

Forsagan er sú að ESA barst kvörtun árið 2016 frá íslenskum áfengisinnflytjanda sem sagði að Fríhöfnin hefði ekki tekið upp neinar hlutlægar eða gegnsæjar reglur um innkaup. Reglurnar virtust handahófskenndar og þar af leiðandi hefði fyrirtækið ekki getað komið vörum sínum í hillur Fríhafnarinnar.

Niðurstaða ESA var sú að sala áfengis í verslunum Fríhafnarinnar bryti í bága við EES-samninginn, nánar tiltekið 16. grein samningsins. Í raun væri ríkiseinokun í Fríhöfninni og hefði ekki tekið upp gegnsæjar reglur sem tryggðu að engum heildsölum væri mismunað í tengslum við innkaup og vöruúrval.

> **16. grein EES-samningsins**
>
> ESA vísar í rökstuðningi sínum í 16. grein EES-samningsins en þar segir:
> „Samningsaðilar skulu tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja EB og EFTA-ríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.“

Þá bendir ESA á að aðeins ákveðnar vörur séu auglýstar á vefsíðu Fríhafnarinnar. Svo virðist sem Fríhöfninni beri ekki skylda, samkvæmt núverandi fyrirkomulagi, til að tryggja að auglýsingar séu óháðar upprunalandi vörunnar og að nýjar vörur séu kynntar neytendum. Það er jafnframt brot á 16. grein samningsins að mati ESA.

Rök ESA voru að Fríhöfnin væri í fullri eigu ríkisins í gegnum Isavia og hefði einkasölurétt á áfengi í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Auk þess gerði einkasöluréttinn henni kleift að hafa veruleg áhrif á innflutning á áfengi frá öðrum löndum á EES-svæðinu til Íslands. Bent var á að hlutdeild Fríhafnarinnar í áfengissölu á Íslandi væri 14 prósent.

„Breytingarnar munu hafa þau áhrif að settar verða reglur um vöruval og innkaup Fríhafnarinnar á áfengi sem taka mið af eftirspurn kaupenda en eiga jafnframt að tryggja framleiðendum og birgjum möguleika á að koma vörum í sölu í tollfrjálsri verslun. Þetta er gert til að tryggja gagnsæi og jafnræði aðila sem vilja koma vörum í sölu í Fríhöfninni. Vinna við gerð reglnanna er á byrjunarstigi. Í júní fundar ráðuneytið með ESA þar sem farið verður yfir fyrstu drög að reglunum,“ segir í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

**thorsteinn@frettabladid.is**





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
RAM
UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI




Frá því að RAV4 sló fyrst í gegn hefur nánast allt breyst. Fimmta kynslóð þessa alhliða sportjeppa er stökkbreytt í útliti; glæsilegri með skarpari línur, voldugri á vegi og enn meiri breidd í getu, styrk, þægindum og afköstum. Nýr RAV4 er alhliða Hybrid, hljóðlátur í akstri með aukið svigrúm fyrir fólk og farangur. Ný kynslóð með enn meira öryggi og ríkulegum staðalbúnaði. Allt er breytt – nema vinsældirnar. Komdu, sjáðu og finndu muninn á nýjum RAV4 með sjö ára ábyrgð hjá næsta viðurkennda söluaðila.

**2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum RAV4, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

HYBRID

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

SUMARBÚÐIR
Á ÚLFLJÓTSVATNI
FYRIR 13 - 16 ÁRA



• Tvær vikur í boði, 17 - 23. júní og 24 - 30. júní
• Vikan kostar 45.000, - hægt er að vera báðar vikurnar
- Innifalið: rútuferðir, dagskrá, allt fæði og tjaldbúnaður
• Fjölbreytt dagskrá og ævintýraleg dagskrá!

Skráning er á skatar.felog.is
Frekari upplýsingar á ulfljotsvatn@skatar.is








HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




Ræða Theresu May er hún tilkynnti um að hún myndi stíga til hliðar var afar tilfinningaþrungin. NORDICPHOTOS/AFP

# Óttast áhrif afsagnar Theresu May

**Theresa May stígur til hliðar eftir mánaðamót. Vonast er til þess að nýr leiðtogi verði valinn fyrir lok júlí. Alls óvíst að leiðtogaskiptin dugi til þess að leysa Brexit-málið. Boris Johnson sækist eftir stólnum og þykir langlíklegastur.**

**BRETLAND** Væntanleg afsögn Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, gæti gert næsta stig útgönguferlis Breta úr Evrópusambandinu afar hættulegt. Þetta sagði Leo Varadkar, forsætisráðherra Írlands, í gær.

Mark Rutte, forsætisráðherra Hollands, sagði að May hefði ekki verið vandamálið í Brexit-málinu. „Hún er hugrökk. Við hvern þann sem tekur við af henni vil ég segja að það verður ekki samið upp á nýtt um útgöngusamninginn.“

May tilkynnti um afsögnina fyrir utan bústað forsætisráðherra í Lundúnum í gær. Hún mun stíga til hliðar sem leiðtogi Íhaldsflokksins þann 7. júní næstkomandi. Vonast er til þess að val á nýjum leiðtoga liggi fyrir í lok júlí.

Ástæðan fyrir afsögninni er Brexit-málið. Tugir ráðherra hafa sagt af sér undanfarin misseri vegna ósættis við stefnu May og ekki er útlit fyrir að þingið samþykki útgöngusamning hennar við ESB í bráð þrátt fyrir

## Þessi þykja líkleg



**Boris Johnson**
Fyrrverandi utanríkismálaráðherra og borgarstjóri Lundúna. Harður útgöngusinni.



**Dominic Raab**
Fyrrverandi útgöngumálaráðherra. Harður útgöngusinni.



**Penny Mordaunt**
Varnarmálaráðherra. Frjálslynd og harður útgöngusinni.



**Sajid Javid**
Innanríkisráðherra. Barðist gegn Brexit en vill virða úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar.



**Michael Gove**
Umhverfisráðherra. Barðist fyrir hörðu Brexit en hefur verið bandamaður May.

**» Theresa May hættir sem formaður Íhaldsflokksins þann 7. júní næstkomandi.**

ítrekaðar tilraunir. Það er langt frá því öruggt að arftaki May geti skilað meiri árangri.

Hinn litríki Boris Johnson þykir líklegastur. Hann barðist fyrir útgöngu í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar, annað en May, og hefur barist fyrir „harðari“ útgöngu en May hefur lagt til. Með því er átt við að Bretar fjarlægist Evrópusambandið og haldi meðal annars ekki aðild að tollabandalaginu.

Johnson var staddur á ráðstefnu í Manchester þegar May hélt ræðu sína. Þegar fundarstjóri spurði hann um áform sín svaraði Johnson: „Auðvitað ætla ég að láta á það reyna.“

Núverandi og fyrrverandi ráðherrar á borð við Michael Gove, Amber Rudd, Sajiv Javid, Dominic Raab, Jeremy Hunt, Penny Mordaunt og Liz Truss eru orðuð við baráttuna sömuleiðis.

Johnson mælist langvinsælastur. Í könnun sem YouGov birti fyrr í mánuðinum mældist hann með 39 prósenta fylgi. Næstur kom Dominic Raab, fyrrverandi útgöngumálaráðherra, með þrettán prósent. Þegar þátttakendur voru spurðir um val á milli þeirra tveggja mældist Johnson með 59 prósent en Raab 41 prósent og var það minnsta bilið á milli Johnsons og annars frambjóðanda. thorgnyr@frettabladid.is

# Sakaðir um glæpi gegn fjölmiðlunum

**ÍSRAEL** Christophe Deloire, formaður Blaðamanna án landamæra, tók á dögunum við Dan David-verðlaununum í Tel Avív. Daginn eftir athöfnina sakaði hann Ísrael um stríðsglæpi.

Vísaði Deloire til atviks í apríl í fyrra á mótmælum á Gaza-svæðinu, við landamæri Ísraels og Palestínu.

Samkvæmt skýrslu frá sjálfstæðri rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna skutu ísraelskar leyniskyttur að öllum líkindum palestínsku blaðamennina Yaser Murtaja og Ahmed Abu Hussein til bana af ásetningi. Skýrslan greinir frá því að mennirnir hafi báðir verið skýrt merktir sem blaðamenn og haldið á myndavélum.

Genfarsáttmálinn skilgreinir fréttamenn á stríðssvæðum sem

**Rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur einungis staðfest það sem við nú þegar töldum vera staðreynd.**

Christophe Deloire, formaður Blaðamanna án landamæra

óbreytta borgara og því eru allar árásir gegn þeim stríðsglæpir.

„Rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur einungis staðfest það sem við nú þegar töldum vera staðreynd,“ sagði Deloire í viðtali við The Jerusalem Post (JP).

Ísrael var í 88. sæti á yfirliti Blaðamanna án landamæra um frelsi fjölmiðla á heimsvísu 2019, sæti neðar en í fyrra. Deloire sagði marga Ísraela gagnrýna lista samtakanna, og vilja meina að landið ætti að vera ofar á listanum.

Deloire svaraði gagnrýninni. „Ég er viss um að það gerist ekki í mörgum löndum að auglýsingaskilti eru reist með andlitum blaðamanna sem stendur á „þeir munu ekki ákveða“,“ sagði Deloire við JP. Vísaði Deloire þar í herferð Likud-flokksins gegn blaðamönnum sem höfðu fjallað um sakamálarannsókn í máli Benjamins Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels. „Þeir munu ekki ákveða“ vísar þá í kosningarnar 9. apríl 2018, stuttu eftir að auglýsingarnar voru birtar.

„Ísraelar eru vissulega í erfiðum kringumstæðum, en það er margt sem má bæta þegar það kemur að frelsi fjölmiðla í landinu,“ sagði Deloire við JP. – pk




# HELGARSPRENGJA

## ALLT GARN
navia TINNA king cole

20%*

*GILDIR ÚT 26. MAÍ

## VALDIR BLÓMAPOTTAR

ALLT AÐ 40%*

*GILDIR ÚT 28. MAÍ

## ÖLL HÚSGÖGN

20%*

*GILDIR ÚT 26. MAÍ

## ÖLL SÓFABORÐ

20-30%*

*GILDIR ÚT 28. MAÍ

## ÖLL KREP SÆNGURVER

30%*

*GILDIR ÚT 28. MAÍ

## ÖLL RÚM OG DÝNUR

20-40%*

*GILDIR ÚT 26. MAÍ

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

# Segir hljóðið farið að þyngjast í öðrum þingmönnum

**ALÞINGI** „Það er farið að þyngjast hljóðið í öðrum þingmönnum sem bíða hér eftir að komast í að ræða þau mál sem eru fyrir aftan á dagskránni. Það eru ýmsir orðnir órólegir með að það verði of stuttur tími til að ræða þau mál, sem verðskulda umræðu eins og þetta mál,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, um stöðuna á Alþingi.

Umræða um þriðja orkupakka ESB hélt áfram á þingfundi í gær. Hófst umræðan klukkan 15.30 og var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi. Var búist við því að fundurinn stæði fram á morgun eins og síðustu daga og þráðurinn tekinn upp eftir helgi.

Eins og undanfarið voru það þingmenn Miðflokksins sem báru umræðuna uppi.

Þó tók Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra til máls og ræddi við Miðflokksmenn í andsvörum. Hafði ítrekað verið óskað eftir viðveru ráðherrans í umræðunni.



**Forseti Alþingis segir hljóð í ýmsum þingmönnum farið að þyngjast.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Í upphafi fundarins lagði Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, það til að umræðu um málið yrði frestað til hausts. Þannig gætu hann og þeir sem væru hlynntir málinu eftir að hafa kynnt sér það fengið tíma til að þrífa upp vitleysuna sem hefði verið ríkjandi í umræðunni.

„Það er mitt mat að það muni taka marga mánuði að leiðrétta vitleysuna sem hefur verið lögð fram í þessari umræðu,“ sagði Helgi Hrafn meðal annars.

Steingrímur kvaðst á sínum langa þingferli ekki muna eftir slíku málþófi sem borið væri uppi af einum flokki. „Ég held að í öllum umræðum sem hafa komist eitthvað í líkingu við þetta hafi verið um sameinaða stjórnarandstöðu að ræða, eða allavega stærstan hluta hennar.“

Steingrímur benti á að í gærkvöldi væri umræðan komin inn á áttunda tuginn í klukkutímum talið.

„Þetta fer að nálgast tvær heilar vinnuvikur. En við verðum bara að sjá hvað setur um framhaldið.“ – **sar**





LSR heldur kynningar- og samráðsfund fyrir sjóðfélaga á lífeyri og maka þeirra mánudaginn 27. maí 2019 kl. 14:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 14:00.

Dagskrá:

- Kynningar frá LSR.
- Ingrid Kuhlman flytur erindið *Leitað í viskubrunn eldri borgara*.
- Katrín Halldóra Sigurðardóttir syngur falleg lög.
- Umræður og fyrirspurnir.
- Kaffiveitingar.

Nánari upplýsingar um fundinn má finna á vef LSR.

LSR Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

www.lsr.is

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is




**Mick Jagger og Keith Richards, aðalsprautur The Rolling Stones.**

# Binda enda á áralangan höfundarréttarágreining

**TÓNLIST** Mick Jagger og Keith Richards hafa nú bundið enda á einn gremjulegasta höfundarréttarágreining í breskri tónlistarsögu með því að veita Richard Ashcroft, aðalsöngvara og gítarleikara The Verve, allar framtíðar greiðsluþóknanir fyrir lagið Bitter Sweet Symphony samkvæmt The Guardian.

Þetta tilkynnti Ashcroft sama dag og honum voru veitt Ivor Novello-verðlaunin fyrir framúrskarandi framlag til breskrar tónlistar.

„Þessi ótrúlega atburðarás var sett af stað með göfugu og vingjarnlegu góðverki Micks og Keiths, sem hafa einnig samþykkt að höfundarrétturinn undanskilji nöfn þeirra og að allar framtíðar höfundarlaunagreiðslur af laginu renni nú til mín,“ sagði Ashcroft.

Ágreiningurinn, sem snerist um notkun The Verve á fjögurra sekúndna löngum hljóðbút úr laginu „The Last Time“ eftir the Rolling Stones er einn sá þekktasti í breskri tónlistarsögu. Lagið var gefið út áður en The Rolling Stones höfðu samþykkt notkun hljóðbútsins að fullu.

Útgáfufyrirtækið ABKCO, sem er í eigu umboðsmanns Rolling Stones, Allen Klein, sagði The Verve hafa notað lengri hluta lagsins en um var samið. Í kjölfar málsóknar sem var útkljáð utan dómstóla í lok árs 1997 neyddist Ashcroft til þess að afsala sér höfundarlaunagreiðslunum og veita Jagger og Richards höfundarrétt fyrir lagsmíðina. Ashcroft skaut síðan til baka: „Þetta er besta lag sem Jagger og Richards hafa skrifað í 20 ár.“

**» Ágreiningurinn snerist um notkun The Verve á fjögurra sekúndna löngum hljóðbút.**

Bitter Sweet Symphony náði öðru sæti á breska vinsældalistanum og var tilnefnt til Grammy-verðlauna. Lagið var smáskífa af plötunni Urban Hymns, sem skaust upp í fyrsta sæti breska vinsældarlistans og seldist í rúmlega 10 milljónum eintaka. Platan er í 19. sæti yfir söluhæstu bresku plötur allra tíma.

The Guardian segir Jagger og Richards hafa samþykkt án skilyrða að láta af hendi höfundarréttinn.

„Síðast en ekki síst afdráttarlausar og innilegar þakkir og virðingarvottur til Micks og Keiths,“ segir í niðurlagi þakkarorða Ashcrofts.

– **pk**







Brandenburg | SÍA

# Stórsýning Mercedes-Benz atvinnubíla í dag.

Í dag kl. 12–16 verður mikið um að vera á Krókhálsi 11. Þá kynnum við nýjan og tæknivæddan Actros með ótal spennandi tækninýjungum. Einnig sýnum við fjölnota hörkutólið Unimog, dugnaðarforkana Sprinter, Vito og Citan og kynnum nýtt og sérhæft sendibílaverkstæði okkar sem er hlaðið öllum fullkomnasta búnaði. Á útisvæði geta gestir skoðað glæsilega atvinnubíla sem búnir eru spennandi sérlausnum.

Hlökkum til að sjá þig.

Mercedes-Benz
Trucks you can trust

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“

# Svört staða Huawei en ekki ómöguleg

**Kínverski tæknirisinn getur ekki lengur stundað viðskipti við afar mikilvæga samstarfsaðila vegna banns Bandaríkjaforseta. Missir Android-stýrikerfið og mikilvæga örflöguhönnun. Forstjóri Huawei í Svíþjóð kveðst vongóður um að deilan verði leyst.**



Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is

Hið kínverska Huawei stendur nú svo gott sem eitt og einangrað í tækniheiminum. Undanfarna daga hafa fyrirtæki víða um heim skorið á viðskiptasambönd sín við Kínverjana. Ástæðan er tilskipun Donalds Trump Bandaríkjaforseta um að banna öll viðskipti við Huawei. Tilskipunin nær einnig til annarra fyrirtækja en bandarískra sem þurfa að sækja um sérstakt leyfi fyrir viðskiptum ef fjórðungur af virði vörunnar felst í bandarískri tækni eða framleiðslu.

Bandaríkin hafa opnað á þann möguleika að fyrirtæki stundi viðskipti næstu 90 daga til þess að forðast glundroða en gálgafrestur hefur litla þýðingu að mati Ren Zhengfei, stofnanda Huawei.

**Ásakanir**

Bandaríkjastjórn segir bannið til komið þar sem Huawei ógni þjóðaröryggi. Bandarískar öryggisstofnanir hafa sakað Huawei um að stunda njósnir fyrir kínverska ríkið, bæði með fjarskiptabúnaði sínum og neytendatækni. Þá bætir ekki úr skák að samband Bandaríkjanna og Kína er strembið þessi dægrin og ríkin eiga í tollastríði. Trump forseti tilkynnti þó um það á fimmtudag að mögulega væri hægt að leysa Huawei-málið með gerð nýs fríverslunarsamnings.




Huawei þykir almennt framleiða góðar vörur en grunur um njósnir ógnar fyrirtækinu alvarlega. NORDICPHOTOS/GETTY

Kínverska fyrirtækið hefur ítrekað neitað ásökununum. Huawei-menn hafa haldið því fram að bannið tengist öllu heldur tollastríði Bandaríkjanna og Kína.

Kenneth Fredriksen, forstjóri Huawei í Svíþjóð, segir í samtali við Fréttablaðið nú að bannið sýni fram á að Huawei hafi haft rétt fyrir sér. „Allar þessar ásakanir gegn fyrirtækinu um öryggisbresti og þess háttar eru pólitísks eðlis. Nú eru Bandaríkin svo gott sem að játa það,“ segir hann og bætir við:

„Okkur líður eins og það sé verið að draga okkur inn í annarra manna deilu. Auðvitað vonast ég til þess, líkt og flestir, að viðræðum og viðskiptadeilu Bandaríkjanna og Kína ljúki sem fyrst, það væri best fyrir alla.“

**Velgengni**

Þrátt fyrir þessar alvarlegu ásakanir hafa síðustu misseri verið afbragðsgóð fyrir Huawei. Gagnrýnendur gefa nýjustu vörum fyrirtækisins fínustu einkunnir og salan er góð.

Samkvæmt greiningarfyrirtækinu Canalysis jókst sala Huawei-síma á alþjóðavísu um helming á fyrsta ársfjórðungi samanborið



við sama tíma á síðasta ári. Á meðan dróst sala hjá Apple og Samsung saman.

Fredriksen segir að þetta megi rekja til ánægju viðskiptavina. „Það er hægt að fá mun meira fyrir peninginn með því að versla við okkur samanborið við samkeppnisaðilana. Við höfum haldið áfram að stuðla að framþróun. Viðskiptavinirnir taka eftir þessu og þess vegna höfum við vaxið. Þetta er kannski hluti ástæðunnar fyrir því að sumir eru farnir að horfa á okkur sem samkeppnisógn.“

**Skorið á tengslin**

Frá því að bannið var kynnt hefur útlitið hins vegar versnað fyrir Huawei. Fjölmörg fyrirtæki hafa tilkynnt um að þau geti ekki lengur stundað viðskipti við Huwei.

Fredriksen segist vona að málið verði leyst sem allra fyrst þar sem ástandið er óheppilegt. „Við erum með afar sterka birgjakeðju og fyrirtækið er byggt upp á þann hátt að við getum haldið áfram að starfa óháð þessu og án bandarískra íhluta. Þetta er ekki jákvætt en þetta kemur ekki í veg fyrir að við getum þjónustað viðskiptavini okkar.

Ef bannið stendur er hins vegar ljóst að Huawei getur ekki lengur reitt sig á Android-stýrikerfið fyrir óútkomin snjalltæki sín þar sem Google hefur slitið samstarfinu. Intel og Qualcomm, sem framleiða nauðsynlega íhluti, munu ekki stunda viðskipti við Huawei og ekki heldur örflögufyrirtækið ARM.

**Stýrikerfi**

Hvernig framleiðir maður og selur snjallsíma og önnur snjalltæki án vinsæls stýrikerfis, örflaga og annarra íhluta líkt og Huawei þarf að öllu óbreyttu að gera?

Fyrir liggur að Huawei þróar nú eigið stýrikerfi, Hongmeng. Það yrði útbúið nýrri forritaverslun en færi einungis á markað ef Google og Microsoft settu Huawei í varanlegt bann frá því að nota stýrikerfi sín.

Það þarf ekki að horfa lengra en til snjallsímaævintýris Microsoft til þess að sjá hvernig fer fyrir þeim sem ætla að keppa við annaðhvort iOS-stýrikerfi Apple eða Android frá Google. Segja má að Microsoft hafi lent í ákveðnum vítahring. Neytendur vildu símana ekki af því það var ekki hægt að sækja sömu öpp og á Android eða iOS og hönnuðir appanna sáu ekki hag sinn í því að yfirfæra öppin á Windows Phone þar sem notendahópurinn var of lítill.

Hið nýja stýrikerfi er byggt á opinni útgáfu Android, AOSP. Símar frá Huawei útbúnir breyttu Android-stýrikerfi eru nú þegar á kínverskum markaði en Kína lokar á aðgang Kínverja að til að mynda Google og Youtube og því er það lítil fyrirstaða að geta ekki nálgast slík forrit á snjallsímanum. Hins vegar er erfitt að ímynda sér að íslenskur neytandi myndi vísvitandi velja síma án aðgangs að þessum öppum.

Fredriksen tekur fram að Android sé opið kerfi. Huawei sé visst um að það geti haldið áfram að þróa snjallsíma innan Android-umhverfisins. „Auðvitað eigum við einnig í lokuðum viðræðum við Google um þessar mundir um hvernig sé hægt að leysa málið.“

**Örflögur**

Jafnvel þótt Huawei takist að sannfæra neytendur um ágæti nýs stýrikerfis fyrirtækisins er nokkuð flókið að framleiða tölvur og snjalltæki án örgjörva. „Hugbúnaðarhliðin skiptir engu máli ef fyrirtækið getur ekki orðið sér úti um þær örflögur sem þörf er á,“ sagði The Verge.

Opinn kóði Android er hannaður fyrir ARM-flögur, þótt það sé vissulega hægt að keyra hann á örgjörvum frá til að mynda Intel. Vandinn er sá að hvorki ARM né Intel munu stunda viðskipti við Huawei.

Þetta þýðir að Huawei mun ekki geta nálgast nýja hönnun til þess að framleiða nýja og öflugri síma. Fyrirtækið mun neyðast til þess að nota áfram eigin örgjörva eða ráðast í afar dýrt og tímafrekt verk við að hanna nýjar flögur.

**Lífróður**

Þótt staðan sé svört er ekki öll von úti fyrir Huawei. Enn gæti reynst mögulegt að skipta út þeirri bandarísku tækni sem kemur í veg fyrir að ARM stundi viðskipti við Huawei, fyrirtækið hefur birgt sig upp af bandarískri tækni og gæti látið á bannið reyna fyrir dómstólum.

Líklegasta leiðin út úr þessum ógöngum virðist hins vegar fólgin í þeim möguleika að mál fyrirtækisins gætu orðið hluti af fríverslunarsamningi sem Bandaríkin og Kína reyna að ná líkt og Trump forseti sagði mögulegt á fimmtudag. „Ef við komumst að samkomulagi gæti ég ímyndað mér að Huawei verði inni í myndinni að einhverju leyti,“ sagði Trump en tók þó fram að Huawei væri „afar hættulegt“.



Kenneth Fredriksen, forstjóri Huawei í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Allar þessar ásakanir gegn fyrirtækinu um öryggisbresti og þess háttar eru pólitísks eðlis. Nú eru Bandaríkin svo gott sem að játa það.**

**Þetta hefur engin áhrif á þá sem þegar eru viðskiptavinir. Þetta hefur Google staðfest.**

Kenneth Fredriksen, forstjóri Huawei í Svíþjóð

## Hvað ef ég á Huawei-síma?

Snjallsímar Huawei hafa verið seldir á Íslandi undanfarin ár og því eflaust allnokkrir landsmenn með slíkan síma í vasanum.

Þótt nýir símar frá fyrirtækinu muni líklegast ekki hafa aðgang að öppum á borð við Google Play, Gmail og YouTube munu þessi öpp ekki hverfa af símum sem nú þegar eru komnir á markað, sagði í tilkynningu frá Google.

Fredriksen forstjóri bendir á að allar vörur fyrirtækisins sem eru nú þegar á markaði, hvort sem þær eru í höndum neytenda eða verslana, muni áfram fá uppfærslur frá bæði Google og Huawei og geti áfram hlaðið niður öppum og uppfært þau eins og hefur verið. „Þannig að þetta hefur engin áhrif á þá sem þegar eru viðskiptavinir. Þetta hefur Google staðfest.“

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Lengri útgáfu má nálgast á **fréttablaðið.is**



MDE

# Útvörður mannréttinda í sex áratugi

**Ísland hefur átt aðild að Mannréttindadómstól Evrópu frá stofnun fyrir sextíu árum og sent þangað á þriðja hundrað mála. Íslenskt mál er í fyrsta sinn á leið fyrir efri deild dómsins. Fréttablaðið fór yfir söguna og ræddi við lögmanninn sem flytja mun mál tveggja lögmanna sem telja íslenska dómstóla hafa brotið á sér rétt.**



Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

„Dómstóllinn hefur metið það þannig að þetta mál kynni að hafa slík grundvallaráhrif fyrir vernd mannréttinda í Evrópu að það væri nauðsynlegt að fá dóm efri deildar um það,“ segir Geir Gestsson, lögmaður þeirra Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall, sem fengu nýlega tilkynningu um að mál þeirra fengi skoðun af yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu. Um er að ræða fyrsta íslenska málið sem fer fyrir yfirdeildina.

Í málinu reynir meðal annars á ákvæði sáttmálans um réttláta málsmeðferð. Gestur og Ragnar voru á sínum tíma sakfelldir í héraði og dæmdir til refsingar án þess að njóta neinna þeirra réttinda sem 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, MSE, kveður á um; þar á meðal rétt til fullnægjandi málsvarnar; rétt til að hafa verjanda, rétt til að fá upplýsingar um að þeir séu bornir sökum, rétt til að leiða vitni, o.s.frv. Þeir bera fyrir sig að það brjóti í bága við 6. gr. sáttmálans að málsmeðferð í sakamáli hefjist með sakfellingardómi héraðsdóms. Það sé réttur sérhvers manns að teljast saklaus uns sekt er sönnuð og það samræmist ekki sáttmálanum að menn þurfi í raun að afsanna sekt sína með áfrýjun.

Forsaga málsins er sú að Gestur og Ragnar voru verjendur tveggja sakborninga í Al Thani-málinu. Þeir sögðu sig frá málinu, í mótmælaskyni, þar sem þeir töldu sig ekki fá sanngjarnan tíma til að kynna sér gögn ákæruvaldsins. Þegar dómur var kveðinn upp í máli sakborninganna lagði dómari réttarfarssekt á þá; eina milljón króna á hvorn um sig, án þess að gera þeim viðvart um að til skoðunar væri að sekta þá eða veita þeim nokkurn andmælarétt.

Að sögn Geirs var sektin það há að hún telst refsing í skilningi Mannréttindasáttmálans. Það skipti einnig máli að lagaákvæðið sem heimili sektina kveði ekki á um neitt hámark sektar. Við slíkar aðstæður sé afar brýnt að menn njóti andmælaréttar áður en sekt er lögð á. Sektin hafi verið tífalt hærri en hæsta réttarfarssektin sem lögð hafði verið á fyrir þann tíma, 100.000 krónur.

Geir segir að þar sem sektin teljist refsing í skilningi sáttmálans eigi þeir sem hún leggst á að njóta réttinda sakaðra manna eins og bæði stjórnarskrá og MSE kveða á um, eins og í hverju öðru refsimáli.

„Það getur ekki gengið upp í réttarríki að menn frétti bara af því í pósti að þeir hafi verið sakfelldir í dómsmáli og dæmdir til refsingar,“ segir Geir.

Gestur og Ragnar fengu áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og var málið flutt þar. Hæstiréttur klofnaði í málinu og meirihlutinn staðfesti álagningu sektarinnar, með þeim rökum að það væri nægjanlegt að sakborningar nytu mannréttinda á áfrýjunarstigi. Í dómi Hæstaréttar kom meðal annars fram að sakborningar hefðu rétt til að kalla vitni fyrir dómstólinn, rétt eins og í héraði. Þessu voru Gestur og Ragnar ósammála og vísuðu málinu til MDE, meðal annars á þeim forsendum að það hafði aldrei átt sér stað í íslenskri réttarsögu að aðili sakamáls hefði leitt vitni fyrir Hæstarétt Íslands.

Í forsendum dóms undirdeildar í Strassborg var vísað til dóms Hæstaréttar í málinu og greiningar sem þar kemur fram um íslenskan rétt þess efnis að aðilar í sakamálum hafi heimild til að leiða vitni í Hæstarétti. Undirdeildin vísaði til nálægðarreglunnar og sagði að dómurinn gæti ekki endurskoðað fortakslausar staðhæfingar Hæstaréttar um íslenskan rétt. Með vísan til þess var íslenska ríkið sýknað.

„Þessar staðhæfingar um möguleika sakborninga á vitnaleiðslum fyrir Hæstarétti eru að mínu viti rangar og á því var byggt í beiðni okkar um endurskoðun Efri deildar,“ segir Geir. Þetta hafi verið staðfest í skýrslum sem unnar voru fyrir íslensk stjórnvöld um stofnun millidómstigs. Þar var því lýst að sakborningar ættu engan rétt á því að leiða vitni fyrir Hæstarétt og að réttindin væru „tálsýn“.

„Við byggjum meðal annars á þessum skýrslum enda eru þær í mótsögn við það sem undirréttur MDE byggði niðurstöðu sína á,“ segir Geir.

Hann telur þrjár meginástæður vera fyrir því að málið komst í gegnum nálaraugað og fái meðferð hjá efri deild, fyrst íslenskra mála.

Í fyrsta lagi brjóti það mögulega gegn réttindum sakborninga að þeir njóti einungis mannréttinda á áfrýjunarstigi, en ekki í héraði.

Í öðru lagi, að verulegur vafi sé um að sakborningar hafi notið mannréttinda á áfrýjunarstigi, með tilliti til vitnaleiðslna. Réttindi sakborninga samkvæmt sáttmálanum verði að vera raunhæf og virk, en engin dæmi séu um að sakborningar leiði vitni fyrir Hæstarétt í íslenskri réttarsögu.

Í þriðja lagi samrýmist það ekki reglunni um að menn teljist saklausir uns sekt er sönnuð, að sakamál hefjist með sakfellingardómi. Menn séu þá settir í þá stöðu að þurfa að afsanna málsatvikalýsingu og röksemdafærslu héraðsdóms fyrir sakfellingu. Það séu grundvallarmannréttindi sakborninga að sönnunarbyrðin sé ákæruvaldsins.

Geir segist meta það svo að yfirdeild Mannréttindadómstólsins sjái það fyrir sér að málið kunni að hafa þýðingu fyrir vernd mannréttinda sakborninga víða í Evrópu.

Málið verður munnlega flutt í Strassborg 9. október næstkomandi. Málsaðilar fái hvor um sig hálftíma til að flytja mál sitt og 10 til 15 mínútur í seinni ræðu.

adalheidur@frettabladid.is



Eiríkur Jónsson lagaprófessor. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Tjáningarfrelsið á leið í rétta átt

„Dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur haft mikil áhrif á hérlenda dómaframkvæmd á þeim sviðum þar sem reynir á mörk tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs,“ segir Eiríkur Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands. Hann segir íslenska dómstóla hafa leitast við að laga sig að viðmiðum MDE þótt það gangi að nokkru leyti hægt eins og áfellisdómar á síðustu árum beri með sér. Hann bendir á að í þremur af síðustu fjórum dómum þar sem reynt hefur á mat íslenskra dómstóla á mörkum friðhelgi einkalífs og tjáningarfrelsis, hafi niðurstaða dómstólsins verið sú að ekki hafi verið brotið gegn sáttmálanum.

„Við erum því hægfara á leið í rétta átt en ég tel að við gætum flýtt þeirri ferð nokkuð með lagabreytingum, svo sem með samþykkt á því lagafrumvarpi um bætur vegna ærumeiðinga sem dómsmálaráðherra lagði nýverið fram á Alþingi,“ segir Eiríkur. Hann segir frumvarpið hafa það markmið að færa lagaskilyrðin til samræmis við viðmið mannréttindadómstólsins og á þann hátt tryggja mun betur en núgildandi löggjöf að málatilbúnaður aðila og niðurstöður dómstóla taki mið af þeim.

### Mál frá Íslandi hjá MDE 1959 - 2018

| | |
|---|---|
| Málum vísað til MDE | 270 |
| MDE vísar máli frá/fellir niður | 216 |
| Dæmd mál hjá MDE | 26 |
| Dómur um brot gegn sáttmálanum | 18 |
| Ekki brot gegn sáttmálanum | 5 |
| Dómsátt eða niðurfelling | 3 |
| **Samtals** | **242** |



Verjendurnir greina fjölmiðlum frá því að þeir hafi sagt sig frá Al Thani-málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Gildi dóma MDE á Íslandi

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu hafa fengið misjafnar móttökur hjá Hæstarétti gegnum árin. Fyrsta málið sem kom frá Strassborg árið 1989 varð til þess að gera þurfti víðtækar breytingar á fyrirkomulagi ákæruvalds og héraðsdómstóla í landinu. Í kjölfar máls Jóns Kristjánssonar varð nokkur viðsnúningur í viðhorfum Hæstaréttar til alþjóðlegra mannréttindasamninga og fór Hæstiréttur nú að byggja dóma á því meðal annars að íslenska ríkið væri skuldbundið að þjóðarétti til að lúta ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu, eins og þau hafi verið skýrð af Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstól Evrópu.

Nokkur tímamót urðu upp úr aldamótum þegar dómfelldur maður í sakamáli vann mál sitt í Strassborg. Í kjölfar dómsins féllst Hæstiréttur á endurupptökubeiðni hans og var hann að lokum sýknaður.

Í síðustu viku kvað hins vegar við annan tón í Hæstarétti og var nýlegur áfellisdómur MDE ekki talinn fullgild forsenda endurupptöku máls lengur.

Lögmenn segjast hugsi yfir stefnuleysi Hæstaréttar sem verður að teljast óheppilegt á þeim örlagatímum sem nú standa yfir í sambandi Íslands við þennan helsta útvörð mannréttindaverndar í Evrópu.

> **Það getur ekki gengið upp í réttarríki að menn frétti bara af því í pósti að þeir hafi verið sakfelldir í dómsmáli og dæmdir til refsingar.**
>
> Geir Gestsson, lögmaður Gests Jónssonar og Ragnars H. Hall



### Dómar um brot Íslands gegn einstaka ákvæðum frá 1959 til 2018

**Frelsi og mannhelgi**
**Fjöldi mála:** 1
- Kærandi var ítrekað handtekinn og látin gista fangageymslur vegna drykkjuláta. MDE taldi að brotið hefði verið gegn 5. gr. MSE um frelsi og mannhelgi. Í málinu var tekist á um heimildir lögreglu til að frelsissvipta fólk án dómsúrskurðar. Ríkið hélt því fram að verklagsreglur fyrir lögreglu hefðu verið í gildi en í niðurstöðu MDE kemur fram að þær reglur hefðu hvorki verið auglýstar né birtar opinberlega en heimildir til að skerða frelsi fólks þurfi að vera skýrar og aðgengilegar.

**Friðhelgi einkalífs**
**Fjöldi mála:** 1
- Ísland var talið hafa brotið gegn 8. gr. MSE um friðhelgi einkalífs í máli Egils Einarssonar sem tapaði meiðyrðamáli í Hæstarétti fyrir manni sem viðhafði opinberlega um hann orðin: „Fuck you rapist bastard.“

**Félagafrelsi**
**Fjöldi mála:** 2
- Leigubílstjóri var sviptur starfsleyfinu eftir að hann hætti að greiða félagsgjöld til leigubílstjórafélagsins Frama. Í dóminum segir að skyldubundin aðild leigubílstjóra að félaginu hafi verið ætlað að vernda réttindi annarra bílstjóra. Að mati dómsins er skylduaðildin ekki talin nægilega nauðsynleg til að réttlæta slíka skerðingu félagafrelsisins.

**Réttlát málsmeðferð**
**Fjöldi mála:** 4
- Maður var sýknaður í héraði af alvarlegri líkamsárás í héraði en dóminum snúið við í Hæstarétti sem sakfelldi manninn á grundvelli sönnunargagna og vitna sem þó voru aðeins leidd fyrir héraðsdóm en ekki fyrir Hæstarétt. MDE taldi manninn ekki hafa fengið réttláta málsmeðferð og taldi ríkið hafa brotið 6. gr. samningsins. Mál mannsins var í kjölfarið endurupptekið á Íslandi og maðurinn sýknaður. Auk réttar til að leiða vitni og leggja fram sönnunargögn á áfrýjunarstigi hafa áfellisdómar MDE varðað vanhæfi dómara og skipun dómara. Íslenska ríkið hefur líka verið sýknað í málum um réttláta málsmeðferð, þar á meðal í máli Geirs H. Haarde vegna Landsdóms.

**Tjáningarfrelsi**
**Fjöldi mála:** 7
- Þorgeir Þorgeirson var dæmdur fyrir meiðyrði gegn opinberum starfsmanni vegna tveggja frétta um harðræði lögreglu. Lagt var hart að Þorgeiri að veita upplýsingar um heimildarmann sinn. Niðurstaða MDE var að brotið hefði verið gegn 10. gr. MSE. (1992) Sex aðrir áfellisdómar hafa fallið gegn ríkinu vegna tjáningarfrelsis. Flestir gegn blaðamönnum sem dæmdir hafa verið af íslenskum dómstólum fyrir meiðyrði.

**Sakfellt tvisvar fyrir sama brot**
**Fjöldi mála:** 1
- Þrír áfellisdómar hafa fallið gegn ríkinu á undanförnum misserum vegna sakfellinga manna í skattamálum sem höfðu verið beittir refsiviðurlögum fyrir að standa ekki rétt að framtali til skatts. Ríkisstjórnin hefur skipað starfshóp til að gera tillögur að úrbótum vegna dómanna. Hæstiréttur neitar hins vegar að rétta hlut þeirra með endurupptöku.






# ER YFIRMAÐURINN ÞINN AÐ LÆKKA LAUNIN ÞÍN EÐA TAKA AF ÞÉR BÓNUSA?

Við höfum skrifað undir nýja kjarasamninga til að hækka launin þín.
Ef yfirmaðurinn þinn er að taka af þér bónusa eða lækka kaupið þitt,
þá viljum við vita af því.

Hafðu samband við svindl@efling.is

EFLING
STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag • Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík • Sími 510 7500

# GARÐHÚSGÖGNIN
# ERU KOMIN Í HÖLLINA

## CLIPS

Stöðugur og vandaður garðstóll þótt hann sé léttur og einfaldur. Honum er auðvelt að stafla. Stóllinn og armarnir eru úr dufthúðuðu áli en sætið úr plasti sem það dúar ögn/gefur eftir en er þó sterkt og endingargott. Nokkrir litir.

**13.993 kr.** ~~19.990 kr.~~





**GARÐHÚSGÖGN**
**30%**
**AFSLÁTTUR**

## SKETCH

Garðborð með bambus í borðplötu og málmi í grind og fótum.
160 x 88 x 75 cm

**48.379 kr.** ~~59.990 kr.~~



## CLICK

Fallegur ruggustóll frá danska fyrirtækinu HOUE. Stóllinn er úr plastblöndu, húðuðu áli og bambus sem er ein sterkasta viðartegundin. Stóllinn styður sérlega vel við bakið í öllum setstöðum en gefur þó vel eftir svo hann er mjúkur og þægilegur.

**27.993kr.** ~~39.990 kr.~~

## CLICK

Sólbekkur frá HOUE úr plastblöndu, húðuðu áli og bambus. Styður mjög vel við bakið í öllum setstöðum en gefur eftir svo hann er mjúkur og þægilegur. Fæst hallanlegur (tvær stöður) og stillanlegur (nokkrar stöður, stjórnað með armi).



**31.493 kr.** ~~44.990 kr.~~




**30%**
**AFSLÁTTUR**

## LEVI

La-z-boy hægindastóll.
Grátt eða svart áklæði.
Stærð: 85 × 92 × 106 cm

**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~



LA Z BOY

## JAY

La-z-boy hægindastóll.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 97 × 94 × 107 cm

**30%**
**AFSLÁTTUR**

**76.993 kr.** ~~109.990 kr.~~



LA Z BOY

## LEVI

La-z-Boy stóll. Svart leður.
Stærð: 85 x 92 x 105 cm

**30%**
**AFSLÁTTUR**

**118.993 kr.** ~~169.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 26. maí eða á meðan birgðir endast.*

# MAGNAÐUR MAÍ
# Í HÖLLINNI




## RIA
Nettir og einstaklega þægilegir 2ja og 3ja sæta sófar. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða slitsterkt áklæði í gráu eða dökkgráu.

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## TUB
Hægindastóll.
Svart leður/split-leður.
**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~



**30%** AFSLÁTTUR

## KENYA
Hægindastóll. Holly grænt, dökkgrátt eða súkkulaðibrúnt áklæði.
**34.993 kr.** ~~49.990 kr.~~



**20%** AFSLÁTTUR

## SPAN
Hægindastóll. Svört grind og ljósgrátt slitsterkt áklæði.
**87.992 kr.** ~~109.990 kr.~~

## ANDROS
Glæsilegur þriggja sæta sófi úr þykku dökkbláu eða gráu sléttflaueli. Sófinn er bólstraður með samlita hnappa í baki og örmum og gyllta hnappa að framan. Sófinn er með ljósa viðarfætur. Stærð: 216 x 84 x 77 cm

**179.990 kr.**



**KOMINN AFTUR**



**35%** AFSLÁTTUR

## CALAIS
Hægindastóll með skemli. Dökkbrúnt eða blátt áklæði
**64.935 kr.** ~~99.990 kr.~~






## BRISTOL
Hægindastóll. Blátt eða grátt sléttflauel. Ljósir fætur og armar.
**69.990 kr.**



Hægindastóll. Svart leður og svört viðargrind, fætur og armar.
**109.990 kr.**

NÝR VEFBÆKLINGUR Á
**www.husgagnahollin.is**
SPENNANDI TILBOÐ OG NÝJAR VÖRUR

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

# Loks tilfinningar



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hefur tilkynnt afsögn. Hún mun þó sitja þar til í sumar þegar nýr leiðtogi Íhaldsflokksins verður valinn.

May hélt stutta ræðu í Downing-stræti við tilefnið, og felldi tár. Segja má að þar hafi hún látið skína í tilfinningar í fyrsta skipti í embættistíð sinni, en hún hefur legið undir ámæli fyrir vélræna framkomu. Kannski hefði hún mátt sýna þessa hlið oftar í embættistíð sinni.

Líklegt er að May verði minnst sem einhvers versta forsætisráðherra í sögu Bretlands. Eftir hana liggur í raun sáralítið áþreifanlegt, annað en ítrekaðar tilraunir til að fá Brexit-samning sinn samþykktan í þinginu. Í þrígang var hann felldur, og þegar hún ætlaði að reyna í enn eitt skiptið var henni endanlega sparkað úr embætti.

Saga May er kannski staðfesting á því að stjórnmálamenn þurfa að hafa eitthvað meira til brunns að bera en klækina eina saman. Samnemendur hennar úr háskóla segja að strax þá hafi hún verið ákveðin í að verða forsætisráðherra. Hátterni hennar síðar bendir líka til þess. Hún var tryggur flokkshestur Íhaldsflokksins og forðaðist að taka afstöðu í umdeildum málum.

Í aðdraganda Brexit-atkvæðagreiðslunnar tók May enga afstöðu fyrr en á lokametrunum. Hún vildi engan styggja ef ske kynni að hún ætti möguleika á forsætisráðherraembættinu að kosningu lokinni. Sú varð raunin. May las stöðuna rétt en gallinn var sá að þegar í Downing-stræti var komið reyndist hún algerlega erindislaus. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra til lengri tíma.

> **Kannski hefði hún mátt sýna þessa hlið oftar í embættistíð sinni.**

Því er þó ekki hægt að neita að May hefur reynst þrjóskari en karlinn í neðra. Hún gafst ekki upp á því að reyna að koma samningi sínum gegnum þingið. Þar hafði hún sennilega á réttu að standa. Útganga án samnings væri versta mögulega niðurstaðan fyrir Breta, og samningur May hefði allavega komið í veg fyrir það.

Hvert skal haldið nú? Boris Johnson þykir líklegastur til að hreppa embættið, en fyrst þarf hann að komast gegnum valferli Íhaldsflokksins. Þar hafa oft óvæntir hlutir gerst. Þingmenn, sem velja leiðtogann, eru ekki jafn hrifnir af Johnson og hinn almenni kjósandi. Johnson er vissulega stærri persónuleiki en May, en er að sama skapi enn meiri tækifærissinni. Í aðdraganda Brexit las hann stöðuna svo að hagsmunum hans væri best borgið með því að styðja útgöngu.

Ekki er gott að segja hver líklegasta niðurstaðan er. Nýr forsætisráðherra mun þurfa að vinna með þinginu en þar hefur allt stoppað hingað til. Möguleikarnir eru þrír: samningur um útgöngu, önnur atkvæðagreiðsla eða útganga án samnings.

Við skulum vona fyrir hönd Breta að Johnson, eða hver sem tekur við, muni ekki leiða þá samningslausa úr sambandinu.




**Til sölu**

**MERCEDES-BENZ E 350E AVANTGARDE**

Nýskráður 8/2017, ekinn aðeins 6.000 km

Eldsneyti: bensín/rafmagn

Hlaðinn aukabúnaði

Sérlega glæsilegt eintak.

**Nánari upplýsingar veitir Bílalíf, s: 562 1717, erlingur@bilalif.is**

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Traðkað á hunangsflugum

Einu sinni var strákur sem hét Robert. Hann var úti að leika sér einn daginn þegar hann sá hunangsflugu liggja á malarvegi. Eitthvað hlaut að vera að. Hunangsflugur voru ekki vanar að hanga á malarvegum sér til afslöppunar. Robert kraup við hlið flugunnar. Hún var á lífi. Hún hreyfði vængina varlega, eins og hún væri að kanna hvort þeir virkuðu. Hún reyndi að skríða áfram en færðist varla úr stað. Robert vissi sem var. Hunangsflugan átti ekki langt eftir ólifað.

Robert leit til himins. Dökk ský hrönnuðust upp. Loftið var rakt. Það var alveg að fara að rigna. Robert ákvað að taka til sinna ráða. Hann tíndi steina og hlóð grjótvegg í kringum hunangsfluguna og reisti þak úr laufum til að vernda hana gegn yfirvofandi veðraskiptum. Því næst hélt Robert heim á leið.

Þar sem Robert sat við eldhúsgluggann og horfði á dropana seytla niður glerið tók hann ákvörðun. Hann ætlaði ekki að segja neinum frá býflugunni og skýlinu. Því Robert vissi sem var. Hann vissi hvernig heimurinn virkaði. Hann var strákur. Hann átti ekki að bjarga býflugum. Hann átti að trampa á þeim.

### Ekki gráta

Robert Webb er breskur leikari, grínisti og rithöfundur. Í bók sinni Hvernig á ekki að vera strákur (How not to be a boy) rekur Webb ævi sína og lýsir því hvernig þær leikreglur sem drengjum eru settar á uppvaxtarárunum höfðu neikvæð áhrif á líf hans langt fram eftir aldri – reglur á borð við:

- Ekki gráta
- Ekki tala um tilfinningar
- Vertu leiðinlegur við stelpur
- Taktu þátt í slagsmálum
- Traðkaðu á hunangsflugum

### Lítið mót

Ég heimsæki stundum grunnskóla í Bretlandi, þar sem ég bý, til að spjalla við krakka um bækur og kynjajafnrétti. Ég hef gjarnan umrædda bók Roberts Webb með í för og segi krökkunum söguna af Robert og hunangsflugunni.

Undanfarin misseri hafa vestræn samfélög verið dugleg við að rífa niður staðalhugmyndir og koma þeim skilaboðum á framfæri að fólk er alls konar. Einn hópur virðist þó hafa orðið út undan.

Í síðustu viku var ég stödd í skóla í Skotlandi. Ég hafði ferðast alla leiðina frá London til að kynna nýjustu bókina mína. Það fór hins vegar ekki betur en svo að í öllum skólum sem ég heimsótti var um fátt annað talað en bók Roberts Webb og þá merkilegu staðreynd að strákar þyrftu ekki að traðka á hunangsflugum ef þeir kærðu sig ekki um það. Svo upprifnir urðu sumir strákanna yfir sögunni um Robert og fluguna að ég endaði með að skilja bókina eftir í einum skólanna.

Strákar hafa, rétt eins og stelpur, verið fórnarlömb staðalhugmynda samfélagsins. Harðjaxla-ímyndin hefur verið mörgum karlmanninum fjötur um fót. „Mótið sem karlmenn eiga að passa í er lítið,“ skrifaði Matt Haig, annar breskur rithöfundur, á Twitter nýverið. „Þeir eiga að hafa áhuga á fótbolta, ofbeldisfullum tölvuleikjum og halda kjafti um tilfinningar sínar. Þeir eiga að stríða hver öðrum, horfa á stríðsmyndir og hlutgera konur.“

### Boltar, risaeðlur og …

Sonur minn á afmæli í dag. Hann er þriggja ára. Hann elskar bolta, risaeðlur og … einhyrninga.

Í tilefni dagsins ætla ég að kaupa nýtt eintak af bók Roberts Webb og segja honum ævintýrið um Robert og hunangsfluguna fyrir háttinn. Því við megum ekki gleyma að segja drengjunum okkar að þeir megi líka vera alls konar.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# SUMARTILBOÐ!

## BRIMBORGAR

GEGGJUÐ TILBOÐ!

OPIÐ Í DAG KL. 12-16



### VOLVO V40 CROSS COUNTRY

**D2 Momentum Edition**

**120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur**

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.

**Sumartilboð: 4.390.000 kr.**

-848.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN!



### MAZDA2 NISEKO

**1.5 bensín, 90 hö, sjálfskiptur**

Mazda2 er lipur í akstri hvort sem það er í borg eða úti á þjóðveginum. Hann sameinar kraft, lipurð, sparneytni og áreiðanleika. Niseko útfærslan er búin álfelgum, 7" snertiskjá, hita í sætum og snjallhemlun sem bregst sjálfkrafa við ef þörf er á.

Verðlistaverð með málmlit: 2.690.000 kr.

**Sumartilboð: 2.490.000 kr.**

-200.000 KR.



### FORD KA+ ULTIMATE SPORT

**1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur**

Útvarp og geislaspilari með 4,2" litaskjá, SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), USB tengi og AppLink, 4 hátalarar, stillingar fyrir útvarp í stýri, My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), 2 stk. ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ESC með brekkuaðstoð, hraðatakmarkari, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, aksturstölva, loftkæling, hæðarstillanlegt ökumannssæti, tvískipt aftursæti (40/60), ofnæmisprófuð efni í innréttingu, upphitanleg framsæti.

Verð með málmlit: 2.055.000 kr.

**Sumartilboð: 1.690.000 kr.**

-365.000 KR.



### CITROËN C3 AIRCROSS SHINE SUV

**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Ferskir straumar einkenna Citroën C3 Aircross. Útlit hans er kröftugt og hvert smáatriði úthugsað. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Grip Control spólvörnin hefur 5 stillingar fyrir mismunandi erfiðar aðstæður. Lyklalaust aðgengi og bakkmyndavél setja punktana yfir e-ið.

Verðlistaverð með aukabúnaði 4.340.000 kr.

**Sumartilboð: 3.990.000 kr.**

-350.000 KR.



### PEUGEOT 2008 ALLURE

**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.

**Sumartilboð: 3.390.000 kr.**

-260.000 KR.



*Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!*

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**brimborg.is**

# Kjölfesta í 90 ár



**Bjarni Benediktsson**
formaður Sjálfstæðisflokksins



Hinn 25. maí 1929 ákváðu þingmenn Frjálslynda flokksins og Íhaldsflokksins að sameina krafta sína í nýjum flokki: Sjálfstæðisflokknum. Stefnumál hans skyldu annars vegar vera fullt sjálfstæði landsins, og hins vegar að vinna í innanlandsmálum að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.

Fyrra stefnumálið gekk eftir 15 árum síðar og það síðara hefur verið kjarni stefnu Sjálfstæðisflokksins í 90 ár.

Með því að standa trúr við grunnstefin sem slegin voru fyrir 90 árum hefur flokkurinn verið brimbrjótur í sókn fámennrar þjóðar úr fátækt til velmegunar. Oft hefur gefið á bátinn. Aukið einstaklings- og atvinnufrelsi fékkst ekki án átaka. Að koma þjóð úr höftum var barátta. Að berjast gegn afturhaldsöflum kallar á pólitískan kjark. Forystufólk Sjálfstæðisflokksins hefur skilið hve mikilvægt það er fyrir okkur Íslendinga að hræðast ekki opin og gagnkvæm samskipti við aðrar þjóðir – skilið betur en aðrir hve mikilvægt það er að nýta fullveldið til að eiga alþjóðlegt samstarf, hvort heldur er í öryggis- og varnarmálum, í frjálsum viðskiptum, eða á sviði lista og menningar. Sjálfstæðisflokkurinn hræðist ekki fullveldið heldur vill nýta það til heilla fyrir land og þjóð.

Tilvera flokksins byggist á því að rækta sambandið við almenning og eiga við hann erindi. Til þess þarf að slípa og móta hugmyndir í takt við nýja tíma og áskoranir – skapa sýn til framtíðar. Það getur aldrei verið sjálfstætt markmið fyrir stjórnmálaflokk að lifa af í umróti samtímans. Stjórnmálaflokkur sem hefur engan annan tilgang verður aldrei hreyfiafl breytinga – verður aldrei kjölfesta sem öll samfélög þurfa á að halda. Stjórnmálaflokkur sem er á flótta undan samtíðinni, hræðist breytingar, forðast nýja hugsun og hleypur undan áskorunum framtíðarinnar, mun visna upp. Slíkur stjórnmálaflokkur hefur Sjálfstæðisflokkurinn aldrei verið. Þvert á móti.

### Alþjóðlega sinnaður framfaraflokkur

Markmiðið í upphafi var að Íslendingar yrðu þjóð meðal þjóða. Alþjóðaviðskipti og alþjóðleg samvinna hefur verið og verður einn af hornsteinum sjálfstæðisstefnunnar. Þannig hefur Sjálfstæðisflokkurinn rutt brautina fyrir það alþjóðasamstarf sem skipt hefur þjóðina hvað mestu. Ólafur Thors var forsætis- og utanríkisráðherra þegar Ísland sótti um aðild að Sameinuðu þjóðunum, Bjarni Benediktsson var utanríkisráðherra þegar Ísland gekk í NATO og forsætisráðherra þegar við gerðumst aðilar að EFTA. Davíð Oddsson var forsætisráðherra þegar samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var gerður. Afstaða okkar sjálfstæðismanna til alþjóðlegrar samvinnu hefur alltaf verið skýr og einörð. Við höfum staðið vörð um fullveldið og nýtt þá möguleika sem sjálfstæðið gefur okkur í alþjóðlegu samstarfi.

### Frelsi og stöðugleiki

Sjálfstæðisflokkurinn hefur átt aðild að miklum meirihluta þeirra ríkisstjórna sem myndaðar hafa verið frá stofnun hans. Þannig hefur hann tekið þátt í að skapa skilyrði fyrir samfélag sem á ótrúlega skömmum tíma fór frá því að vera eitt það fátækasta í Evrópu til þess að vera með þeim auðugustu. Rótgróin trú sjálfstæðismanna á að sterkt atvinnulíf væri allra hagur hefur leikið lykilhlutverk á þeirri framfarabraut. Að aðeins þannig sé unnt að standa undir fyrirheitum um að gefa öllum tækifæri til menntunar, aðgang að heilbrigðiskerfi óháð efnahag og sterkt öryggisnet almannatrygginga fyrir þá sem þurfa á því að halda.

Saga Sjálfstæðisflokksins er samofin atvinnusögu Íslands. Frelsisskrefin hafa verið mörg, sum lítil og önnur stór. Frá því flokkurinn tók aftur sæti við ríkisstjórnarborðið, árið 2013, hefur endurreisn efnahagsmálanna og afnám fjármagnshafta verið í forgangi, samhliða átaki í velferðarmálum. Ríkissjóður hefur verið rekinn með verulegum afgangi undanfarin ár og skuldir greiddar niður. Ábyrg ríkisfjármál eru undirstaða stöðugleika og veita þjóðarbúinu viðnámsþrótt þegar dregur úr vexti, eins og nýjar hagspár boða. Með samstilltum aðgerðum hefur skuldastaða heimilanna gjörbreyst – skuldir lækkað og eigið fé aukist. Skattar hafa verið lækkaðir og tollar og vörugjöld afnumin af flestum vöruflokkum. Launafólk hefur meira á milli handanna. Fram á við er mest um vert að tryggja stöðugleika, frið á vinnumarkaði, súrefni fyrir atvinnulífið og samkeppnishæfni landsins, sem ekki snýst einungis um fyrirtæki heldur líka að fólk velji áfram að búa hér og starfa.

Hugsjón okkar er í eðli sínu einföld, byggð á frelsi einstaklingsins og mannhelgi hans. Við erum þess fullviss að þjóðfélagi verði „ekki stjórnað með oflæti eða orðaskaki," eins og Bjarni Benediktsson, (eldri) minnti á í áramótagrein í Morgunblaðinu 1965:

„Oft er sagt, og vissulega með réttu, að veðurfar, gróður og fiskigöngur séu ekki að þakka ríkisstjórn. Gamalkunnugt er, að jafnt rignir á réttláta sem rangláta. En ríkisstjórn ræður því, hvernig hún bregst við atburðunum. Treystir hún eingöngu á forsjá sína og bannar þegnunum að bjarga sér eftir því, sem þeirra eigin vit og þroski segir til um? Eða treystir hún fyrst og fremst á frumkvæði, manndóm og dug borgaranna og telur skyldu sína að greiða fyrir framkvæmdum þeirra, en leggur ekki á þær hömlur og hindranir?"





**Ný framboð koma og fara líkt og dægurflugur. Flokkar eru stofnaðir um eitt mál eða sérhagsmuni ákveðins hóps. Í slíku umróti skiptir miklu að þeir flokkar sem eiga djúpar rætur í sögu þjóðar og breiðan hóp fylgismanna standi í fæturna**

### Breytt pólitískt landslag

Hið pólitíska landslag hefur breyst mikið á 90 árum, en sennilega hafa breytingarnar orðið hvað mestar á undanförnum áratug. Ný framboð koma og fara líkt og dægurflugur. Flokkar eru stofnaðir um eitt mál eða sérhagsmuni ákveðins hóps. Í slíku umróti skiptir miklu að þeir flokkar sem eiga djúpar rætur í sögu þjóðar og breiðan hóp fylgismanna standi í fæturna, en feykist ekki undan í örvæntingarfullri leit að vinsældum.

Sjálfstæðisflokkurinn er ein stærsta fjöldahreyfing landsins. Á landsfundum koma saman fulltrúar allra sjálfstæðisfélaganna, takast á um málefnin, oft duglega, og komast að niðurstöðu sem flestir geta sætt sig við. Þetta hefur verið aðalsmerki okkar sjálfstæðismanna, að geta tekist á um stefnumálin. Styrkurinn felst í því að virða niðurstöðu meirihlutans og standa þétt saman í baráttunni. Við, kjörnir fulltrúar flokksins, sækjum mikinn kraft og stuðning í almenna flokksmenn sem hafa ítrekað sýnt að þegar á þarf að halda stendur þeim enginn á sporði. Það er markmið okkar sjálfstæðismanna að þótt flokkurinn eldist gangi hann stöðugt í endurnýjun lífdaga. Við treystum ungu fólki til trúnaðarstarfa og teljum mikilvægt að fulltrúar flokksins endurspegli breitt bakland og fjölbreytileika. Þannig höfum við lagt áherslu á að jafna hlut karla og kvenna í trúnaðarstöðum. Árangurinn á sveitarstjórnarstiginu er sérstaklega ánægjulegur, en alls sitja 57 konur í sveitarstjórnum fyrir Sjálfstæðisflokkinn, eða um helmingur allra fulltrúa okkar.

### Innblástur til góðra verka

Þrátt fyrir nýjar leiðir til samskipta og þá ótrúlegu möguleika sem tæknin býður upp á, er það bjargföst skoðun mín að ekkert komi í staðinn fyrir að geta sest niður með fólki og rætt málin, augliti til auglits. Til þess að geta átt slík samtöl um allt land ákvað þingflokkur Sjálfstæðisflokksins að fara í hringferð á afmælisárinu. Við lögðum upp í febrúar og á tveimur mánuðum komum við á yfir fimmtíu staði, hlustuðum á og töluðum við þúsundir einstaklinga um allt land. Þarna fundum við hvað brennur á fólki og tókum með okkur ýmis erindi til baka. Samgöngur, aðgengi að þjónustu, umhverfismál og atvinnumál voru alls staðar til umræðu og ekki síst ósk fólks um að fá að nýta hindranalaust það frumkvæði og kraft sem býr í því – hvort sem sá kraftur brýst fram í súkkulaðigerð á Vestfjörðum, sögusafni á Norðurlandi, hótelrekstri á Suðurlandi eða á læknastofu í Reykjavík. Þessi ferð hefur orðið okkur innblástur til góðra verka og verður endurtekin hið fyrsta.

### Fjölskylduhátíð við Valhöll

Í dag býður Sjálfstæðisflokkurinn til fjölskylduhátíðar milli klukkan 11 og 13 við Valhöll í Reykjavík. Þetta er fyrsti liður af mörgum í afmælisdagskránni sem mun setja svip sinn á þetta ár, en sjálfstæðisfélög um land allt standa einnig fyrir ýmsum viðburðum í dag. Upplýsingar um þá má finna á vef flokksins, xd.is.




ENNEMM / SÍA / NM93934

# Nýr Hyundai er engum öðrum líkur.

Nýju fjórhjóladrifsbílarnir frá Hyundai eru einstakir. Glæsileg ný hönnun, ríkulegur staðalbúnaður og framúrskarandi áreiðanleiki er það sem hefur skipað Hyundai í hóp vinsælustu bíla landsins.

Komdu og prófaðu nýjan Hyundai í dag. Salurinn er fullur af nýjum fjórhjóladrifnum bílum og sölumennirnir með fjölda freistandi tilboða við allra hæfi.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Stefnir á gullverðlaun í Texas

**Hilmar Örn Jónsson varð Austurdeildarmeistari í sleggjukasti og átti næstlengsta kastið á landsvísu aðeins nokkrum vikum eftir að hafa bætt ellefu ára gamalt Íslandsmet. Hann stefnir á gullið á lokamótinu.**

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Hilmar Örn Jónsson stóð uppi sem sigurvegari í Austurdeildinni í sleggjukasti á dögunum. Hann fer því fullur sjálfstrausts í lokamót ársins þar sem fremstu frjálsíþróttakappar í háskólum Bandaríkjanna mætast. Hilmar Örn er á lokaári sínu í University of Virginia og varði svæðismeistaratitil sinn þriðja árið í röð. Er hann sá fyrsti sem nær að vinna ACC-svæðismeistaratitilinn í sleggjukasti fjögur ár í röð.

Keppnina í Austurdeildinni vann Hilmar Örn með kasti upp á 72,17 metra. Fyrir tæpum mánuði bætti hann ellefu ára gamalt Íslandsmet Bergs Inga Péturssonar með því að kasta sleggjunni 75,26 metra.

„Þetta eru búnar að vera mjög góðar vikur,“ sagði Hilmar Örn þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í Virginíu í gær.

Hilmar er á lokaári sínu í háskólanum og lagði því allt í að komast eins langt og hægt væri áður en hann yfirgefur skólann.

„Ég lagði upp með að leggja allt til hliðar sem myndi trufla mig í að bæta mig, ég hef bara einbeitt mér að því að kasta og lyfta þess á milli. Þetta er lokaárið mitt og ég reyndi því að einbeita mér að því sem ég gæti gert og breytt til að taka framförum.“



Hilmar Örn keppti á HM í frjálsum íþróttum árið 2017. NORDICPHOTOS/GETTY

Hilmar fer fullur sjálfstrausts til Austin í Texas þar sem lokamótið fer fram.

„Ég var með næstlengsta kastið í mótinu á landsvísu um helgina. Það voru tvö mót um helgina. Ég kom inn í þriðja sætinu í Austurdeildinni en kastaði lengst. Það lofar góðu upp á framhaldið.“

Hilmar lenti í ellefta sæti í fyrra en sagðist aðspurður stefna á efsta sætið í ár. „Markmiðið er að ná í gullið en maður þarf að byrja á byrjuninni, æfa og kasta vel.“

Aðspurður segist Hilmar vera farinn að gera ráðstafanir vegna hitans sem verður í Texas á keppnisdegi.

„Það er orðið mjög heitt hérna í Virginia og við æfum í Flórída fyrir mót þannig að ég ætti að vera búinn að venjast hitanum ágætlega. Svo eru það bara þessi smáatriði, að finna góðan hatt og handklæði,“ sagði Hilmar léttur að lokum.

kristinnpall@frettabladid.is

## Jón Axel æfir með Utah Jazz

**KÖRFUBOLTI** Íslenski landsliðsbakvörðurinn Jón Axel Guðmundsson mun næstu daga æfa með Utah Jazz í aðdraganda nýliðavals NBA-deildarinnar sem fer fram 20. júní næstkomandi.

Grindvíkingurinn æfði á dögunum með Sacramento Kings er hann eltist við drauminn um að leika einn daginn í NBA-deildinni, þeirri sterkustu í heiminum.

Jón Axel á eitt ár eftir af námi sínu í Bandaríkjunum en ákvað að taka þátt í nýliðavalinu í ár eftir að hafa verið valinn besti leikmaður A-10 deildarinnar sem Davidson Wildcats liðið leikur í.




Jón Axel fór fyrir sóknarleik Davidson með 16,9 stig, 7,3 fráköst og 4,8 fráköst að meðaltali í leikjum vetrarins. – kpt

HORFÐU TIL FRAMTÍÐAR
MEÐ MAREL

Opið hús 27. maí 2019 kl. 15:00-17:00

15:00 Ásthildur Otharsdóttir, stjórnarformaður Marel, býður gesti velkomna
15:15 **Marel – frá sprota til leiðtoga á heimsvísu**
– Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel
– Linda Jónsdóttir, fjármálastjóri Marel
15:40 **Pallborðsumræður** “Vogarafl síðustu 40 ára til næstu 40 ára”
– Anna Kristín Pálsdóttir, stjórnandi í vöruþróun, stýrir umræðum
– Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Marel á Íslandi
– Jón Þór Ólafsson, verkfræðingur í vöruþróun og einn af stofnendum Marel
– Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis
– Skúli Sigurðsson, yfirmaður vörusviðs
16:10 **Kafaðu dýpra**
Leiðsögn um framleiðslustöð Marel í Garðabæ
Sýning á vöruþróunartækifærum með sýndarveruleika (Virtual Reality)
17:00 Dagskrá lokið

Skráning á: marel.is/tilframtidar

# Björgvin gæti fengið fimm leikja bann

**Björgvin Stefánsson, leikmaður KR, verður að öllum líkindum dæmdur í keppnisbann fyrir kynþáttaníð sem náðist á upptöku. Fái Björgvin hámarksrefsingu er hann kominn í frí út júnímánuð.**



Björgvin Stefánsson, leikmaður KR, sér eftir ummælunum sem gætu kostað hann júnímánuð frá keppni. Hann hefur verið funheitur í upphafi tímabilsins og skorað þrjú mörk í fyrstu fimm leikjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

**FÓTBOLTI** Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, vísaði máli Björgvins Stefánssonar, leikmanns KR, til aganefndar í gær. Taki aganefndin málið upp og dæmi Björgvin eftir 16. grein um aga og úrskurðarmál má búast við að Björgvin verði dæmdur í allt að fimm leikja bann. Björgvin hefur skorað þrjú mörk í fyrstu fimm leikjum KR en liðið situr í fjórða sæti.

Björgvin var að lýsa leik Hauka og Þróttar á Youtube-rás Hauka og þegar hiti komst í leikmenn sagði Björgvin eftir smá þögn í lýsingarklefanum: „Þetta er það sem ég er alltaf að segja. Það er svo stutt í villimannseðlið hjá svarta manninum.“ Sindri Hjartarson benti fyrst á ummælin á Twitter.

Björgvin sagði sjálfur á samfélagsmiðlinum að ummæli hans lýstu engan veginn afstöðu sinni í garð þeirra sem séu dökkir á hörund frekar en annarra minnihlutahópa. „Ég gerðist sekur um hrapallegt dómgreindarleysi og biðst innilegrar afsökunar á þessum heimskulegu ummælum mínum,“ skrifaði hann.

Klara segir í samtali við Fréttablaðið að hún hafi sent aga- og úrskurðarnefnd bréf þar sem hún reifi málið og vitni í 21. grein um aga- og úrskurðarmál þar sem framkvæmdastjóra sé heimilt að vísa atvikum til nefndarinnar sem skaðað geti ímynd knattspyrnunnar. „Ég vísaði framkomu umrædds leikmanns til nefndarinnar til skoðunar og óskaði eftir að hún tæki málið til skoðunar og ákveði hvort beita skuli viðurlögum. Það er nefndin sem ákveður það.“ Aga- og úrskurðarnefndin er óháð og hún ákveður hvort beita skuli viðurlögum.

Aganefndin hefur stundum með úrskurðum sínum komist á milli tannanna á knattspyrnuáhugamönnum og skemmst er að minnast þess þegar Þórarinn Ingi, leikmaður Stjörnunnar, fékk rautt spjald í Lengjubikarnum vegna ósæmilegra ummæla um geðsjúkdóma. Þá aðhafðist nefndin ekkert. „Þó að þetta mál sé alvarlegra en sum önnur sem við höfum tekið á þá er ferlið það sama og formsatriðin þau sömu. Nefndin fær þetta erindi og hún hefur samband við hlutaðeigandi sem getur komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Ég vona að þetta fari á næsta fund aga- og úrskurðarnefndar en tíminn er knappur,“ bendir Klara á.

Sá fyrsti sem var dæmdur í leikbann samkvæmt 16. greininni var Gylfi Örn Á. Öfjörð árið 2014 en þá var greinin ný af nálinni. Fékk hann fimm leikja bann fyrir kynþáttaníð og var félagið sektað um 100 þúsund krónur. Ári áður hafði knattspyrnudeild Keflavíkur verið sektuð um 30 þúsund krónur vegna kynþáttaníðs stuðningsmanns liðsins í garð Tonnys Mawejje en það hafði lengi verið hámarkssekt.

benediktboas@frettabladid.is

## Leikirnir sem Björgvin gæti misst af

| | |
|---|---|
| Sun. 2. 6. | KR - KA |
| Lau. 15. 6. | ÍA - KR |
| Mið. 19. 6. | KR - Valur |
| Sun. 23. 6. | FH - KR |
| Mán. 1. 7. | KR - Breiðablik |

**16. grein KSÍ um aga- og úrskurðarmál**
„Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli.“

**Guðni Bergsson, formaður KSÍ**
„Við viljum ekki sjá fordóma í fótboltanum frekar en í samfélaginu öllu. Fótbolti gengur út á samvinnu, liðsheild, gleði og virðingu. Við berjumst gegn fordómum með fræðslu og kærleik.“

**Knattspyrnudeild Hauka**
„Stjórn knattspyrnudeildar Hauka harmar mjög þessi ummæli Björgvins.“

**Knattspyrnudeild KR**
„Ummæli eins og um ræðir eiga ekki erindi í umræðu um íslenskan fótbolta frekar en annars staðar.“



## Er tískan að drepa okkur?

**Álfrún Pálsdóttir, kynningarstjóri Hönnunarmiðstöðvar, fór á Copenhagen Fashion ráðstefnuna þar sem fataframleiðendur, listamenn og stjórnmálamenn mættast og ræða þá staðreynd að tískuheimurinn er einn helsti mengunarvaldur í heiminum í dag.**

Það er staðreynd að tískuheimurinn er einn helsti mengunarvaldur í heiminum í dag og sá geiri sem hefur, hingað til, þurft að lúta hvað fæstum lögum og reglum í þessum efnum. Og núna erum við komin að ákveðnum þolmörkum og þurfum að bregðast hratt við ef ekki á illa að fara!

En hvar liggur ábyrgðin? Er hún hjá neytendum? Eða fataframleiðendum? Eða liggur ábyrgðin fyrst og fremst hjá stjórnvöldum að setja reglur sem allir eiga að fylgja?

Að mínu mati eru það allir ofangreindir.

- Við neytendur þurfum að endurskoða eigin neyslumunstur og gera kröfur til þeirra merkja sem við verslum við að þau stundi sjálfbæra og umhverfisvæna framleiðsluhætti. Við þurfum líka að hætta að líta á fatnað sem neysluvöru og að hann sé fjárfesting sem á að endast lengi. Það þarf líka að finna ódýrari lausnir svo allir hafi efni á og geti með auðveldum hætti nálgast fatnað sem er framleiddur með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti.
- Fataframleiðendur verða að taka sig taki, fjárfesta í sjálfbærum framleiðsluleiðum og upplýsa sína viðskiptavini. Eins og kom fram á ráðstefnunni þá mun það fyrirtæki sem fjárfestir ekki í sjálfbærni núna ekki vera á lífi eftir fimm ár.
- Ríki þurfa að setja tískuheiminum og fataframleiðendum skýrar reglur í þessum efnum.



Hvað má og hvað má ekki? Varðandi framleiðsluhætti, efnanotkun, merkingar og mögulega koma inn á framleiðslumagn, því það er einnig staðreynd að við erum að framleiða meira en við þurfum og alltof mikið af fatnaði endar í landfyllingum með tilheyrandi slæmum umhverfisáhrifum.

Tíska er frábær og á að vera leiðandi í baráttunni gegn steríótýpum og kynjamisrétti því í grunninn snýst hún um tjáningu og frelsi. Fjármálaráðherra Danmerkur hélt tölu á ráðstefnunni og sagði réttilega að upp á síðkastið hefðu margir gerst vegan til að sporna við mengun í matarframleiðslu, það er hins vegar ekki í boði að gerast núdistar, við eigum alltaf eftir að þurfa föt, það er staðreynd. Svo ég vitni nú í Mary, krónprinsessu Danmerkur sem er verndari verkefnisins og heiðursgestur ráðstefnunnar: „Fatakaup eru tilfinningaleg ákvörðun, ekki skynsamleg, en núna er nauðsynlegt að þetta tvennt fari saman."

Þó að framtíðarsýnin sé ekkert sérstaklega björt er hægt að líta á þetta sem tækifæri. Tækifæri fyrir til dæmis hönnuði að láta til sín taka – því eitt stærsta aflið sem við eigum til og enginn getur tekið frá okkur er sjálft hugverkið.



Daniel Herrman segir Weekday munu ganga enn lengra í stefnu sinni á næsta ári.



Úr nýrri línu Weekday, gallafatnaður merkisins er einna vinsælastur.

# Ungir viðskiptavinir þeir kröfuhörðustu

Fyrir árið 2030 stefna öll fyrirtæki í eigu H&M-samsteypunnar á að nota aðeins endurunnin eða sjálfbær hráefni og markmiðið fyrir árið 2040 er að með framleiðslu á fatnaði dragi fyrirtækið úr neikvæðum loftlagsáhrifum. Samsteypan er annar stærsti söluaðili fatnaðar í heiminum. Hún opnaði á síðasta ári H&M-verslanir hér á landi og hefur nú einnig opnað verslanir Cos, Monki og Weekday sem allar eru í eigu HM.

Í dag er hlutfall endurunninna og sjálfbærra hráefna í heildina aðeins 35% svo fyrirtækið er fremur skammt komið á vegferð sinni. Fatamerkið Weekday er hins vegar einna lengst komið og hefur að auki margvísleg sjálfstæð samfélagsleg markmið.

„Fyrirtæki þurfa að hegða sér eins og góðar manneskjur og ávinna sér virðingu fólks og viðskiptavina sinna," segir Daniel Herrman, framkvæmdastjóri Weekday. „Sjálfbærni skiptir öllu máli en einnig að huga að samfélagslegri ábyrgð í víðara samhengi, að því höfum við unnið. Það sem er rétt fyrir viðskiptavininn er líka rétt fyrir okkur og jörðina," segir hann og segir Weekday munu ganga enn lengra í stefnu sinni strax á næsta ári.

> Sjálfbærni og siðferði eru á meðal þess sem mun hafa áhrif á það hvernig tískuiðnaðurinn þróast á næstu árum, segir Daniel Herrman hjá Weekday.

Weekday starfar með ungu listafólki þar sem það starfrækir verslanir sínar. „Það er ekki hægt að segja ungu fólki hvað er í tísku, það verður að fá að hafa áhrif á það sjálft. Við viljum ekki boða sömu áherslur fyrir alla," segir Daniel sem segir unga viðskiptavini þá allra kröfuhörðustu. Það sé jákvætt og muni hafa góð áhrif á tískuiðnaðinn sem sé í hraðri þróun.

„Það er engin ein framtíð ljós, því það eru margar leiðir til þess að tengjast fólki. Við kjósum að tengjast fólki í gegnum listir og sköpun. Það eru þó vissir hlutir í þróun samfélagsins sem munu hafa mikil áhrif, tæknibreytingar, sjálfbærni og umhverfið en líka siðferði og réttlæti," segir Daniel.

kristjana@frettabladid.is



Daniel bendir á að það sé ekki nóg að huga að sjálfbærni og umhverfisáhrifum heldur þurfi líka að gæta að félagslegri ábyrgð og almennu siðferði.

D



# Til hamingju með daginn í dag!

**Í dag** fagnar Sjálfstæðisflokkurinn **90 ára afmæli**.
Við viljum bjóða þér og þínum að koma og eiga glaðan dag með okkur á **fjölskylduhátíð** sjálfstæðismanna við **Valhöll**, Háaleitisbraut 1, **í dag**, laugardag, **kl. 11–13**.

*Meðal annars verður boðið upp á glæsilegar afmælisveitingar, tvo hoppukastala, leikhópurinn Lotta skemmtir, Bjarni Benediktsson ávarpar hátíðina og Eyþór Arnalds tekur lagið.*

Á eftir verður haldið í Heimdallarreit í Heiðmörk og 90 tré gróðursett. — Allir velkomnir!



„Þegar ég kenni jóga þá segi ég stundum við nemendur mína að svo sannarlega komi það ekki í veg fyrir veikindi eða áföll en það sé verkfæri sem hjálpar.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fæ ég hann aftur?

Hvernig er að fylgja eiginmanni sínum í stóra skurðaðgerð og vaka yfir honum vikum saman? **Anna Margrét Sigurðardóttir** ræðir opinskátt um ýmsa fylgifiska stórra skurðaðgerða sem allir þyrftu að þekkja og vita um, álagið sem ástvinir verða fyrir og leiðir til að takast á við það.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Hjónin Anna Margrét Sigurðardóttir og eiginmaður hennar Arnar Freyr Halldórsson búa í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík, þau eiga þrjú börn á aldrinum 11 til 28 ára og eru dæmigerð íslensk kjarnafjölskylda. Anna Margrét starfar sem jógakennari og grafískur hönnuður og Arnar Freyr sem múrari.

„Við Addi erum búin að vera saman í 25 ár þannig að ég er búin að vera lengur með honum en ég hef verið ein. Við eigum Agnesi, sem er 28 ára gömul, svo eigum við Arnar Stein sem er 18 ára og Ara Óla sem er 11 ára gamall. Ég held að við séum bara þessi klassíska íslenska kjarnafjölskylda sem heldur að lífið muni alltaf ganga sinn vanagang.“

### Fór í aðgerð á hjarta 9 ára

Þau eru bæði vinnusöm, njóta velgengni og reka bæði sitt eigið fyrirtæki. Anna Margrét fer brátt til Ítalíu að taka á móti silfurverðlaunum í einni stærstu alþjóðlegu hönnunarsamkeppni í heimi fyrir hönnun sína á umbúðum fyrir Reykjavik Foods.

„Við höfum alltaf unnið mikið en höfum gaman af vinnunni, við njótum líka lífsins og höfum getað haft það ágætt þó að efnahagshrunið hafi reynst okkur erfitt eins og mörgum öðrum Íslendingum. Við höfum bæði notið þeirrar gæfu að vera hraust en við höfum samt alltaf vitað að það þyrfti að fylgjast með heilsu Adda því að hann fór í hjartaaðgerð 9 ára gamall. Þá var gert við hjartalokuna hans og við vissum að einhvern tímann í framtíðinni þyrfti að huga að annarri aðgerð,“ segir Anna Margrét.



Agnes og Ari Óli í heimsókn hjá pabba sínum.

Á síðasta ári kom í ljós í eftirliti að Arnar Freyr þyrfti á því að halda að fara í hjartalokuskipti.

„Það kom í ljós að það þurfti að gerast frekar fljótt og við förum í undirbúningsferli. Það fór heill dagur í innskráningu, við hittum alla sem komu að aðgerðinni og þá rann það upp fyrir okkur báðum sem við þó vissum, hvað þetta var í rauninni stór aðgerð sem var fram undan og við fundum líka að við vorum bæði stressuð.“

### Hvað ef ég vil hringja?

Helgin leið og aðgerðin var á þriðjudagsmorgni. Önnu Margréti var sagt að aðgerðin myndi taka um átta klukkutíma. Þá yrði hringt í hana. „Ég fattaði ekki að spyrja: Hvað ef ég vil hringja? Hvert hringi ég þá? Auðvitað er alltaf gengið út frá því að allt muni ganga samkvæmt plani og maður treystir því þó að maður finni til hræðslu.

Ég beið til fimm og þá fór ég að ókyrrast. Ég hringdi í vinkonu mína sem vinnur á spítalanum, hringdi á deildina sem við heimsóttum í innskráningunni en þar var ekkert hægt að fá meiri upplýsingar en að hann væri enn í aðgerð. Ég fann til sífellt meiri hræðslu og á þessum tímapunkti eru margir að hringja og spyrja hvað sé að frétta. Klukkan sjö ákvað ég að fara upp á spítala og hugsaði með mér að þá væri ég alla vega í sömu byggingu og hann. Ég vissi samt ekkert hvert ég ætti að fara og fór á deildina sem ég hitti lækninn á. Þar er bara starfsmaður á kvöldvakt sem getur lítið sagt mér. Hún hringir samt og ég heyri að hún á í samtali þar sem eitthvað mikilvægt er rætt. Hún segir síðan við mig að læknirinn vilji segja mér frá þessu. Núna sé allt undir stjórn. Þá datt ég bara út,“ segir Anna Margrét.

### Beið eftir prestinum

Hún fékk að bíða í herbergi á deildinni og þar beið hún í nokkrar klukkustundir án þess að vita neitt. „Ég beið eftir því að læknirinn myndi ganga inn í herbergið með prestinum til að segja mér að Addi væri dáinn. Mér var flökurt, ég grét, ég öskraði inni í mér. Mér leið eins og ég væri í þeytivindu. Mér leið aðeins betur þegar ég náði stjórn á önduninni. Ég náði að hugsa að ég væri í frjálsu falli og ég þyrfti að róa andardráttinn. Ég gerði það, einbeitti mér að því að anda inn og út. Þannig náði ég að vera á staðnum og hrapa ekki, en þetta var samt skelfilegt.“

**ÉG BEIÐ EFTIR ÞVÍ AÐ LÆKNIRINN MYNDI GANGA INN Í HERBERGIÐ MEÐ PRESTINUM TIL AÐ SEGJA MÉR AÐ ADDI VÆRI DÁINN.**

Hjúkrunarfræðingur fylgdi Önnu Margréti laust fyrir miðnætti á gjörgæslu. „Ég beið í aðstandendaherberginu og fann fyrir Adda þegar honum var rúllað fram hjá mér. Hann hafði verið sautján tíma í aðgerð og það komu upp ófyrirséð vandamál. Leki á milli hjartahólfa loku áður en skurðinum var lokað. Þá skiptu tvisvar um hjartaloku áður en skurðinum var lokað.

Á tímabili voru allir tiltækir hjartalæknar yfir honum og þú finnur og veist að þá langar svo að


Grillað grænmeti
SMÁTÓMATAR
1 Þræðið upp á spjót.
2 Penslið með mangó chutney og grillið þar til brúnast.
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

Jói Fel
BAKARÍ
VEISLUBAKKAR AÐ HÆTTI JÓA FEL

MAKKARÓNUR OG ANNAÐ GOTT

NÝTT HJÁ JÓA FEL! VEGANBAKKI

ÍTALSKUR SNITTUBAKKI

GRÆNN BAKKI

PINNABAKKI
Skoðið úrvalið í nýrri vefverslun www.joifel.is

leysa vandann en geta það ekki," segir Anna Margrét og segir næstu daga hafa farið í ítarlegar rannsóknir.

Anna Margrét segir vini og fjölskyldu hafa hjálpað þeim í gegnum þennan erfiða tíma og elstu börn þeirra tóku á sig aukna ábyrgð. „Við erum heppin með fjölskyldu og vini. Við Addi eigum sameiginlega vini sem við höfum þekkt frá því við vorum börn, Berglindi og Daða, og það var ómetanlegt að hafa þau með í þessu ferli. Tengdamóðir mín reyndist mér svo ótrúlega vel og veitti mikinn stuðning. Dóttir okkar Agnes flutti inn og eldri sonur okkar tók á sig aukna ábyrgð. Það var virkilega fallegt að sjá hvernig þau tóku yfir. Berglind vinkona mín sagði mér að nú þegar allir væru tilbúnir að hjálpa ætti ég ekki að vera hrædd um að segja hvað myndi hjálpa mér mest."

### Vinir elduðu kvöldmatinn

Anna Margrét hélt fund með eldri börnum sínum og spurði þau álits. Hvað þyrftu þau hjálp með? Þau nefndu bæði að kvöldmatartíminn reyndist erfiðastur. „Ég bað því vini mína að hjálpa mér með það. Þau elduðu fyrir okkur og fóru með heim til þeirra," segir Anna Margrét sem segist hafa haldið reglulega fjölskyldufundi um stöðuna enda átti heilsa Arnars Freys eftir að versna. Eftir aðgerðina fékk hann lungnabólgu og þá kom í ljós að lekinn var frá ósæðarrótinni. Hann þyrfti að fara í enn stærri og flóknari aðgerð og skipta yrði um ósæðarbotninn. „Það voru allir upplýstir, ég sagði börnunum mínum alltaf frá því hver staðan væri. En notaði kannski öðruvísi orð þegar ég útskýrði fyrir þeim yngsta. Auðvitað komu upp erfiðar stundir hjá okkur en óvissan er alltaf til hins verra," segir Anna Margrét.

### Óttaðist um líf hans

Hjartalæknirinn útskýrði fyrir henni að aðgerðin yrði erfið og að það væri svolítið kapp við tímann.

„Fyrri aðgerðin var 13. nóvember og sú seinni 29. nóvember, á milli veiktist hann af lungnabólgu og á þeim tíma óttaðist ég nokkrum sinnum um líf hans. Þegar þú þekkir maka þinn svona vel þá sérðu hvort honum líður vel eða illa, þótt hann sé meðvitundarlaus í öndunarvél. Þú bara finnur það og það gerði ég," segir hún og segist þá hafa getað sagt hjúkrunarfræðingum frá því hvernig honum leið og hjálpað honum.

Í seinni aðgerðinni var Anna Margrét rólegri og fékk betri upplýsingar. „Hjartasvæfingarlæknirinn ákvað að hringja í mig reglulega og gefa mér upplýsingar um aðgerðina. Nú vissi ég líka að gjörgæslan tæki við honum og ég gat bæði hringt þangað og mætt. Þetta var auðvitað erfitt en ég gat planað daginn. Þetta var allt önnur stemning og þetta er frábært teymi magnaðra lækna sem kom að báðum aðgerðunum."

Anna Margrét gat nýtt sér áralanga iðkun sína á jóga og hugleiðslu til að vinna gegn áfallastreitunni þessar vikur og afþakkaði þá hjálp sem henni bauðst á spítalanum sem var að hitta prest og djákna. „Það var oft sem mér var boðin aðstoð prests og djákna. Í fyrsta sinn sem mér var boðið að tala við prest þá var það á gjörgæslunni sem er svakalega erfitt umhverfi. Ég hafði fylgst með honum koma og ræða við ástvini í sorg. Þá var sett logandi kerti fyrir utan hurðina. Ég gat ekki hugsað mér að hitta hann.

Þegar Addi fékk einkaherbergi á gjörgæslunni þá fann ég mig knúna til að spyrja hvort það væri af því að hann væri að deyja. Starfsfólk spítalans bauð mér oft aðstoð og hugsuðu vel um mig. En úrræðin pössuðu mér ekki og ég notaði mínar eigin leiðir. Fann mitt fólk sem ég vissi að gæti gefið mér það sem ég þurfti. Til dæmis vinkonu sem er sálfræðimenntuð og vinnur á spítalanum, Ingibjörgu sem á Yoga Shala og vin minn Sigurstein Másson, því það er bara svo gott að hlusta á hann. Oft var þetta ekki endilega það fólk sem stóð mér næst því mjög marga var ég alls ekki tilbúin að hitta, af því ég var ekki í jafnvægi og vildi ekki særa fólk. Maður getur gert það í svona ástandi."

### Kom reiður til baka

Þegar Arnar Freyr kom úr aðgerðinni og eftir að það tókst að vekja hann var hann með óráði. Tæpur þriðjungur sjúklinga fær óráð eftir opna hjartaaðgerð. Óráð er bráð og yfirleitt tímabundin truflun á meðvitund, hugsun, allri skynjun og tilfinningum. Orsakir þess eru ekki að fullu þekktar en truflanir á taugaboðum og bólguviðbrögð eru mögulegir orsakaþættir, lungnabólga er einn áhættuþáttur. Síðustu ár hefur orðið nokkur vitundarvakning um óráð í kjölfar aðgerða.

„Addi var í 24 daga á gjörgæslu og þar af var hann 19 daga í öndunarvél. Hann gat ekki talað og einu sinni var hann látinn tjá sig með blýanti. Hann var reiður og krassaði bara og ég hugsaði bara með mér: Nei, við förum aldrei í Pictionary. Hann kom svo reiður og í miklu óráði til baka og hjúkrunarfræðingur þurfti að taka teiknispjaldið af honum.

„Eftir nokkra daga var ég búin að fá nóg. Ég bað tengdamóður mína um að leysa mig af og vildi bara fara í vinnuna. Ég gerði náttúrulega ekki neitt í vinnunni, settist bara fyrir framan tölvuna og ákvað svo að drífa mig bara upp á spítala. Á leiðinni þangað fæ ég símtal frá tengdamóður minni sem segir: Það er einn hérna með séróskir og þá heyri ég í Adda á bak við: Ég vil fá kók!

### Fæ ég hann aftur?

Ég fór og keypti kókflöskuna og var full eftirvæntingar. Þá horfir hann reiðilega á mig og segir: Við þurfum að ræða saman, ég er brjálaður. Þá er hann enn útúrlyfjaður og reiður. Hann var í þungri vanlíðan. Hann var búinn að færa sökina á mig og það er víst algengt eftir svona aðgerðir. Hann var með ranghugmyndir og þarna byrjaði rosalega erfiður tími sem ég held að sé lítið rætt um en allir ættu að vera meðvitaðir um. Hann var alla vikuna svona og það var verið að reyna að ná honum til baka. Ég fór fram og spurði: Er í lagi með hann? Er heilinn í lagi og fæ ég hann aftur? Ég veit ekki hver þetta er!"

Vanlíðan Arnars Freys var mikil næstu daga. Hann róaðist þegar Anna Margrét var nærri. Hann þorði ekki að fara að sofa vegna


„Þetta var algjör rússíbani og nú er kominn tími til að slaka á," segir Anna Margrét. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Ráð frá Önnu

Á hverjum degi í 5-10 mínútur er hægt með auðveldum hætti að hugleiða.

1 Setjast í þægilega stöðu. Heima, í vinnunni, úti í náttúrunni. Eldhús- eða skrifborðsstóllinn er fullkominn. Hér skiptir mestu máli að hryggjarsúlan sé bein, sterk og haldi okkur uppi, svo að öndunin verði þægileg.

2 Loka augunum eða horfa mjúklega á fókuspunkt, sem getur verið kertalogi, hlutur eða stytta fyrir framan okkur.

3 Anda inn og út um nefið og telja. Anda inn og telja upp á 3 í huganum. Anda út og telja uppá 3 í huganum = 10 umferðir af meðvitaðri öndun + talningu

4 Sleppa tökunum á talningu og öndun, leyfa andardrættinum að verða náttúrulegum. Skoða af athygli hvaða hugsanir koma upp, án þess að dæma. Bara fylgjast með.

**VIÐ ÞRÓUÐUM MEÐ OKKUR KERFI, ÉG NÁÐI STUNDUM AÐ SEGJA HONUM AÐ HANN VÆRI MEÐ OFSKYNJANIR OG RANGHUGMYNDIR OG HANN TREYSTI MÉR. STUNDUM SPURÐI HANN MIG EINFALDLEGA: SÉRÐ ÞÚ ÞETTA?**

martraða. „Við þróuðum með okkur kerfi, ég náði stundum að segja honum að hann væri með ofskynjanir og ranghugmyndir og hann treysti mér. Stundum spurði hann mig einfaldlega: Sérð þú þetta? Eða hann bað mig álits á einhverju sem hann var að hugsa. Hann vissi nefnilega sjálfur að þetta væri alls ekki í lagi.“

**Hætti á morfínskyldum lyfjum**

Smám saman minnkaði óráðið. „Þegar hann gat feikað að vera hress, þá fannst mér það batamerki. Hann er með ofsalega sterkan vilja og það er það sem hjálpaði honum í gegnum þetta. Hann nefndi við mig að honum liði illa af lyfjunum og bað mig um að finna út hvað það væri sem hann væri að taka. Ég gerði það og hann bað strax um að láta taka sig af morfínskyldum lyfjum og það dró enn frekar úr ranghugmyndunum og ofskynjunum.“

Anna Margrét ákvað að hann skyldi ekki fara heim fyrr en hann væri alveg tilbúinn til þess og segist hafa tekið það mjög skýrt fram. „Við búum í erfiðu húsi með mörgum stigum.

Ég man að þegar hann fór að tala um að vilja koma heim þá sagði ég bara: Nei, ég vil ekki sjá þig, þú ert bara fínn hér. Ég sagði við allt starfsfólkið að hann þyrfti að vera nógu hraustur til að geta labbað upp og niður stiga áður en hann kæmi heim.

Þetta gekk eftir það eins og í sögu. Þó að ég væri enn í áfalli. Stundum athugaði ég hvort hann andaði þegar hann var sofandi. En við áttum góð jól og það var mikið að gera. Ég var upptekin og hafði nóg af verkefnum,“ segir Anna Margrét sem segir það hafa komið sér dálítið á óvart að hún hafi bugast nokkrum mánuðum síðar. Því hún taldi sig hafa verið duglega að tala um hlutina og vinna úr reynslu sinni.

**Bugaðist mánuðum seinna**

„Líkaminn keyrði mig í gegnum þennan erfiða tíma og þjónaði mér, síðan þegar allt var farið að ganga vel hjá okkur þá gat hann ekki meir. Sagði stopp og ég klessti á vegg. Ég vissi að ég þyrfti að gera eitthvað fyrir líkamann. Ég elska að iðka mína tegund af jóga en ég þurfti eitthvað annað, öskra, svitna, fá útrás og fara í annað umhverfi en ég var vön. Ég fór að gera alls konar annað en að mæta á mína mottu í mínum jógasal. Það var gott fyrir líkamann en vont fyrir mig. Ég grét í tímum og var illt í öllum líkamanum. En á sama tíma fann ég að það var að losna um þessa spennu, eins og vöðvarnir færu að slaka á og það var góð tilfinning.“

Önnu Margréti tókst á skömmum tíma að losa sig við erfiðar tilfinningar og líkamlegan sársauka. Hún segir iðkun sína á jóga og hugleiðslu hafa gert gæfumuninn og slíkar áherslur í heilbrigðiskerfinu gætu verið til góða.

„Þegar ég kenni jóga þá segi ég stundum við nemendur mína að það að iðka jóga komi ekki í veg fyrir veikindi eða áföll en það sé verkfæri sem hjálpar manni að takast á við þau.



Feðgarnir Arnar Freyr og Arnar Steinn á spítalanum síðasta vetur.

**Æfið ykkur, allt er á leiðinni**

Ég iðka Ashtanga vinyasa jóga og sá sem þróaði þann jógastíl á fræga setningu: Æfið ykkur, æfið ykkur, æfið ykkur – allt er á leiðinni. Ég hugsaði alltaf: Já, ef ég er duglegur og legg hart að mér þá uppsker ég vel. En það er ekki hin sanna merking. Því það sem kemur er bara lífið og allt sem því fylgir, bæði vont og gott. Öll lífsreynsla, sama hvort hún er góð eða slæm styrkir mann og það er ákveðin list að lenda í áfalli og auðvitað mættu vera betri tæki í boði fyrir sjúklinga og ástvini þeirra til að takast á við hræðslu og vanlíðan en að kalla til prest og djákna,“ segir Anna Margrét.

„Maður þarf bæði að þekkja sjálfan sig og svo þarf maður að fá að vita hvað er í gangi og hvers vegna,“ segir Anna Margrét og segist vona að með því að segja sögu sína hugi þeir sem lesi að því að eiga til innistæðu svo það verði viðráðanlegra að takast á við áföll.

„Við erum öll svo upptekin, það þurfa flestir að vinna mikið og finnst þeir ekki hafa tíma til að stunda hugleiðslu eða jóga. En það er það besta sem við getum gert, að stunda einhvers konar sjálfsrækt, að læra að þekkja eigin hugsanir og líkama og ekki síst að eiga innistæðu fyrir því að lenda í áfalli og erfiðleikum.“


# Kæli- og frystiskápar á einstöku tilboðsverði í maí.

Kæli- og frystiskáparnir frá Siemens og Bosch eru einstaklega vel hannaðir, jafnt að innan sem utan.

Í innréttingunum eru stillanlegar hillur, sérlega **björt LED-lýsing** og mikið rými.

Með því að velja skáp með **noFrost** sleppurðu alveg við að affrysta frystirýmið!

Kæli- og frystiskáparnir frá Siemens og Bosch nýta orkuna mjög vel.
Þeir eru annaðhvort í orkuflokki **A++** eða **A+++**.




SIEMENS

**Kæli- og frystiskápar**

Orkuflokkur A+++. Ein pressa, tvö kælikerfi. Ein hyperFresh-skúffa fyrir grænmeti og ávexti og ein sem hentar fyrir kjöt og fisk, sem endist allt að tvisvar sinnum lengur.
H x b x d: 201 x 60 x 65 sm.

Kynningarverð (stál): KG 39EVI4A
Kynningarverð (hvítur): KG 39EVW4A
**123.900 kr.**
Fullt verð: 164.900 kr.



BOSCH

**Kæli- og frystiskápar**

Orkuflokkur A++. Ein pressa, tvö kælikerfi. Ein VitaFresh-skúffa fyrir grænmeti og ávexti og tvær sem henta fyrir kjöt og fisk. NoFrost-tækni.
H x b x d: 186 x 60 x 66 sm.

Tilboðsverð (stál): KGN 36XI35
**117.900 kr.**
Fullt verð: 159.900 kr.
Tilboðsverð (hvítur): KGN 36XW35
**114.900 kr.**
Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS

**Kæli- og frystiskápar**

Orkuflokkur A++. Ein hyperFresh-skúffa fyrir grænmeti og ávexti.
H x b x d: 176 x 60 x 65 sm.

Tilboðsverð (stál): KG 33VVI31
Tilboðsverð (hvítur): KG 33VXW30
**87.900 kr.**
Fullt verð: 113.900 kr.

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

**Tilboð gilda til 31. maí 2019 eða á meðan birgðir endast.**

Smith & Norland er **bæði Siemens- og Bosch-umboðið á Íslandi** og sinnir **varahluta- og viðhaldsþjónustu** af faglegum metnaði á eigin verkstæði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Mögulega verður Íslandi meinuð þátttaka að ári fyrir það eitt að veifa litlum treflum. Í keppni sem var stofnuð í nafni sameiningar og samúðar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hatrið er dautt, lengi lifi hatrið!

**Sigríður Jónsdóttir**
rýnir í frammistöðu Hatara á Eurovision.



Í VIKUNNI GAF HATARI ÚT LAG EFTIR PALESTÍNSKA LISTAMANNINN BASHAR MURAD EN DUGAR ÞAÐ TIL AÐ BÆTA FYRIR FÍKJU-LAUFAFELULEIKINN SEM ÞEIR VORU SAKAÐIR UM?

Á mánudegi eftir Júróvision er hefð fyrir því að þynnkan umlyki íslensku þjóðina, bæði áfengisþynnka og þynnka hrikalegra vonbrigða. Íslendingar eru ekki þekktir fyrir væntingastjórnun heldur telja iðulega að þjóðin í heild sinni, litla skerið á hjara veraldar, sé mest og best. Liðin sem keppa fyrir Íslands hönd eru alltaf með pálmann í höndunum fyrir keppni, skiptir engu máli um hvað keppt er, og Íslendingar eru heimsmeistarar í að setja sig á stall. Við erum einstaka þjóðin í miðju Atlantshafi sem allir eiga að þekkja, hlusta á og elska en gleymum því stundum að Ísland er einungis örlítill hluti af menningarheimi Evrópu, menningarheimi sem sýnir allar sínar sérlunduðu hliðar í einni skemmtilegustu en jafnframt stórfurðulegustu söngvakeppni jarðarkringlunnar.

Júróvision er arfleifð seinni heimsstyrjaldarinnar þegar Evrópa var rústir einar og tvístruð eftir hörmungar stríðsins. Að halda því fram að Eurovision sé ekki pólitískur vettvangur er firra, sama hvað opinberar reglugerðir og afbakaðar hugmyndir þjóða um hlutleysi keppninnar tíunda. Kosninganiðurstöðurnar á lokakvöldinu sýna nánast undantekningarlaust fram á að hamingja og hefnd haldast hönd í hönd. Ekki má heldur gleyma því að allar listir eru í eðli sínu pólitískar. Sviðsetning heillar álfu, að meðtalinni Ástralíu, á sjálfri sér mun alltaf verða undarlegur gjörningur. En tökum skref til baka og skoðum samhengi hlutanna, byrjum á sóðalegu bargólfi í höfuðborginni með viðkomu á stórsviði í Tel Avív og endum í háloftum hugsjónanna.

**Heimssýnin alltaf biksvört**

Hatari fæddist ekki í tómi þó að hljómsveitin syngi um svartholið sem umlykur mannkynið, í heimi þar sem allt er falt og sálin er söluvara. Hatari hefur verið hluti af neðanjarðarmenningu höfuðborgarinnar í töluverðan tíma, hluti af sviðslistaflóru landsins í nokkur ár og komið fram á Iceland Airwaves við miklar alþjóðlegar vinsældir. Formerki sveitarinnar hafa alltaf verið þau að þau væru að knésetja kapítalismann með öllum mögulegum tónlistarlegum og samfélagslegum ráðum. Harðkjarnaiðnaðarrafpönkið í bland við ofurörugga sviðsframkomu og afgerandi fagurfræði voru þeirra vopn. Ágætis dæmi um hugmyndafræði hljómsveitarinnar er platan Neysluvara sem kom út árið 2017 en hún inniheldur til dæmis lögin Tortímandi, Biðröð Mistaka og Ódýr. Heimssýn þeirra hefur alltaf verið biksvört, krydduð af kapítalískum mótsögnum. Þess má geta að flestir meðlimir fjöllistahópsins eru afsprengi sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands, þar með talið sviðshöfundabraut og samtímadansbraut.

Sviðslistir einskorðast ekki einungis við það sem gerist á sviðinu, allar sýningar eiga sér þróunarsögu, tilvist og eftirlíf. Það sem gerist utan sviðs skiptir líka máli, eldhúskaffispjall áhorfanda eftir á er alveg jafn mikilvægt og umfjöllun í alþjóðamiðlum. En í allri umræðunni á landinu hefur gleymst að ræða um sviðsetninguna, þegar nánast öll þjóðin horfir og stór hluti Evrópu er að horfa á það sem Ísland hefur fram að færa í sviðsetningu, ekki bara á Hatara heldur á þjóðinni sjálfri. Þau voru óskabörn þjóðarinnar, kosin í lýðræðislegri sjónvarpskosningu í beinni útsendingu. Hatari er Ísland, Ísland er Hatari.

Svo tilkynnti Hatari að hljómsveitin væri að hætta. Síðan tók Hatari þátt í Júróvision. Og vann. Lifi mótsögnin! Eftir sigur Hatara í forkeppninni á Íslandi, sem yfirtekur núna fleiri mánuði í fréttaflutningi, fór Júróvisionmaskína RÚV í gang fyrir alvöru. Fjöllistahópurinn fékk fjölmiðlafulltrúa í sinn hóp og fararstjóra. Sömuleiðis bættist danshöfundurinn Lee Proud við í hópinn og fatahönnuðirnir Karen Briem og Andri Hrafn Unnarsson. Atriðið var uppfært, stækkað fyrir heimssviðið. Mótsögnin í hjarta Hatara var sett undir smásjá og síðan fjölfölduð.

**Lýðræði í bland við einræði**

Harðneskjulega öskrið er samofið englasöng. Leðrið er bæði kalt viðkomu en mjúkt. Klemens og Matthías nota trommugimp til að berja á tannhjóli kapítalismans sem er líka lógó hljómsveitarinnar og tákn fyrir heiminn allan. Hatrið er framkvæmt í predikunarformi en líka útfært í munúðarfullum dansi. Matthías er auðmjúkur harðstjóri og Klemens kórdrengurinn. Útsendingin afbakast í skærum ljósunum og erfitt er að sjá í gegnum sviðslogana. Himnaríki og helvíti mætast. Svart blandast við hvítt og skilaboðin mást út. Áhugavert er að benda á að söngvarar Hatara eru ekki alltaf í mynd, þannig að dansararnir fá líka pláss. Lýðræði í bland við einræði. Karlkyns dansarinn framkvæmdi svokallað „dead-drop“ sem er þekkt í hinsegin dansheiminum, en það sást því miður ekki nægilega vel í lokakeppninni. Spyrja má af hverju.

Eurovision hefur löngum verið þekkt ekki einungis fyrir lögin sjálf heldur atriðið í hléi sem á sér stað milli keppninnar sjálfrar og kosninganna. Eitt frægasta dæmið er framlag Írlands árið 1994 þegar írska dansatriðið Riverdance í boði Bill Wheelan skók Evrópu og malaði gull í áraraðir fyrir listafólkið sem að því stóð. Í ár var framlag Ísraels stórstjarnan Madonna. Atriði hennar var skrítin samsuða af nostalgíu, hinum ýmsu trúarbrögðum og auglýsingu fyrir hennar næstu plötu en undir lokin kom pólitíska hamarshöggið þegar tveir dansarar sneru sér við, héldust í hendur og á baki þeirra mátti sjá fána Ísraels og Palestínu fléttaða saman í kærleik. Ótvíræð og rammpólitísk skilaboð sem laumað var inn í atriðið án vitundar skipuleggjenda.

**Lokamótsögnin**

Best er að vitna í Hatara sjálfa til að lýsa stemmingunni á Íslandi meðan á kosningu stóð: „Gleðin tekur enda / Endar er hún blekking / Svikul tálsýn“. Eftir því sem tölurnar hrönnuðust inn varð augljóst að sigurvíman var ekkert nema blekkingin ein. En Hatari átti eftir að flagga lokamótsögninni þegar hann nýtti sinn mjög stutta sjónvarpstíma til að halda á lofti palestínska fánanum. Hans stærsta sigurstund eftir símakosningarnar varð örstutt en nóg til þess að skjáskotið lifir að eilífu þó að boðskapurinn geri það kannski ekki.

Í boði ísraelska flugfélagsins El Al var Hatara flogið úr landi í verstu sætum sem kostur var á. Köld kveðja. Hatari fór í gegnum langa sviðsetningu á sinni eigin hugmyndafræði og ágæti, sem var þeim um megn. Stærri sviðsmyndir, djarfari hugmyndir, flóknari búningar endurspegla skilaboð þeirra: „Af hverju seldi ég mig?“ Hver er listræni fórnarkostnaðurinn? Hver er listræni gróðinn? Í vikunni gaf Hatari út lag eftir palestínska listamanninn Bashar Murad en dugar það til að bæta fyrir fíkjulaufafeluleikinn sem þeir voru sakaðir um? Spurningarnar fjölmargar, svörin engin.

Örlög Íslands í Júróvision munu ráðast innan nokkurra vikna. Mögulega verður Íslandi meinuð þátttaka að ári fyrir það eitt að veifa litlum treflum. Í keppni sem var stofnuð í nafni sameiningar og samúðar. Í keppni sem er núna krúna hinsegin samfélagsins, þó að sumir haldi því fram að það sé afbökun á upphaflega tilganginum en er í raun framför. Í keppni þar sem þjóðerni, kynhneigð og tónlistarsmekkur sullast saman í einum stórfurðulegum suðupotti.

Hatari gekk inn í Júróvision með allar væntingar og vonbrigði landsins á bakinu. Þeirra framlag var ekki nálægt því að vera fullkomið, enda er slíkt ekki hægt. Sú uppgötvun var mikið högg fyrir íslensku þjóðina. Hatari er Ísland, Ísland er Hatari. „Sameinuð sem eitt“.

# Fólk

Helgin

LAUGARDAGUR 25. MAÍ 2019



Þær Júlíana Kristín Liborius Jónsdóttir og Sigríður Ásta Olgeirsdóttir mynda leikhópinn Flækju. Þær verða á ferð og flugi um allt land í sumar með leikritið „Það og Hvað.“ →4




„Örlagafugl“

Camerarctica

Breiðholtskirkju
Í dag laugardag kl.15.15

Miðar á Tix.is
og við innganginn




Erla með börnunum sínum Uglu Sif og Fálka Viðari og skiptinemanum Door. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ferskur blær í daglegt líf

Erla Svansdóttir fór út sem skiptinemi til Bandaríkjanna veturinn 1997-1998 á vegum AFS. Síðan þá hefur hún sjálf hýst tvo skiptinema á Íslandi. Gundu frá Lettlandi og Door frá Belgíu. Erla segir reynsluna lærdómsríka og jákvæða. →2



Skiptineminn verður hluti af daglegu lífi fjölskyldunnar. Börnin hafa verið afar hænd að skiptinemasystkinum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR


Erla og Gunda saman á góðri stundu í dagsferð að Valahnúk á Reykjanesi. Erla heldur á dóttur sinni Uglu Sif.


Door er afar lunkinn í eldhúsinu og hefur galdrað fram einstaklega ljúffengar súpur, kjötrétti og kökur á árinu.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Erla hýsir nú Door, skiptinema frá Belgíu, sem er að ljúka 10 mánaða dvöl á Íslandi. Þetta er annað árið í röð sem Erla og fjölskylda bjóða skiptinema að vera hluti af fjölskyldu sinni.

„Aðdragandinn að þessu var að ég fór sjálf sem skiptinemi til Bandaríkjanna árið 1997. Ég fór þá úr 2.000 manna afviknu samfélagi á Hornafirði í skóla sem var jafn fjölmennur og bærinn heima. Faðir minn fór einnig sem skiptinemi til Bandaríkjanna ungur að árum og það jók áhuga minn á þessum möguleika.“

Erla segir árið úti hafa verið eitt það mikilvægasta í lífi sínu. Hún kynntist eigin verðleikum, lærði að standa á eigin fótum, upplifði ólíka menningu og eignaðist nýja fjölskyldu sem hún hefur haldið sambandi við.

„Mig langaði alltaf að endurgjalda greiðann og hýsa skiptinema. Í apríl 2016 lést skiptinemamóðir mín úr krabbameini. Tæplega mánuði síðar var hringt í mig frá AFS og ég spurð hvort ég vildi hýsa AFS-nema. Ég vissi í hjartanu að ég vildi segja já,“ segir Erla.

## Gleði og hlátur á heimilinu

Erla segir að það þurfi aldeilis ekki allt að vera fullkomið á heimilinu til að taka á móti nema. Sjálf var Erla á hækjum eftir hnéspeglun og fjölskyldan var að bíða eftir að fá íbúðina sína afhenta þegar Gunda frá Lettlandi kom til landsins.

„Okkur var boðið að einhver annar gæti hýst hana þangað til við fengjum íbúðina afhenta en ég tók það ekki í mál,“ segir Erla. Henni fannst mikilvægt að skiptineminn upplifði sig strax velkominn.

„Gunda kom þess vegna beint til okkar og við dvöldum hjá foreldrum mínum í tvo daga og svo hjá tengdaforeldrum mínum í mánuð. Henni þótti vænt um þessa nálgun og kynntist stórfjölskyldunni betur fyrir vikið.“

Erla og fjölskylda hennar náðu mjög góðum tengslum við Gundu. „Hún kom með svo mikla gleði og hlátur inn á heimilið. Okkur fannst þetta ofsalega skemmtilegt og börnunum líka,“ segir Erla.

Hún segir að þau hafi fengið nýja sýn á líf sitt í gegnum skiptinemana. „Gundu fannst við vera svo góð við börnin okkar. Mér fannst við vera með ákveðinn aga en hún var vön mun strangara uppeldi. Í upphafi ársins spurði Gunda samviskusamlega klukkan hvað hún ætti að koma heim í mat, en lærði þegar á leið að spyrja frekar hvort það yrði matur,“ segir Erla og hlær. „Við áttuðum okkur á því að við værum ekkert sérstaklega skipulögð fjölskylda. Suma daga eldum við. Aðra daga fáum við okkur bara skyr og brauð og förum svo í sund eða kíkjum eitthvert í heimsókn.“


Séríslensk stemning í sumarbústað með stóra bróður. Fálki Víðar, Ugla Sif og Door, sem er brátt á heimleið, hafa grallarast mikið saman síðasta árið.

> „Hún kom með svo mikla gleði og hlátur inn á heimilið. Okkur fannst þetta ofsalega skemmtilegt og börnunum líka. Við fengum nýja sýn á líf okkar við að hýsa skiptinema.

Erla segir að skiptinemarnir séu mjög ólíkir. „Gunda var mikið úti með hinum skiptinemunum og heimalningur hjá systkinum mínum og foreldrum. En Door er mun heimakærari. Hann hefur mjög gaman af að elda og baka og eldar oft fyrir okkur. Agúrkusúpan hans er sérlega ljúffeng.“

## Börnin líta upp til þeirra

Hugmyndin á bak við skiptinám er að neminn sé þátttakandi í daglegu lífi á Íslandi. Því eru ekki gerðar kröfur um að fjölskyldan haldi uppi skemmtidagskrá eða sé á ferðalögum með hann um allt land. Erla segir að skiptinemarnir fari sjálfir í og úr skóla og hún reyni að gera svipaðar kröfur til þeirra og hún myndi gera til sinna eigin unglinga.

„Það getur verið gott að hýsa nema með ung börn á heimilinu. Börnin mín eiga til dæmis mikil samskipti við nemana og líta mjög upp til þeirra,“ segir Erla en hún á tvö börn, fjögurra og sjö ára.

„Það er dýrmæt og holl reynsla að opna heimili sitt fyrir skiptinema. Ég mæli heilshugar með því. Þeir bera með sér ferskan blæ í fjölskyldulífið og daglegt amstur.“

AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa um allan heim að því að þjálfa ungmenni til að láta að sér kveða og hafa áhrif. Samtökin eru byggð upp á sjálfboðaliðastarfi og búa að áratugareynslu í alþjóðlegum samskiptum.

## Alls kyns fólk getur hýst

Í ágúst er von á rúmlega 30 skiptinemum til landsins á vegum AFS. Samtökin vinna nú að því að finna fjölskyldur fyrir unglinga víðs vegar að úr heiminum sem bíða spenntir eftir að fá að kynnast Íslandi og verða hluti af íslenskri fjölskyldu.

Fjölskyldur skiptinema geta verið alls konar. Hjón með börn, barnlaus pör, samkynhneigð pör, einhleypt fólk eða einstæðir foreldrar. Það eina sem fjölskyldan þarf að hafa upp á að bjóða er fæði, rúm, hlýtt viðmót og vilji til að bjóða erlendan nema velkominn í fjölskylduna. Þeir sem hafa áhuga á að hýsa skiptinema geta fundið frekari upplýsingar á vefsíðu AFS, afs.is, eða haft samband við skrifstofu samtakanna.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Að léttast á heilbrigðan hátt

**Fat Burner™ inniheldur sérvalin innihaldsefni sem styðja við heilbrigða og skilvirka fitu-brennslu. Jurtir, rætur og fræ ásamt kólíni sem getur stuðlað að eðlilegu niðurbroti á fitu.**

Flestar jurtir, rætur og fræ hafa verið notaðar í lækningaskyni í aldaraðir og jafnvel árþúsundir. Vestræn samfélög hafa á síðastliðnum áratugum kannski ekki verið nógu dugleg að leita í þennan „lyfjabrunn náttúrunnar“ þar sem kröfur um faglega þekkingu og viðurkenndar rannsóknir hafa aukist mikið. Sem betur fer hefur bæði þekkingu og fræðslu fleytt fram og er nýting okkar nútímafólks á þessum efnum alltaf að aukast og notkun að verða almennari.

Innihaldsefnin í Fat Burner™ eru sérvalin með tilliti til meltingar og örvunar á líkamsstarfsemi, sérstaklega fyrir þá sem vilja léttast á náttúrulegan hátt. Eins og með öll önnur þyngdarstjórnunarefni, þá dugir ekki að taka þau inn og viðhalda fyrri venjum því að sjálfsögðu er grundvallaratriði að laga mataræðið og stunda heilbrigðan lífsstíl. Það getur þó verið gott að fá örlitla hjálp, til dæmis við að draga úr bólgum, losna við bjúg, örva líkamsstarfsemi og niðurbrot fitu.

## Örvandi og hreinsandi innihaldsefni

- Yerba mate: Trjátegund sem vex víða í Suður-Ameríku og hafa greinar og stilkar yfirleitt verið notuð í te í hinum ýmsu útgáfum. Þar er það drukkið bæði heitt og kalt en þar sem það inniheldur koffín er það örvandi. Yerba mate er afar ríkt af öðrum innihaldsefnum en það inniheldur 196 efnasambönd og þar af eru 144 þeirra einnig að finna í grænu tei. Þar á meðal eru öflugir andoxarar, pólífenólar, vítamín og steinefni þannig að það getur haft góð áhrif á ónæmiskerfið, aukið einbeitingu og orku ásamt því að geta stutt við þyngdartap samhliða heilbrigðu mataræði.
- Nigella-fræ: Hafa verið notuð til heilsubótar allt frá tímum faraóa í Egyptalandi. Þau eru oft notuð til matargerðar en þau innihalda yfir 100 efnasambönd sem geta nýst okkur til heilsubótar og þar á meðal er til dæmis bætt lifrarstarfsemi og lækkun á blóðsykri. Engu að síður þarf viðtækari rannsóknir til að staðfesta það.
- Grænt te: Ýmsar verkanir hafa verið tengdar grænu tei og má til að mynda nefna jákvæð áhrif á blóðfitu (lækkun þríglyseríða og kólesteróls), hressandi og örvandi ásamt því að hjálpa fólki í yfirþyngd að léttast. Betri rannsókna er þó þörf til að staðfesta þetta.
- Mjólkurþistill: Er fyrst og fremst þekktur fyrir að vera sérlega uppbyggjandi og nærandi fyrir lifrina og getur því stuðlað að bættri lifrarstarfsemi. Í gegnum tíðina hefur þetta einnig verið notað gegn gallblöðruvandamálum, til að stuðla að framleiðslu brjóstamjólkur og vernda lifrina gegn snákaeitri, alkóhóli og ýmsum öðrum eiturefnum.
- Kólín: Kólín er nauðsynlegt næringarefni sem er oft flokkað með B-vítamínunum vegna eiginleika þess og áhrifa á líkamsstarfsemina. Það er lífrænt, vatnsleysanlegt efnasamband sem við framleiðum í litlum mæli og því þurfum við einnig að fá það úr fæðunni. Kólín er nauðsynlegt til að minnka kólesteról í lifrinni og því getur skortur á kólíni valdið fitu- og kólesteróluppsöfnun í lifur.




**Innihaldsefnin í Fat Burner™ eru sérvalin með tilliti til meltingar og örvunar á líkamsstarfsemi, sérstaklega fyrir þá sem vilja léttast á náttúrulegan hátt.**



**Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi.**

> **Þegar við erum komin á þann stað að vera í nægilegu jafnvægi til að taka á mataræðinu af krafti, það er að segja, ef við ætlum að léttast, þá er Fat Burner™ eitt af því sem getur hjálpað til. Það inniheldur kólín sem getur stuðlað að eðlilegu niðurbroti á fitu og stutt við þyngdartap.**
>
> **Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi**

## Heilbrigður lífsstíll

Þegar líf okkar er ekki í jafnvægi, verður mataræðið oft verra og allt hefur þetta áhrif á heilsu okkar og líðan. Að sofa nóg, borða hreina fæðu, stunda hreyfingu, góður félagsskapur og tómstundaiðja er eitthvað sem er nauðsynlegt til að okkur líði sem allra best. Ýmislegt getur valdið því að við eigum erfitt með að ná jafnvægi og má þá til dæmis nefna streitu sem getur verið afleiðing fjárhagsáhyggja, of mikillar vinnu, vandamála í samskiptum o.fl. Gott er að horfa vel inn á við og finna út hvað það er sem við viljum breyta eða þarf að vinna í til að okkur líði betur. Þetta getur verið afar erfitt fyrir suma en alltaf er best að takast á við rót vandans til að ná sem bestum árangri. Þegar við erum komin á þann stað að vera í nægilegu jafnvægi til að taka á mataræðinu af krafti, það er að segja, ef við ætlum að léttast, þá er Fat Burner™ eitt af því sem getur hjálpað til.





Sigríður Ásta og Júlíana Kristín ferðast milli leikskóla í sumar og bregða á leik með börnunum.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



# Það og Hvað verða á ferð og flugi í sumar

**Þær Júlíana Kristín Liborius Jónsdóttir og Sigríður Ásta Olgeirsdóttir mynda leikhópinn Flækju. Þær verða á ferð og flugi um allt land í sumar með leikritið Það og Hvað. Þær hitta leikskólabörn og leita svara við stórum spurningum.**

Það og Hvað eru persónur sem við skrifuðum saman," segir Júlíana. „Leikritið gerist í rauntíma. Persónurnar fara á leikskóla og hitta krakka. Þær eru að reyna að finna sjálfar sig og lenda í ýmsum ævintýrum sem fá þær til að velta fyrir sér ástinni, vináttunni, lífinu og tilverunni. Persónurnar fá börnin til þess að hjálpa sér að leita svara við þeim spurningum og vangaveltum sem upp koma. Þær klæðast litríkum og skemmtilegum búningum sem fanga athygli yngstu áhorfendanna. Við reynum að svara þessum stóru spurningum, á skemmtilegan og einlægan hátt."

Í sýningunni er unnið mikið með söng og dans og liti. Persónurnar tjá hugmyndir sínar og vangaveltur með söng og dansi. Sýningin er ætluð leikskólabörnum og ferðast þær Júlíana Kristín og Sigríður Ásta milli leikskóla um allt land með sýninguna.

Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Vesturlands og Menningarsjóði Borgarbyggðar. Aðalmarkmiðið er að skapa spennandi og þýðingarmikið leikhús fyrir börn sem fær þau til að velta fyrir sér lífinu og tilverunni á uppbyggilegan hátt og að auka aðgengi ungra barna um allt land að leikhúsi. Leikhópurinn stefnir þess vegna að því að fara á sem flesta staði úti á landi. „Það er alltaf svo mikið framboð í Reykjavík en minna á landsbyggðinni. Við viljum bæta úr því," segir Júlíana.

Þær Júlíana og Sigríður leggja þess vegna áherslu á að auðvelt sé að ferðast með sýninguna. Þær eru með fáa leikmuni en ferðast með búningakistu og hljóðfæri.

> Við leikum okkur með alls konar búninga þegar persónurnar bregða á leik og reyna að finna út hverjar þær eru.

„Við leikum okkur með alls konar búninga þegar persónurnar bregða á leik og reyna að finna út hverjar þær eru."

Júlíana Kristín og Sigríður Ásta stunda báðar nám í leiklistarskólanum Copenhagen International School of Performing Arts þaðan sem Júlíana útskrifast í vor. Sigríður Ásta er einnig menntuð söngkona frá Söngskólanum í Reykjavík. Báðar hafa þær verið viðloðandi íslenskt menningarlíf lengi og tekið þátt í ýmsum leiksýningum, tónleikum og gjörningum.

„Við erum að æfa fyrir sýninguna úti eins og er en við komum til landsins um miðjan júní og byrjum þá að sýna." Ásamt því að sýna á leikskólum koma þær fram á nokkrum hátíðum í sumar, til dæmis Blómstrandi dögum í Hveragerði og Humarhátíð í Hornafirði. „Við leggjum af stað í frekar þéttskipað ferðalag, en við erum ekki alveg uppbókaðar. Það er enn hægt að hafa samband og bóka okkur. Allar upplýsingar um það eru á vefsíðunni okkar, flaekja.com," segir Júlíana.


## NÆRING, HEILSA OG LÍFSSTÍLL

Föstudaginn 31. maí gefur Fréttablaðið út sérblaðið Næring, heilsa og lífsstíll.

Blaðið mun ná afar vel til allra þeirra sem hafa áhuga á hreyfingu, útivist og hollu og næringarríku mataræði.

Í blaðinu verður fjallað um allt mögulegt sem viðkemur heilsusamlegum lífsstíl auk áhugaverðra viðtala við fólk sem hefur snúið við blaðinu og öðlast betra líf með hreyfingu og heilnæmu mataræði.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Við notum **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla



**Sigríður Rita Ragnarsdóttir**

Ég hef alla tíð verið mjög viðkvæm í maganum og var búin að prófa ýmislegt. Ég fann fljótt mikinn mun þegar ég byrjaði að nota **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla. Það er frábært að hafa loksins fundið eitthvað sem virkilega hjálpar mér og ég tek 1 hylki á dag og mun svo sannarlega halda því áfram því þetta bjargar mér algjörlega.
- ***Sigríður Rita Ragnarsdóttir***



**Þórunn Kristjónsdóttir**

Ég hef notað **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr.
- ***Þórunn Kristjónsdóttir***



**Þorbjörg Hafsteinsdóttir**

Einkenni eins og niðurgangur, hægðatregða, vindgangur eða uppþemba er ekki eðlilegt ástand til langs tíma og getur verið til marks um ójafnvægi í þarmaflóru okkar. **Þorbjörg Hafsteinsdóttir** næringarþerapisti notar **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerla fyrir sig og sína.



**Birgir Þórðarson**

**Birgir Þórðarson**, leiðsögumaður, teblöndunarmeistari og afi með meiru, veit hvað það skiptir miklu máli að hafa meltinguna í lagi og huga að heilbrigði þarmaflórunnar fyrir heilsuna alla. Hann fann fljótt hvað **Probi Mage LP299V®** gerði honum gott og tekur það inn daglega.



**Fríða Britt Bergsdóttir**

Ég er allt önnur og betri í maganum eftir að ég fór að nota **Probi Mage LP299V®** mjólkursýrugerlana. Ég á þeim að þakka að þeim dögum sem ég finn fyrir ónotum tengdum meltingu hefur fækkað stórlega. Þetta skilar sér hreint út sagt í betri lífsgæðum finnst mér því mér líður almennt allri betur þegar ég tek þetta inn. - ***Fríða Britt Bergsdóttir***




**Söluhæsta fæðubótarefnið í sínum flokki í Svíþjóð og hefur fengið frábærar móttökur á Íslandi!**
**Fæst í apótekum, heilsuverslunum, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Hagkaup og Heimkaup.**

abel heilsuvörur

## *Lífrænir og vegan ávaxta- og jurtadrykkir!*










abel heilsuvörur

**Fæst í Heilsuhúsinu, Hagkaup, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Heimkaup og völdum apótekum um land allt.**

BIO RAW VEGAN

# Afródans í takt við trommuslátt

Dans Afríka Iceland var stofnað af hjónunum Mamady Sano og Söndru Sano Erlingsdóttur, til að efla afríska dans- og tónlistarmenningu á Íslandi, meðal annars með kennslu gíneskra dansa. Þann 30. maí verða haldnir tímar í afrobeat og dancehall, og svo hipp-hopp dansi 10. áratugarins.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Í Hipp-hopp dansinum verður farið yfir grunnspor við 90's hipp-hopp tónlist og sett saman einhver skemmtileg rútína," segir Sandra. „Í afrobeat og dancehall tímanum ætla ég að blanda saman nútíma afródansi við afrobeat tónlist og dancehall sem er frá Jamaíka. Ég kenni hvort tveggja og langar að bræða þetta allt saman. Við Mamady höfum verið að kenna afrískan dans í mörg ár," en Sandra kenndi í New York áður en hún fór að kenna dans á Íslandi. „Mamady ferðast út um allan heim að kenna afródans, hann er nýkominn frá Mexíkó þar sem hann var að kenna," og samkvæmt síðu hjónanna, Dans Afríka Iceland, er hann einn helsti kennari afródansa í heiminum.

Mamady er upprunalega frá Gíneu, þau Sandra kenna hefðbundna gíneska dansa, sem einkennast af mörgum mismunandi töktum og danssporum við. Sandra segir að taktarnir séu óteljandi og maður sé þess vegna aldrei búinn að læra þá að fullu.

„Í tímunum eru alltaf trommarar sem slá taktinn. Það er engu líkt að dansa við lifandi trommuslátt. Dansararnir fá orku frá trommurunum og þeir fá orku frá okkur, það á sér alltaf stað eitthvert samtal þarna á milli." Eina undantekningin eru Afró workout, tímar sem eru haldnir á laugardögum og eru aðeins ódýrari.

Í byrjun júní munu Sandra og Mamady halda afródans-námskeið. „Þetta verða opnir tímar fyrir bæði byrjendur og framhaldshóp, þannig að þetta verður ekki of erfitt en heldur ekki of létt. Það eru alltaf færri nemendur á sumrin, þess vegna ætlum við að setja byrjendur og lengra komna saman. Það er alltaf erfiðara að fá nemendur á sumrin, en við viljum samt halda áfram því það er alltaf ákveðinn kjarni af fólki í tímum sem vill ekki taka þrjá mánuði í sumarfrí."



**Hjónin Mamady Sano og Sandra Sano Erlingsdóttir kenna afródansa.**



**Í Afródans tímunum er dansað í takt við trommuslátt.**





Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.



Snorralaug Gvendarlaug Grettislaug Unnarlaug Geirslaug

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Sölufulltrúar
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626





# Framkvæmdastjóri

## Viltu leiða fyrirtæki sem hefur áhrif á komandi kynslóðir?

Við erum framsækið þekkingar- og þjónustufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum og virkni samfélagsins. Við horfum til leiðtoga sem býr yfir hugmyndaauðgi, umhyggju og umbótavilja. Leiðtoga sem býr yfir færni til að leiða hóp úrvals fagfólks sem hefur brennandi áhuga á jafnrétti, öryggi, umhverfismálum, stöðugum umbótum og framúrskarandi þjónustu.

Nýsköpun og mótun snjallrar framtíðar er mikilvægur þáttur í framþróun okkar og framundan eru spennandi verkefni á því sviði.

**Í boði eru fjölbreytt verkefni í fjölskylduvænu starfsumhverfi.**
**Öll kyn eru hvött til að sækja um.**

### Hvers vegna Veitur?

Veitur ohf. er stærsta veitufyrirtæki landsins og sjá um uppbyggingu og rekstur veitukerfa á þéttbýlasta fjórðungi landsins. Þær dreifa rafmagni, heitu og köldu vatni, auk þess að reka fráveitur. Vinnustaðurinn okkar er líflegur, framsækinn og skemmtilegur. Við sinnum samfélagslega mikilvægri starfsemi og hjá okkur hefur starfsfólk áhrif, fær að hrinda hugmyndum í framkvæmd og saman færum við veitukerfin til framtíðar og vinnum að bættu samfélagi.

**Sótt er um á starf.veitur.is, þar sem finna má frekari upplýsingar um starfið.**

**Í góðu sambandi**
**við framtíðina**

Jafnlaunaúttekt PwC 2018

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

JAFNRÉTTISRÁÐ

VEITUR

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Framkvæmdastjóri fjármála

*Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014, í víðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins, sem nær yfir 30.000 km² svæði frá Herdísarvík til Hornafjarðar. Heildarframlag til HSU á fjárlögum 2019 er um 5,4 milljarðar króna og hjá stofnuninni starfa um 500 manns. Fjöldi íbúa á svæðinu er ríflega 28.000.*

*Hlutverk HSU er að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu og tryggja íbúum í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og öðrum þjónustuþegum aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er tök á að veita.*

*Kjarnastarfsemi HSU er fólgin í heilbrigðisþjónustu á sviði heilsugæslu, almennrar sjúkrahúsþjónustu, rekstrus sjúkraflutninga og hjúkrunarrýma, auk annarrar stoðþjónustu.*

Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra fjármála.

Framkvæmdastjóri fjármála er yfirmaður rekstrarsviðs og ber ábyrgð á fjármálum, reikningshaldi, eignum og tækjarekstri. Staðan tilheyrir framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra. Ráðið er í stöðuna til 5 ára samkvæmt 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40 frá 2007. Starfið veitist frá 1. ágúst 2019 eða samkvæmt nánara samkomulagi.

**Helstu viðfangsefni og ábyrgð:**

- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins
- Ábyrgð á mánaðaruppgjörum og gerð ársreiknings
- Ábyrgð á gerð rekstraryfirlita, eftirfylgni og eftirlit með rekstri
- Ábyrgð á tölfræðiúrvinnslu
- Stjórnunareftirlitskerfi og rýni á rekstur starfstöðva
- Fjárhagsáætlana- og samningagerð
- Samskipti við hagsmunaaðila og stofnanir
- Þátttaka í stjórnun innkaupa
- Umsjón með eignum og búnaði
- Umsjón símavaktar og móttöku

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Áhugi á þróun og starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
- Háskólamenntun á sviði reikningshalds, fjármála, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af reikningshaldi og fjármálastjórn
- Reynsla af áætlanagerð, tölfræði og úrvinnslu gagna
- Reynsla af fjárhagskerfi ríkisins (ORRA)
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Framúrskarandi hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af umbótaverkefnum, teymisvinnu og breytingastjórnun
- Frumkvæði, áreiðanleiki, trúmennska og árangurs- og þjónustumiðað viðhorf

*Nánari upplýsingar um starfið veita Herdís Gunnarsdóttir forstjóri HSU (forstjori@hsu.is), í síma 432-2000 og Ari Eyberg (ari@intellecta.is), í síma 411-1225. Umsóknarfrestur er til og með 12. júní 2019.* ***Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is*** *og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá, staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu og kynningarbréf umsækjanda.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Kraftmiklir snillingar óskast

**IMS leitar að snillingum til að taka þátt í vexti fyrirtækisins innanlands sem og erlendis**





## Framkvæmdastjóri rekstrar (COO)

**IMS ehf óskar eftir umsóknum í starf framkvæmdastjóra rekstrar (COO) með starfsstöð í Reykjavík. Um er að ræða mjög áhugavert starf hjá ört vaxandi fyrirtæki.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Eftirlit og ábyrgð á daglegum rekstri innanlands
- Umsjón og aðstoð vegna erlendrar starfsstöðvar
- Starfsmannamál
- Áætlanagerð, greining gagna og eftirfylgni
- Yfirumsjón með innkaupum og kostnaðareftirlit
- Gæðastjórnun og markmiðasetning
- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af svipuðu starfi
- Leiðtogahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Mjög góð enskukunnátta bæði í rituðu og töluðu máli
- Áhugi og eldmóður til að starfa í krefjandi „Startup“

Umsóknir óskast sendar á: agj@imsvintagephotos.com Umsóknarfrestur 31. maí. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

## Stjórnun stafrænna markaðsaðgerða
## Growth Marketing Manager (GMM)

**Við erum að leita að kraftmiklum gagnadrifnum GMM sem hefur góða tilfinningu fyrir þörfum viðskiptavina okkar og getur komið vörum okkar til skila á árangursríkan hátt.**




**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Stjórnun stafrænna markaðsaðgerða
- Skilgreina og keyra gagnadrifna markaðssetningu
- Uppsetning og utanumhald á markaðsefni
- Framsetning á vef og öðrum miðlum
- Gerð markaðsáætlana og eftirfylgni
- Þarfagreiningar og þátttaka í vöruþróun
- Góð þekking og brennandi áhugi á stafrænni markaðssetningu
- Hefur reynslu af gagnadrifinni markaðssetingu
- Reynsla í notkun Google ads, analytics og samfélagsmiðla
- Áhugi og eldmóður til að starfa í krefjandi „Startup“
- Mjög góð enskukunnátta bæði í rituðu og töluðu máli

IMS tekur að sér þekkt erlend fréttaljósmyndasöfn, sem hafa aldrei áður verið aðgengileg almenningi í allt að 140 ár, varðveitir þau til framtíðar með því að setja þau á stafrænt form og selur svo upprunalegu eintökin á netinu út um allan heim. IMS er í mjög hröðum vexti, með mörg þúsund viðskiptavina í yfir 100 löndum og er nú þegar stærst sinnar tegundar í Evrópu. IMS er með starfsemi í Reykjavík, Riga og Stokkhólmi. Brunnur vaxtasjóður er kjölfestufjárfestir IMS.

IMS VINTAGE PHOTOS | BRUNNUR

Pipar\TBWA \ SÍA

# STAÐUR TÆKIFÆRA



## Vilt þú taka þátt í að breyta matvælavinnslu á heimsvísu?

### Vegna aukinna verkefna á alþjóðlegum markaði óskum við eftir kraftmiklu fólki í eftirfarandi störf:

## Svæðissölustjóri

**Helstu verkefni**
- Áætlanagerð og markmiðasetning
- Forgangsröðun verkefna
- Þátttaka í hönnun og bestun lausna fyrir viðskiptavini
- Útbúa kynningarefni, lýsingar og tilboð
- Sala á vörum og lausnum ásamt samningum þar um
- Ábyrgð og yfirsýn yfir markaðssvæði

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Reynsla í alþjóðaviðskiptum æskileg
- Reynsla af sjómennsku eða fiskvinnslu
- Þekking á vinnslutækni og búnaði
- Samningatækni
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og kraftur
- Skipulagshæfni og geta til að vinna undir álagi
- Íslenska og enska nauðsyn, önnur tungumálakunnátta kostur

## Sölufulltrúi

**Helstu verkefni**
- Skipulagning sölumála
- Utanumhald um CRM kerfi
- Almenn skrifstofustörf
- Stöðugar umbætur

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Góð þekking á CRM kostur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til ákvarðanatöku
- Geta til þess að vinna sjálfstætt og sem hluti af teymi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á ensku er skilyrði

## Starfsfólk með reynslu í málmiðnaði

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Reynsla af því að vinna með ryðfrítt stál
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Áreiðanleiki og stundvísi
- Gott vald á íslensku og ensku

## Starfsmaður með reynslu af vinnslustjórnun

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Þekking og reynsla af vinnslustjórnun
- Þekking á uppsetningu búnaðar og á flæðistýringu
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Góð enskukunnátta, Norðurlandatungumál kostur

## Söluhönnuður

**Helstu verkefni**
- Hönnun og bestun vinnslukerfa
- Gerð kerfisteikninga
- Greining vinnsluferla og aðferða
- Þátttaka í sölumálum, gerð kerfislýsinga og verðútreikningar
- Afkastaútreikningar á tækjum og vinnslukerfum

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Kunnátta á Autodesk
- 3D hönnun í Factory Suite
- Þekking á vinnslutækni og búnaði
- Reynsla af matvælavinnslu
- Frjó hugsun og útsjónarsemi
- Greiningarhæfileikar og vandvirkni
- Geta starfað sjálfstætt og í teymi

## PLC forritari

**Helstu verkefni**
- Taka þátt í hönnun vinnsluvéla
- Forritun vinnsluvéla
- Skjákerfi fyrir vinnsluvélar

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Menntun á rafmagnssviði
- Reynsla af PLC forritun
- Góð kunnátta í lestri rafmagnsteikninga er nauðsynleg
- Geta til þess að vinna bæði sjálfstætt og sem hluti af teymi
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku

## Lyftara- og tækjamenn

**Hæfnis- og menntunarkröfur**
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Almenn ökuréttindi og vinnuvélaréttindi
- Áreiðanleiki og stundvísi nauðsynleg
- Gott vald á íslensku og ensku er kostur

**Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um!**

Nánari upplýsingar um störfin vetir Gyða Björk Bergþórsdóttir,
gyda@skaginn3x.com.
Umsóknir skulu berast í gegnum heimasíðu Skaginn 3X.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2019**

SKAGINN 3X

www.skaginn3x.com

Skaginn 3X er í fremstu röð hátæknifyrirtækja í heiminum í þróun lausna fyrir kæli-, frysti- og matvælaframleiðslu. Í fyrirtækinu ríkir spennandi nýsköpunarandi, verðugur vettvangur fyrir öflugt fag- og tæknifólk. Tæknistigið er hátt og starfsmenn eru rúmlega 300 talsins í starfsstöðvum sem eru um 14.000 m$^2$.

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2017

2017 Íslensku sjávarútvegsverðlaunin

Viðskiptaverðlaun 2017 Viðskiptablaðið FRJÁLS VERSLUN

2018 Framúrskarandi fyrirtæki

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki

# FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNVIRKJASVIÐS

## VHE LEITAR AÐ METNAÐARFULLUM OG SKIPULÖGÐUM EINSTAKLINGI TIL ÞESS AÐ TAKA VIÐ OG LEIÐA MANNVIRKJASVIÐ FYRIRTÆKISINS Í HAFNARFIRÐI

**Mannvirkjasvið VHE í Hafnarfirði hefur verið starfrækt síðan 2011 og hefur staðið að framkvæmdum verka um allt höfuðborgarsvæðið. Mest í íbúðarframleiðslu en einnig öðrum mannvirkjum.**

**HELSTU VERKEFNI:**

- Ábyrgð á rekstri sviðsins
- Yfirumsjón með áætlanagerðum
- Samninga- og tilboðsgerðir
- Skipulagning á verkferlum

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:**

- Háskólapróf á sviði Byggingaverkfræði, Verkfræði eða sambærilegu
- Réttindi sem Byggingastjóri er kostur
- Skipulögð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðan skilning og færni í framkvæmdar- og rekstrarumhverfi

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 9. JÚNÍ VHE.IS/ATVINNA**

**Frekari upplýsingar um starfið er hægt að nálgast hjá Guðrúnu Blandon í gegnum gudrun@vhe.is, en móttaka umsókna fer fram á vefsíðu okkar vhe.is/atvinna**

**Allar umsóknir eru meðhöndlaðar með trúnaði og eru konur sem menn hvött til þess að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.**

VHE

VERKVIT • HUGVIT • EINING

VHE er fjölskyldufyrirtæki, stofnað 1971 og hefur starfsstöðvar í Hafnarfirði, á Egilsstöðum og á Reyðarfirði. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns við hin ýmsu störf og erum við mjög stolt af þekkingu starfsmanna okkar og reynslu. VHE er framsækið fyrirtæki á Véla- og Mannvirkjasviði, við bjóðum upp á ítarlegar lausnir í hönnun, framleiðslu og þjónustu fyrir viðskiptavini okkar, má þar nefna sérhæfðar lausnir fyrir stóriðju, iðnað, orkufyrirtæki og mannvirkjagerð.

**VHE ehf**
Melabraut 27 • 220 Hafnarfjörður
Sími 575 9700 • www.vhe.is

---

# Greifinn
BARBERSHOP

## Hársnyrtir óskast

Laun og vinnutími samkomulag

Greifinn, Barbershop.is,
**Upplýsingar:** apollo@simnet.is, S: 552 2077

---

# SSL MÁLUN

**Bráðvantar sem fyrst, lærða/vana, menn/konur í málningarvinnu.**

ÖRUGG VINNA!

**Vinsamlega sendið upplýsingar á netfangið stebbi68@simnet.is**

---



# Framleiðslustjóri

**Mink Campers á Íslandi leitar að öflugum framleiðslustjóra til að taka þátt í uppbyggingu framleiðsludeildar fyrirtækisins í Hafnarfirði.**

Við leitum að orkumiklum og lausnamiðuðum aðila með menntun og reynslu sem nýtist í starfi framleiðslustjóra. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og felur í sér daglegan rekstur, stjórnun og uppbyggingu á öflugu framleiðsluteymi Mink Campers innanlands sem erlendis.
Viðkomandi þarf að vera skipulagður, framúrskarandi úrræðagóður og ábyggilegur. Við lítum á starfsgleði og almennan léttleika sem afar dýrmæta og nauðsynlega kosti. Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á hagkvæmni og skilvirkni í framleiðslu og leitar stöðugt að betri lausnum fyrir viðskiptavini okkar hérlendis sem erlendis.

**Helstu verkefni:**

- Daglegur rekstur framleiðsludeildar
- Gerð framleiðsluáætlana
- Þróun og stýring framleiðsluferla
- Kostnaðareftirlit
- Innkaup og samskipti við birgja
- Samvinna og samskipti við þróunar- og söludeild
- Mannauðsstjórnun í framleiðslu

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi framleiðslustjóra
- Reynsla af framleiðslustjórnun
- Frumkvæði, samviskusemi og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

**Ertu til í slaginn?**

Hafðu samband við okkur á netfangið **team@minkcampers.is** eða í síma **698 9608**
Umsóknarfrestur er til og með **7. júní 2019**

**@minkcampers** **www.minkcampers.com**
Facebook
Instagram

MINK CAMPERS

---

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

# Starf ráðgjafa hjá RML

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðgjafa sem gæti sinnt fjölbreyttu ráðgjafar- og þróunarstarfi á sviði landbúnaðar.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Starf í ráðgjafateymi RML.
- Þróun og sala á fjölbreyttri ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við annað starfsfólk RML.
- Þróunar- og ráðgjafavinna tengd tækniþróun og loftslags- og umhverfismálum í landbúnaði.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði raungreina, náttúruvísinda, tækni eða umhverfismála æskileg.
- Reynsla af gagnavinnslu er kostur.
- Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga land-búnaði í sínum víðasta skilningi sem hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafarstarfsemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum.
Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

**Umsóknarfrestur er til og með 30. maí næstkomandi.**

**Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson klk@rml.is og Borgar Páll Bragason bpb@rml.is.**

---

# Áhugaverð störf hjá Intellecta

- **Fjármálastjóri** hjá þjónustufyrirtæki
- **Aðalbókari** hjá fyrirtæki í fjölbreyttri starfsemi
- **Markaðsfulltrúi** hjá öflugu tæknifyrirtæki

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

EINAR P. & KÓ

## Smiðir óskast

Einar P. & Kó óskar eftir reyndum smiðum í framtíðarstarf. Mjög góð verkefnastaða og fjölbreytt verkefni.

**Umsóknir og frekari upplýsingar sendist á netfangið helgi@epogko.is**

---

**Grunnskólinn Hellu**

virðing vinátta víðsýni

Útskálum 6 - 8 sími 488 7020 grhella@grhella.is http://grhella.is/

## Kennarar og skólastjórnendur

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann á Hellu.

Okkur vantar einnig grunnskólakennara til starfa frá og með næsta skólaári.
Meðal kennslugreina: íslenska og danska á unglingastigi og kennsla yngri barna.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans http://grhella.is/

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan og fáið frekari upplýsingar.

Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri í síma 488 7021 / 894 8422

---

Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency



## Lyfjastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í lækningatækjum á eftirlitssvið

Lyfjastofnun auglýsir laust starf sérfræðings lækningatækja á eftirlitssviði. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er reiðubúinn að vinna krefjandi og fjölbreytt starf. Starfshlutfall er 100%.

**Helstu verkefni:**

- Afgreiðsla váboða og aðvarana um lækningatæki
- Móttaka, frágangur og eftirfylgni tilkynninga um lækningatæki, bæði innlendra og erlendra
- Svörun erinda og fyrirspurna um lækningatæki frá hagsmunaaðilum
- Eftirlit með lækningatækjum
- Kortlagning lækningatækjamarkaðarins á Íslandi
- Viðhald gæðahandbókar hvað varðar þá ferla sem heyra til lækningatækja
- Þátttaka í erlendu samstarfi Lyfjastofnunar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisverkfræði, hjúkrunarfræði, lífeindafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi eða tæknimenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af gæðamálum
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Mjög góð tölvufærni
- Mjög góð samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð greiningar- og skipulagshæfni
- Hæfni í að miðla upplýsingum með skipulögðum og skýrum hætti
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Upplýsingar um starfið veita Valgerður G. Gunnarsdóttir, sviðsstjóri eftirlitssviðs, valgerdur.gudrun.gunnarsdottir@lyfjastofnun.is, og Sigurlaug K. Jóhannsdóttir, mannauðsstjóri, sigurlaug.kristin.johannsdottir@lyfjastofnun.is, eða í síma 520 2100.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknir um starfið óskast sendar á netfangið **atvinna@lyfjastofnun.is**, merkt í efnislínu: **„Sérfræðingur lækningatækja“**. Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Lyfjastofnun hvetur bæði karla og konur til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2019.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Lyfjastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðherra. Helstu hlutverk hennar eru að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun vinna 62 starfsmenn. Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi og starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu. Gildi Lyfjastofnunar eru gæði – traust – þjónusta.

**Sjá nánari upplýsingar um Lyfjastofnun á www.lyfjastofnun.is**

---

# RÁÐGJAFI

## á sviði starfsendurhæfingar

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður í samvinnu við Eflingu Stéttarfélag leitar að ráðgjafa í 100% starf með starfsstöð hjá Eflingu. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

### Helstu verkefni

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

### Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Kostur að vera pólskumælandi

Ráðgjafar VIRK starfa hjá stéttarfélögum samkvæmt samningi við VIRK. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

Nánari upplýsingar um Eflingu er að finna á efling.is
og um VIRK á virk.is.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.**

**Upplýsingar veitir:**

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til 7. júní 2019.**

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur starfsins.

EFLING STÉTTARFÉLAG

VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

# Starfsfólk óskast í fjölbreytt störf á Norðurlandi vestra



## Viltu minni tíma í umferðinni og meiri tíma með fjölskyldunni?

Á vef Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að finna upplýsingar um áhugaverð störf í boði í landshlutanum:

**www.ssnv.is**

Norðurland vestra nær frá Hrútafirði í vestri yfir í Skagafjörð í austri. Þar er að finna fjölskylduvæn samfélög í nálægð við stórbrotna náttúru. Tómstundastarf er fjölbreytt og menningarlífið gróskumikið.
Hér eiga allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Tvær stöður leikskólastjóra

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir lausar til umsóknar tvær stöður leikskólastjóra; annars vegar stöðu leikskólastjóra við Hólaborg og hins vegar stöðu leikskólastjóra við Suðurborg.**

Leikskólarnir Hólaborg og Suðurborg standa hlið við hlið við Suðurhóla í Breiðholti í göngufæri við íþróttavelli, Elliðarárdal og bókasafnið í Gerðubergi.

**Hólaborg**

Leikskólinn Hólaborg er 50 barna leikskóli við Suðurhóla 21. Í Hólaborg er unnið á grunni félagslegrar hugsmíðahyggju og allt starf tekur mið af uppruna, reynslu og félagslegri stöðu barna og fjölskyldna þeirra. Lögð er áhersla á fjölbreytta starfshætti og að koma til móts við þarfir og hæfni allra barna. Horft er til kenninga Vygotsky um svæði mögulegs þroska, Bandura um trú barnsins á eigin getu, Laevers um reynslunám barna og Noddings um umhyggju. Einkunnarorð leikskólans eru hamingja, heilbrigði og sjáfræði og hefur leikskólinn m.a. sett sér markmið fyrir hvert einkunnarorðanna. Leiðarljós leikskólans er „Kennum gott með góðu".

**Suðurborg**

Leikskólinn Suðurborg er 112 barna leikskóli við Suðurhóla 19. Markmið leikskólans er að efla sjálfstæði hvers barns og skila því öruggu út í framtíðina. Horft er til kenninga Deweys um nám í gegnum leik og athafnir. Í Suðurborg er unnið með PBS (e. Positive behavior support) þar sem lögð er áhersla á að styrkja jákvæða hegðun auk þess sem mikið er unnið með val barnanna um ákveðnar leikstöðvar. Leikskólinn er sérhæfður leikskóli varðandi atferlisþjálfun einhverfra barna og veitir hann öðrum leikskólum ráðgjöf um slíka vinnu. Á árinu 2018 var byggt við leikskólann og með því urðu miklar umbætur á starfsmannaaðstöðu.

**Fyrirhugað er að vinna markvisst að auknu samstarfi og teymisstjórnun leikskólanna tveggja. Leitað er að einstaklingum sem búa yfir leiðtogahæfileikum og eru tilbúnir til að útfæra og leiða áfram gott og metnaðarfullt starf hvors leikskóla samhliða því að vinna að hugmyndum um samstarf og teymisstjórnun innan hvors leikskóla og á milli skólanna og taka þátt í sérstöku þróunarstarfi í því skyni.**

**Meginhlutverk leikskólastjóra er að:**
- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Vilji til að leiða þróunarstarf um samstarf og teymisstjórnun.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum sem sótt er um.

**Ráðið verður í stöðurnar frá 1. júlí 2019. Umsóknarfrestur er til og með 11. júní nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
**Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

S. Gunnbjörnsson ehf
heildverslun

**Snyrtivöruheildssala leitar eftir samviskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.**

Við leitum að sölumanni. Kynningar, lagervinna og afgreiðsla og útkeyrsla eru einnig hluti af þessu starfi.

Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur.

---

## Tækni- og verkfræðingar

**VSB Verkfræðistofa leitar að tækni- eða verkfræðingi til framtíðarstarfa á framkvæmdasviði.**

Hefur þú áhuga á að starfa við fjölbreytt og krefjandi verkefni við:

- Framkvæmdaráðgjöf
- Byggingarstjórn
- Framkvæmdaeftirlit
- Áætlunargerð

Á framkvæmdasviði **VSB** starfar öflugt teymi bygginga-, tækni- og verkfræðinga.
Það er stefna framkvæmdasviðs að nýta sér tækni til þess að bæta gæði og nota starfsmenn rafræn eftirlitsverkfæri, BIM og dróna í sínu starfi.
Frekari upplýsingar gefur Gísli Ó. Valdimarsson
**gisli@vsb.is**

Umsókn um starfið með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað á ofangreint netfang eigi síðar en 10. júní nk.
Starfsreynsla við mannvirkjagerð er æskileg.
Fyllsta trúnaðar verður gætt.

**VSB Verkfræðistofa** er fjölhæf verkfræðistofa á sviði mannvirkjagerðar og framkvæmda. **VSB** veitir viðskiptavinum ráðgjöf með lausnum sem einkennast af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika. Á stofunni starfa 32 manns.

VSB VERKFRÆÐISTOFA
Bæjarhrauni 20
220 Hafnarfjörður
www.vsb.is

---

## Seltjarnarnesbær
## Laus störf

### Leikskóli Seltjarnarness
**– starfsfólk óskast frá 1. ágúst nk.**

- **Deildarstjóri,** fullt starf.
- **Leikskólakennarar,** fullt starf.
- **Leikskólaleiðbeinendur,** fullt starf.

### Frístundamiðstöð Seltjarnarness

- **Frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúar, fullt starf og hlutastörf með börnum á aldrinum 6-10 ára.**
- **Þroskaþjálfi eða starfsmaður með aðra uppeldisfræðimenntun,** fullt starf.

Nánari upplýsingar um starfið og skil umsóknar má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is **– Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 9. júní næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

# Tanntæknir óskast

Tanntæknir eða aðstoðarmaður tannlæknis óskast á tannlæknastofu í Kópavogi í 100% starf.

Við leitum að manneskju með færni í mannlegum samskiptum og með sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt ríkri þjónustulund

Umsóknir óskast sendar á netfangið:
***bestastofan@gmail.com***

REYKJALUNDUR *endurhæfing*

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2019

## Talmeinafræðingur

Laus er til umsóknar staða talmeinafræðings og er starfshlutfall samkomulagsatriði.

Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegri teymisvinnu. Óskað er eftir einstaklingum með færni í samskiptum og sveigjanleika, frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Fræðagarðs og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Fræðagarðs og Reykjalundar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þórunn Hanna Halldórsdóttir yfirtalmeinafræðingur, thorunnh@reykjalundur.is og Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri gudbjorg@reykjalundur.is

**Umsóknarfrestur er til 10. júní 2019**

Umsóknareyðublað og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS.
Sími 585 2000 – www.reykjalundur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sjúkraþjálfari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Grindavík | 201905/1090 |
| Fulltrúi í þjónustudeild | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201905/1089 |
| Kennarar og námsráðgjafi | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | Reykjanesbær | 201905/1088 |
| Sérkennari á starfsbraut | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201905/1087 |
| Umsjónam. fasteigna og tækja | Vatnajökulsþjóðgarður | Skaftafell | 201905/1086 |
| Mannauðsstjóri | Biskupsembættið | Reykjavík | 201905/1085 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, hjartadeild | Reykjavík | 201905/1084 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, taugalækningadeild | Reykjavík | 201905/1083 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, smitsjúkdómadeild | Reykjavík | 201905/1082 |
| Kennari í stærðfræði | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201905/1081 |
| Hugbúnaðarsérfræðingur | Rannsóknamiðstöð Íslands | Reykjavík | 201905/1080 |
| Kennari í húsasmíði | Verkmenntaskóli Austurlands | Neskaupstaður | 201905/1079 |
| Veiðieftirlit | Fiskistofa | Stykkishólmur | 201905/1078 |
| Veiðieftirlit | Fiskistofa | Höfn | 201905/1077 |
| Sviðsstjóri | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201905/1076 |
| Sviðsstjóri | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201905/1075 |
| Sviðsstjóri | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201905/1074 |
| Yfirlækn. á sviði eftirlits og gæða | Embætti landlæknis | Reykjavík | 201905/1073 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201905/1072 |
| Ljósmóðir | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201905/1071 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201905/1070 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201905/1069 |
| Aðstoð í aðhlynningu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Seyðisfjörður | 201905/1068 |
| Nýdoktor í jarðskjálftaverkfræði | HÍ, Verkfræði- og náttúruvísindasvið | Reykjavík | 201905/1067 |
| Sérfræðingur | Félagsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201905/1066 |
| Lögfræðingur | Félagsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201905/1065 |
| Lögfræðingur | Félagsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201905/1064 |
| Sérfræðingur | Heilbrigðisráðuneytið | Reykjavík | 201905/1063 |

# GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Bláa Lónið leitar að metnaðarfullum og jákvæðum aðila til að sinna starfi grafískrar hönnunar í frábæru teymi markaðsdeildar. Umsækjandi þarf að vera drífandi, sýna frumkvæði, góða skipulagshæfileika og hæfni í að vinna í teymi.

**HELSTU VERKEFNI**

- Hugmyndavinna og þróun á markaðsefni
- Hönnun á auglýsingum, umbúðum og POS í verslunum
- Hönnun á markaðsefni fyrir prent og stafræna miðla
- Ábyrgð á verkefnum frá hugmyndastigi til framsetningar
- Ábyrgð á samræmi í framsetningu skv. vörumerkjastöðlum
- Samskipti við samstarfsaðila og birgja

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólamenntun á sviði grafískrar hönnunar
- Æskilegt að viðkomandi sé með 4-5 ára starfsreynslu
- Reynsla í prent- og stafrænni hönnun
- Góð kunnátta í Adobe Creative Suite: InDesign, Illustrator og Photoshop
- Jákvæðni og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu sem riti
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir álagi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með **10. júní 2019.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ægir Viktorsson, sérfræðingur í mannauðsmálum í síma 420-8800.

Einstakt umhverfi
Skemmtilegt félagslíf
Góð fríðindi
Rútuferðir til og frá vinnu
Frábær starfsandi
Góður matur

BLUE LAGOON
ICELAND

## Tæknimaður Reyðarfjörður

Vegagerðin auglýsir eftir tæknimanni á umsjónardeild Vegagerðarinnar á Reyðarfirði. Um er að ræða fullt starf.

VEGAGERÐIN

*FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMSÝNI*

**Starfssvið**
- Eftirlit með framkvæmdum ásamt tæknilegu og fjárhagslegu uppgjöri.
- Vinna við undirbúning verka, áætlanagerð og útboðslýsingar.
- Skráningar í gagnabanka að loknum framkvæmdum.
- Þátttaka í öðrum verkefnum á umsjónardeild.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af ámóta störfum er kostur.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Kunnátta í ensku og einhverju norðurlandamáli.




**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.**
Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2019. Umsóknir berist á netfangið starf@vegagerdin.is. Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem gerð eru til starfsins, þar með talið menntunar- og starfsferilsskrá. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Nánari upplýsingar um starfið veita Guðjón Magnússon deildarstjóri umsjónardeildar í síma 522 1940 og Sveinn Sveinsson svæðisstjóri í síma 522 1910. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Þúsundþjalasmiður

### Sumarstarf / framtíðarstarf í Suðursveit

Fjölbreytt verkefni í Suðursveit fyrir fjölhæfan einstakling og/eða pör!

Gistiheimilin Reynivellir og Gerði ásamt Blue Iceland – Ice Caving and Hiking, sem öll eru starfrækt í Suðursveit (sveitarfélagið Hornafjörður), auglýsa eftir fjölhæfum og laghentum einstakling til fjölbreyttra verkefna í sumar með möguleika á framtíðarstarfi.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til þess að sækja um starfið og eru reynsluboltar á besta aldri sérstaklega velkomnir.

Um er að ræða verkefni tengd daglegum rekstri gistiheimilanna og almennri umsjón með húsnæði og lóð ásamt tilfallandi bústörfum - Kostur ef viðkomandi býr yfir kunnáttu í bílaviðgerðum og er með meirapróf.

Verkefnin gætu hentað fyrir par í fulla vinnu eða hlutastarf.

Húsnæði er í boði á svæðinu.

**Upplýsingar veitir Björn Borgþór Þorbergsson í síma 846-0641. Umsóknir sendist á netfangið bjornthor@gerdi.is**




## VILTU STARFA VIÐ RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU?

Laus til umsóknar eru þrjú störf í tengslum við vísindarannsóknina Blóðskimun til bjargar – þjóðarátak gegn mergæxlum. Störfin eru spennandi, fjölbreytt og krefjandi. Leitað er eftir einstaklingum sem eru lausnamiðaðir og reiðubúnir að leggja sitt af mörkum til að stuðla að framgangi rannsóknarinnar, auk þess að búa yfir sveigjanleika og aðlögunarhæfni sem síbreytileg og lifandi verkefni innan rannsóknarinnar geta krafist.

### VERKEFNASTJÓRI (grant writer)

**Helstu verkefni:**
- Styrkjaskrif fyrir rannsóknina
- Samskipti við styrkveitendur
- Aðkoma að skýrsluskilum vegna styrksamninga
- Aðkoma að útreikningum á kostnaðarþáttum fyrir styrkumsóknir
- Þátttaka í vísindastarfi rannsóknarinnar

**Helstu hæfnikröfur:**
- Doktorspróf á sviði heilbrigðisvísinda
- Góð þekking í faraldsfræði
- Reynsla af klínísku starfi er æskileg
- Reynsla af vinnu við vísindaverkefni er æskileg
- Reynsla af sambærilegum verkefnum telst kostur

### GAGNAGRUNNSSTJÓRI (data manager)

**Helstu verkefni:**
- Forritun sjálfvirkra ferla sem stunda samskipti við gagnagrunna og vefþjónustur
- Umsjón, rekstur og uppsetning MySQL gagnagrunna
- Aðkoma að gagnagrunnshönnun og tæknilegum úrlausnarefnum
- Gagnavarsla og utanumhald gagna
- Þróun og eftirfylgni á öryggisverkferlum

**Helstu hæfnikröfur:**
- BS-gráða í tölvunarfræði eða öðrum tengdum greinum
- Haldgóð reynsla og þekking á MySQL gagnagrunnum ásamt hönnun og rekstri gagnagrunna
- Þekking á netsamskiptum og öryggismálum
- Þekking á Linux er æskileg
- Góð reynsla og þekking á gagnavinnslu með Python

### RITARI

**Helstu verkefni:**
- Stuðningur og þjónusta við stjórnendur rannsóknarinnar
- Umsjón með dagbók og bókun funda
- Svörun erinda, bæði í síma og með tölvupósti
- Utanumhald erinda sem berast í tengslum við rannsóknina
- Innkaup rekstrarvara

**Helstu hæfnikröfur:**
- Nám sem nýtist í starfinu
- Reynsla af sambærilegum störfum telst kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Framúrskarandi samskiptahæfni, nákvæmni, útsjónarsemi og jákvæðni
- Gott vald á upplýsingatækni og hæfni til að tileinka sér nýjungar á því sviði

Hægt er að sækja um störfin og fá allar nánari upplýsingar á heimasíðu HÍ: **www.hi.is/laus_storf2**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2019**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

## ÖRYGGISVÖRÐUR
### SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til og með **9. júní 2019**. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

---

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **June 9, 2019**. Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Leikskólakennari
- Sumarstarfsmaður í leikskóladeild

**Garðaskóli**
- Grunnskólakennari til að stýra upplýsingaveri

**Sjálandsskóli**
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Stuðningsfulltrúar

**Leikskólinn Hæðarból**
- Leikskólakennari – 50% starfshlutfall

*Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.*

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

HÓPBÍLAR

## Bifreiðastjórar óskast

Við hjá Hópbílum óskum eftir að ráða bifreiðastjóra í eftirfarandi akstur:

- **Akstur hjá ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu**
- **Akstur strætisvagna á Suðurlandi**

**Starfshlutfall:** Fullt starf / Hlutastarf

**Dagsetning ráðningar:** Sem fyrst

**Hæfniskröfur:** Rúturéttindi (ökuréttindaflokkur D eða D1). Íslenskukunnátta skilyrði. Rík þjónustulund og góð mannleg samskipti. Hreint sakavottorð.

**Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um**

Hægt er að senda inn umsóknir á atvinna@hopbilar.is eða hafa samband við Davíð í síma 599-6014.

**Melabraut 18 - 220 Hafnarfirði - Sími 599-6000**

FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

## Vilt þú hjálpa okkur að gæta hagsmuna þjóðarinnar?

**Fiskistofa óskar eftir að ráða metnaðarfulla og jákvæða starfsmenn í veiðieftirlit í Stykkishólmi og á Höfn í Hornafirði.**
Mannauður Fiskistofu er grunnstoðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðlun.

***Starfandi veiðieftirlitsmenn eru nær eingöngu karlar og er því athygli kvenna sérstaklega vakin á starfinu í þeim tilgangi að jafna kynjahlutföll í starfsgreininni, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.***

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa, eftirlit með lax- og silungsveiði ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Haldgóð reynsla af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott heilsufar sbr. heilsufarskröfur Fiskistofu
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Mjög góð hæfni í samskiptum nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.

Nánari upplýsingar um störfin veitir **Sævar Guðmundsson, deildarstjóri í veiðieftirliti** eða **Hildur Ösp Gylfadóttir** sviðsstjóri mannauðs og fjármála **í síma 5697900**

**Ferilskrá** á íslensku sem hefur m.a. að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila sem og **kynningarbréf** þar sem hæfni viðkomandi umsækjanda í starfið er **rökstudd** sendist í gegnum heimasíðu fiskistofu, www.fiskistofa.is

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júní 2019.**

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

*Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.*

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt og eru höfuðstöðvar á Akureyri. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.



## Sunnulækjarskóli

### Deildarstjóri miðstigs og þroskaþjálfi

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður deildarstjóra miðstigs og þroskaþjálfa.

Í skólanum eru um 720 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Í starf deildarstjóra er leitað er að einstaklingum með grunnskólakennararéttindi, reynslu af teymisvinnu og góða hæfni í samskiptum. Auk þess er horft til forystu- og stjórnunarhæfileika, frumkvæðis í starfi og skipulagshæfileika.

Umsækjandi um starf þroskaþjálfa þarf að hafa menntun á sviði þroskaþjálfa, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: http://www.sunnulaekjarskoli.is og í tölvupósti: birgir@sunnulaek.is

Umsóknarfrestur er til 2. júní 2019 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2019.

**Sótt er um stöðurnar á vef sveitarfélagsins Árborgar, http://www.arborg.is, laus störf.**

Skólastjóri

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



# Hvað er að frétta?

RÚV leitar að fréttamönnum með reynslu af fréttaskrifum og vinnslu frétta fyrir ljósvakamiðla og vef. Við leitum að metnaðarfullum, kraftmiklum og sjálfstæðum einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna í hópi, hafa góða framsögn og eru vel ritfærir.

- **Fréttamaður í fullt starf á Akureyri.**
- **Fréttamaður í afleysingar til eins árs á Vesturlandi og Vestfjörðum.**
- **Fréttamaður í fullt starf í Útvarpshúsið við Efstaleiti.**

Umsóknarfrestur er til 10. júní.

Skil umsókna og nánari upplýsingar eru á **umsokn.ruv.is.**

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

**www.ruv.is**



# PÍPULAGNINGAMAÐUR EÐA VÉLTÆKNIMENNTAÐUR AÐILI ÓSKAST TIL STARFA VIÐ SAMVEITUR GARÐABÆJAR

**Samveitur Garðabæjar auglýsa eftir pípulagningamanni, véltæknimenntuðum aðila eða manni með umtalsverða reynslu af veituframkvæmdum. Viðkomandi þarf að geta sinnt bakvaktaskyldu.**

**Starfssvið:**
- Viðhald og nýlagnir
- Yfirferð á dælubrunnum
- Lagning og uppsetning á nýjum heimæðum
- Ýmis önnur verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Sveinspróf í pípulögnum, véltæknigreinum eða umtalsverð reynsla af veituframkvæmdum
- Þekking á suðu og meðhöndlun stærri plastlagna og tengistykkja
- Þekking á Word og Excel
- Jákvæðni og samskiptahæfni
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júní 2019.**

**Nánari upplýsingar um starfið veitir** Björgvin Magnússon forstöðumaður framkvæmda- og eignasviðs í síma 820 8586 eða með því að senda tölvupósti á netfangið bjorgvin@gardabaer.is.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsmannafélag Garðabæjar.

Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# LAUS STÖRF
## HJÁ HAFNARFJARÐARBÆ

**Fræðslu og frístundaþjónusta**
- Starf með nemendum með fjölþættan vanda
- Stuðningsfulltrúi

**Grunnskólar**
- Frístundaleiðbeinandi í Verið- Hvaleyrarskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Holtasel - Hvaleyrarskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Vitann - Lækjarskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Lækjarsel - Lækjarskóli
- Stuðningsfulltrúi í Lækjarsel - Lækjarskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Selið - Öldutúnsskóli
- Frístundaleiðbeinandi í Ölduna - Öldutúnsskóli
- Sérkennari á unglingastigi - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**
- Deildarstjóri - Álfasteinn
- Leikskólakennari - Álfasteinn
- Leikskólakennari - Bjarkalundur
- Deildarstjóri - Hraunvallaskóli
- Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
- Leikskólakennari - Hvammur
- Deildarstjóri - Skarðshlíðarleikskóli
- Deildarstjóri - Smáralundur
- Þroskaþjálfi - Víðivellir

**Málefni fatlaðs fólks**
- Þroskaþjálfi - Smárahvammur

**Stjórnsýslusvið**
- Sumarstarf við skjölun og frágang skjala

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**



HAFNARFJÖRÐUR 585 5500 **hafnarfjordur.is**

# Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Capacent_

capacent.is



# Þjónustustjóri Upplýsingatæknisviðs

## Við leitum að tæknilegum tengilið

Upplýsingatæknisvið OR þjónustar dótturfyrirtæki OR samstæðunnar; Veitur, Orku náttúrunnar og Gagnaveitu Reykjavíkur, með upplýsingatæknimál og þróun hugbúnaðarlausna. Þjónustustjóri hefur það hlutverk að hafa yfirsýn, veita ráðgjöf og vita allt um upplýsingatæknimál tiltekins dótturfélags.

Hlutverk þjónustustjóra er ekki að verkstýra einstökum verkefnum heldur styðja stjórnendur í upplýsingatæknimálum. Þetta er nýtt starf og spennandi tækifæri fyrir framsýnan og lausnamiðaðan einstakling sem býr yfir framúrskarandi samskiptahæfni.

Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um.*

**Umsóknarfrestur er til og með 2. júní 2019.**

Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

*Þar sem konur eru í minnihluta starfsfólks hjá Upplýsingatækni OR hvetjum við þær sérstaklega, á grundvelli 1. mgr. 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, til að sækja um.

JAFNRÉTTISRÁÐ — Jafnlaunaúttekt PwC 2018 — JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Orkuveita Reykjavíkur

**Orkuveita Reykjavíkur** • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími • Tel. +354 516 6100 • **www.or.is**

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

# Spennandi störf



## Sérfræðingur í deild skipaeftirlits og leyfisveitinga

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða sérfræðing í deild skipaeftirlits og leyfisveitinga.** Meðal verkefna er þróun á verkferlum, þ.m.t. uppfærsla skoðunarhandbóka og skoðunarskýrslna. Einnig er um að ræða skipulag og framkvæmd afmarkaðra úttekta, t.d. á skoðunarstofum, flokkunarfélögum og þjónustuaðilum skipsbúnaðar, og þátttöku í markaðseftirliti með skipsbúnaði og skemmtibátum. Starfið felur í sér samskipti við viðskiptavini og þátttöku í öðrum verkefnum deildarinnar sem til falla. Um eitt stöðugildi er að ræða með starfsstöð í Reykjavík. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði eða tæknifræði.
- Tæknileg kunnátta, þ.m.t. reynsla og þekking á skipum og búnaði þeirra, er mikill kostur.
- Þekking á gæða- og öryggisstjórnarkerfum.
- Góð þekking og færni í íslensku og ensku í ræðu og riti. Kostur að hafa þekkingu á einu Norðurlandamáli.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Frumkvæði, sjálfstæði og fagmennska ásamt skipulagningu og ögun í verkum eru áskilin. Geti unnið bæði sjálfstætt og í hópi.
- Færni í mannlegum samskiptum.

## Skipaeftirlitsmaður

**Samgöngustofa óskar eftir að ráða skipaeftirlitsmann í deild skipaeftirlits og leyfisveitinga.** Starfið felst í að sinna eftirliti með skipum, útgáfu starfsleyfa, gerð skoðunarhandbóka og verklagsreglna, eftirliti með skoðunaraðilum skipa og öðrum verkefnum er til falla. Um þrjú stöðugildi er að ræða með starfsstöð í Reykjavík. Starfshlutfall er 100%.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Hafa lokið námi í skipa- eða véltæknifræði, skipa- eða vélaverkfræði, skipasmíði, vélvirkjun eða vera handhafi skírteinis til skipstjórnar eða vélstjórnar.
- Marktæk reynsla af umsjón eða eftirliti með ástandi skipa og skipsbúnaðar, skipahönnun eða viðhaldi er kostur.
- Þekking á kröfum um öryggi skipa.
- Góð þekking og færni í íslensku og ensku í ræðu og riti. Kostur að hafa þekkingu á einu Norðurlandamáli.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.

**Umsóknarfrestur er til 11. júní 2019**

Hægt er að sækja um störfin rafrænt á **samgongustofa.is/storf**

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á **samgongustofa.is**

**Í boði eru spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

**Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Samgöngustofa


Þú finnur draumastarfið á Job.is



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Veitingastaðir

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

Job.is





Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningar sniðnar að þörfum viðskiptavinarins.

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

ráðum ráðningarstofa




## Business Analyst in Global Process Development

Hefur þú brennandi áhuga á ferlum og áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Viðskiptagreinir (Business Analyst) er ný staða innan Global Process Development teymis sem hefur lykilhlutverki að gegna í að vinna þvert á deildir fyrirtækisins í skilgreiningu á ferlum og miðlun þeirra til tölvudeildar.

### STARFSSVIÐ

- Þátttaka og stuðningur við innleiðingu á stefnumótandi verkefnum
- Framkvæmd á greiningum sem styðja og auðvelda ákvarðanatöku
- Náin samvinna með ferlastjórum, viðskiptaeiningum og tölvudeild í að stuðla að skilningi á ferlahönnun og viðskiptaþörfum
- Stuðningur við verkefnastjóra við þróun á umfangi og áætlunum fyrir stefnumótandi verkefni
- Skipulagning og skjalfesting á notendaþörfum
- Skráning á vinnuleiðbeiningum í samvinnu við ferlaeigendur og ferlasérfræðinga
- Umsjón á prófunum á afhentum lausnum og þátttaka í innleiðingu á nýjum ferlum í samræmi við viðskiptaþarfir og í samvinnu við viðeigandi hagsmunaaðila
- Þróun þjálfunarefnis tengt innleiðingu á nýjum ferlum
- Notkun á aðferðarfræði verkefnastýringar og stjórnun breytingarverkefna

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Hagnýt reynsla í viðskiptagreiningu (business analysis)
- Greiningar- og lausnamiðunarfærni
- Reynsla af viðskiptaferlum
- Reynsla í verkefnastjórnun er kostur
- Leiðtogahæfni
- Gott menningarlegt læsi
- Mjög góð enskukunnátta
- Góðir samskiptahæfileikar og stjórnun hagsmunaaðila
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

## Sérfræðingur í aðfangastýringu

Össur leitar að metnaðarfullum einstaklingi til starfa í Supply Chain deild Össurar. Deildin sér um öll innkaup, inn- og útflutning og framleiðslu- og birgðastýringu fyrir framleiðslu Össurar á Íslandi. Viðkomandi mun sjá um innkaup, áætlanagerð, samskipti við birgja og þátttöku í þróunarverkefnum.

### STARFSSVIÐ

- Innkaup á hráefnum og birgðastýring
- Samskipti við birgja, samninga- og áætlanagerð
- Val á birgjum og þátttaka í þróunarverkefnum
- Birgjamat
- Uppsetning á vörum í ERP kerfi

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi svo sem verkfræði, viðskiptafræði og/eða vörustjórnun
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Reynsla af vinnu í ERP kerfi er kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 3. júní 2019.
Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
For English version please see the above webpage.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

JAFNLAUNAMERKIÐ
2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

# Sérfræðingar í ráðningum

Við finnum rétta starfsmanninn fyrir þig




lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST Ráðningar
www.fastradningar.is

# Sérfræðingur í markaðsviðskiptum – verðbréfamiðlari

Fossar markaðir hf. óska eftir að ráða einstakling til þess að gegna starfi verðbréfamiðlara. Leitað er að jákvæðum, kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi sem á auðvelt með mannleg samskipti og hefur brennandi áhuga á fjármálamörkuðum.

**Starfssvið**

- Miðlun innlendra- og erlendra skuldabréfa
- Greining viðskiptatækifæra á markaði
- Kynningar fyrir fjárfesta og öflun viðskiptavina

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða tengdum fögum
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur
- Brennandi áhugi á fjármálamörkuðum
- Færni í úrvinnslu og framsetningu gagna
- Mjög góð tungumálakunnátta í íslensku og ensku
- Nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samskiptaeiginleikar

**Fossar hvetja alla áhugasama til þess að sækja um sem uppfylla fyrrgreind skilyrði.**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. júní nk.**
Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á *careers@fossarmarkets.com*. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

*Fossar markaðir hf. er óháð verðbréfafyrirtæki sem þjónustar innlenda og erlenda fagfjárfesta á sviði verðbréfamiðlunar, fyrirtækjaráðgjafar og fagfjárfestaþjónustu. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Reykjavík en starfrækir einnig skrifstofur í London og Stokkhólmi. Starfsmenn Fossa eru reyndir sérfræðingar með viðamikla reynslu á bæði innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.*

FOSSAR
Markaðir

Fossar Markaðir hf. Fríkirkjuvegur 3 – Fossar Markets Sweden AB Biblioteksgatan 25 – Fossar Markets UK Ltd. 86 Brook Street




Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is

**Hjá leikskólum Kópavogs er óskað eftir** deildarstjórum, leikskólakennurum og sérkennurum.

**Í grunnskólum Kópavogs er óskað eftir** íþróttakennara í hlutastarf, upplýsingatæknikennara, húsverði, umsjónarkennurum á yngsta stig og miðstig, deildarstjóra sérúrræða, námsráðgjafa, heimilisfræðikennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa.

**Á velferðarsviði er óskað eftir** ráðgjafa í málefnum fatlaðs fólks, sjúkraliðum og félagsliða.

**Einnig eru laus störf** frístundaleiðbeinenda í félagsmiðstöðvunum Fönix og Igló.

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Leikskólakennarar óskast að leikskólanum á Þórshöfn

Á Barnabóli, leikskóla Langanesbyggðar á Þórshöfn eru um 25 börn frá 18 mánaða að sex ára aldri og er skipt í tvær deildir.

Leikskólinn flytur starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði í byrjun júní næstkomandi.

Langanesbyggð er öflugt og vaxandi sveitarfélag með spennandi framtíðarmöguleika. Á Þórshöfn búa um 400 manns í fjölskylduvænu umhverfi.

Húsnæði grunnskólans var endurnýjað árið 2016 og er öll aðstaða og aðbúnaður til fyrirmyndar.

Gott íbúðarhúsnæði er til staðar og öll almenn þjónusta er á Þórshöfn. Á staðnum er gott íþróttahús og innisundlaug og Ungmennafélag Langanesinga stendur fyrir öflugu íþróttastarfi. Í þorpinu er mikið og fjölbreytt félagslíf.

Samgöngur eru góðar, m.a. flug fimm daga vikunnar til Reykjavíkur um Akureyri. Í næsta nágrenni eru margar helstu náttúruperlur landsins og ótal spennandi útivistarmöguleikar, s.s. fallegar gönguleiðir og stang- og skotveiði.

Langanesbyggð leitar að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu. Í samræmi við jafnréttisáætlun Langanesbyggðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf hjá sveitarfélaginu.



Leikskólinn Barnaból á Þórshöfn óskar eftir leikskólakennurum til starfa við skólann næsta skólaár. Barnaból er tveggja deilda leikskóli með börnum frá 18 mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á að öllum líði vel og allir fái að njóta sín. Við veitum börnunum umönnun og menntun við hvetjandi og örugg náms- og leikskilyrði.

Við erum að innleiða *Leikur að læra* og hefjum fjórða árið í innleiðingunni á næsta skólaári.

Umhverfið er okkur mjög hugleikið en stutt að fara til að njóta náttúrunnar, við erum í mikilli nálægð t.d. við fjöruna. Við höfum flaggað Grænfána síðan 2013 og höfum aðeins verið að fikra okkur áfram í að verða heilsueflandi leikskóli.

Einkunnarorð Barnabóls eru: Vinátta, Umhyggja og Bros.

Hjá okkur er stöðugt starfsmannahald og góður starfsandi. Við tökum vel á móti nýju starfsfólki og leggjum áherslu á að umhverfið einkennist af gleði, virðingu og samvinnu.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Vera með leyfisbréf leikskólakennara / réttindi sem leikskólakennari skv. 3. gr. laga nr. 87/2008. (Ef ekki berast umsóknir frá leikskólakennurum sem uppfylla hæfniskröfur er heimilt að ráða leiðbeinanda).
- Stundvísi, dugnaður og áreiðanleiki í starfi.
- Hafa gaman af því að starfa með börnum.
- Góð íslenskukunnátta.

Starfið hentar körlum jafnt sem konum.

Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Friðbergsdóttir, leikskólastjóri, í síma 862-4371 eða með því að senda fyrirspurn á barnabol@langanesbyggd.is

Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum skal skila í gegnum heimasíðu leikskólans:

http://barnabol.leikskolinn.is/Upplysingar/Starfsumsokn

**Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 7. júní 2019**

# SKÓLAÞJÓNUSTA RANGÁRVALLA- OG VESTUR – SKAFTAFELLSSÝSLU, HVOLSVELLI, AUGLÝSIR EFTIRFARANDI STÖRF LAUS TIL UMSÓKNAR:

## Stöðu forstöðumanns skólaþjónustunnar

sem auk stjórnunar stofnunarinnar, sinnir einnig að hluta sérkennsluráðgjöf í grunnskólum á svæðinu. Krafist er menntunar í sérkennslufræðum auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynslu á sviði kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Menntun og reynsla á sviði stjórnunar og kennsluráðgjafar í grunnskólum er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námserfiðleika nemenda á því skólastigi. Um er að ræða 100% starf.

## Stöðu kennsluráðgjafa í grunnskólum.

Leitað er að ráðgjafa í sérkennslu og almennri kennslu. Krafist er menntunar á sviði sérkennslu auk almennra kennsluréttinda og farsællar reynslu af kennslu/sérkennslu í grunnskóla. Reynsla af kennsluráðgjöf er æskileg, auk réttinda á helstu greiningartæki sem notuð eru til að greina námserfiðleika nemenda í grunnskólum. Um er að ræða 70 - 100% starf.

Skólaþjónustan veitir tíu leik- og grunnskólum á svæðinu lögbundna sérfræðiþjónustu. Við stofnunina starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem samanstendur af forstöðumanni, kennsluráðgjafa, leikskólaráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi. Sérfræðingar skólaþjónustunnar eiga í nánu og góðu samstarfi við starfsfólk félagsþjónustunnar með heildarhagsmuni barna og unglinga að leiðarljósi.

Leitað er að áhugasömum og jákvæðum einstaklingum sem búa yfir afbragðsgóðri samskiptahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum og sveigjanleika og frumkvæði í starfi.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands vegna starfsmanna á skólaskrifstofum.

**Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.**, en gert er ráð fyrir að ráða í störfin frá og með 1. ágúst. Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrám berist á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, b.t. Eddu G. Antonsdóttur forstöðumanns, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Nánari upplýsingar veitir Edda í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 862-7522.

# Mannauðsstjóri

**Rauði krossinn á Íslandi auglýsir eftir mannauðsstjóra**

**Helstu verkefni**

- Þróun og viðhald mannauðsstefnu og ferla í mannauðsmálum
- Aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna
- Aðstoð við ráðningar og starfslok
- Samskipti við stéttarfélög, framkvæmd kjarasamninga, réttindamál og aðbúnaður starfsmanna
- Umsjón með sí- og endurmenntun starfsmanna
- Ábyrgð á rekstri mötuneytis, afgreiðslu og húseignar
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Framhaldsmenntun í mannauðsstjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af mannauðsstjórnun
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í störfum, faglegur metnaður, frumkvæði og góð skipulagshæfni

Mannauðsstjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra félagsins.

**Umsóknafrestur** er til 3. júní n.k. Umsóknir skulu sendar á netfangið **starf@redcross.is**.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Nánari upplýsingar** veitir Kristrún Pétursdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra, **kristrun@redcross.is**.

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur í lækningatækjum | Lyfjastofnun | Reykjavík | 201905/1119 |
| Sjúkraliðar og sjúkraliðanemar | Heilbrigðisst. Suðurnesja, Víðihlíð | Grindavík | 201905/1118 |
| Bókari | Landgræðslan | Gunnarsholt | 201905/1117 |
| Sérfr. í opinberum fjármálum | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Reykjavík | 201905/1116 |
| Skipaeftirlitsmaður | Samgöngustofa | Reykjavík | 201905/1115 |
| Sérfr. - skipaeftirlit- og leyfisveit. | Samgöngustofa | Reykjavík | 201905/1114 |
| Tæknimaður | Vegagerðin | Reyðarfjörður | 201905/1113 |
| Áfangastjóri | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201905/1112 |
| Læknir - Göngudeild sóttvarna | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201905/1111 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilsugæslan Sólvangur | Hafnarfjörður | 201905/1110 |
| Hjúkrunarfræðingar | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201905/1109 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsv. | Kópavogur | 201905/1108 |
| Doktorsnemi á Menntavísindasv. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201905/1107 |
| Kennari | Framhaldssk. í Austur-Skaftafellss. | Höfn | 201905/1106 |
| Nýdoktor | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201905/1105 |
| Doktorsnemi í jarðeðlisfræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201905/1104 |
| Framkvæmdastjóri fjármála | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201905/1103 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201905/1102 |
| Sérkennari og sviðsstjóri | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201905/1101 |
| Kennari í eðlis- og stærðfræði | Menntaskólinn á Ísafirði | Ísafjörður | 201905/1100 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | LSH, heila- tauga og bæklunarskurð. | Reykjavík | 201905/1099 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, ónæmisfræðideild | Reykjavík | 201905/1098 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, lýtalækningar | Reykjavík | 201905/1097 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, blóð- og krabbameinsl. | Reykjavík | 201905/1096 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, líknarráðgjafateymi | Reykjavík | 201905/1095 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, blóðlækningadeild | Reykjavík | 201905/1094 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, bráðalyflækningadeild | Reykjavík | 201905/1093 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, mönnunar- og starfsumhverfisd. | Reykjavík | 201905/1092 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, sjúkrahótel | Reykjavík | 201905/1091 |



# COCA-COLA Á ÍSLANDI
# NÝ SPENNANDI STJÓRNENDASTÖRF

## Forstöðumaður QESH

Forstöðumaður QESH (Quality, Environment, Safety and Health) ber ábyrgð á gæðamálum, umhverfismálum, heilsu- og öryggismálum bæði á Akureyri og í Reykjavík. Ber hann ábyrgð á að tryggja að farið sé eftir öllum stöðlum og stefnum TCCC (The Coca-Cola Company) og CCEP (Coca-Cola European Partners), þar með talið að kynna, innleiða og fylgja eftir öllum gæðastefnum fyrirtækisins.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í raungreinum eða sambærileg menntun
- Haldbær stjórnunarreynsla
- Þekking og reynsla af gæðastarfi og/eða öryggismálum
- Reynsla af þjálfun starfsfólks auk framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta
- Góð almenn tölvuþekking
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Þekking á aðferðafræði Lean er kostur
- Reynsla af starfi í alþjóðlegu umhverfi er kostur

Nánari upplýsingar veitir Júlía Rós Atladóttir framkvæmdastjóri á vörustjórnunarsviði julia@ccep.is

## Forstöðumaður Víking Brugghúss á Akureyri

Um nýtt starf forstöðumanns er að ræða sem felur í sér stjórnun Víking Brugghúss þar sem um 30 starfsmenn starfa við framleiðslu bjórs. Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri Brugghúss og vinnur náið með stjórnendateymi Coca-Cola á Íslandi.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Haldbær stjórnunarreynsla
- Reynsla af þjálfun starfsfólks auk framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta
- Góð almenn tölvuþekking
- Þekking og starfsreynsla úr matvælaiðnaði er kostur
- Árangursrík reynsla af breytingastjórnun er kostur
- Þekking á aðferðafræði Lean er kostur

Nánari upplýsingar veitir Júlía Rós Atladóttir framkvæmdastjóri á vörustjórnunarsviði julia@ccep.is

## Sölustjóri í Reykjavík

Vegna aukinna umsvifa í sölu, er laus ný staða sölustjóra. Sölustjóri mun bera ábyrgð á því að hámarka árangur deildarinnar með því að leiða og hvetja sitt teymi að sölumarkmiðum, innleiða aðferðafræði CCEP og sölukerfi auk þess að skapa góðan, metnaðarfullan og jákvæðan starfsanda.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Haldbær stjórnunarreynsla og/eða sölustjórnun
- Brennandi áhugi á sölu og metnaður í starfi
- Reynsla af þjálfun starfsfólks auk framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvuþekking og hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Hæfni til að ná árangri í dýnamísku umhverfi þar sem breytingar eru hraðar
- Fagleg framkoma og hæfni til að halda kynningar
- Mjög góð ensku- og íslenskukunnátta
- Gilt bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Björg Jónsdóttir, forstöðumaður á sölu- og markaðssviði bjorg@ccep.is

**Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Áhugasömum umækjendum er bent á ráðningarvef CCEP: www.ccep.jobs**
**Umsóknarfrestur vegna allra starfa er til og með 2. júní 2019.**

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

**Coca-Cola á Íslandi starfar eftir virkri jafnréttisstefnu og stjórnendur gera sér grein fyrir því að aukinn fjölbreytileiki í hópi starfsmanna skilar sér í auknum árangri fyrirtækisins. Við trúum því að með því að styrkja fjölbreytni og jafnrétti innan fyrirtækisins, búum við til góðan vinnustað sem laðar að sér gott starfsfólk. Allir einstaklingar sem uppfylla hæfniskröfur auglýstra starfa eru hvattir til að sækja um störf, óháð kyni, trúarbrögðum, litarhætti, uppruna, kynhneigð, aldri eða fötlun.**

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

2017 2018 Framúrskarandi fyrirtæki



# Hugbúnaðarsérfræðingur

Rannís óskar eftir að ráða hugbúnaðarsérfræðing í fullt starf. Starfið felst í hönnun, hugbúnaðargerð og umsjón með umsókna- og upplýsingakerfum fyrir Rannís.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði hugbúnaðarfræða eða annað sambærilegt nám skilyrði
- Þekking og reynsla á PHP, SQL, JavaScript og Java er æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð, Agile og Scrum er æskileg
*Þú hefur getið þér gott orð sem einn fremsti bassaleikari nútímans sem tengir getu og flókna tækni við frábæran takt og tón. Er aukið flækjustig í bassalínum sérstakt markmið hjá þér?*

„Þegar ég var yngri þá var það málið. Ég lagði mig fram við að semja flóknar línur. Allt sem ég kunni, spilaði ég. Helst eins mikið og mögulega hægt var að koma að. Þetta var svona „hvað get ég gert?“. Og í hvert skipti sem ég lærði eitthvað nýtt þá vildi ég koma því að í lagi,“ segir John sem lagðist í miklar stílpælingar um miðbik níunda áratugarins.

„Ég fór svo inn í tímabil þar sem ég fór að taka sjálfan mig full hátíðlega og átti til að ofhugsa minn eigin stíl. Veistu, stundum þurfti meira að segja að ýta aðeins á eftir mér með að spila minn eigin stíl. Einhver í bandinu eða pródúsent þurfti að hvetja mig til að spila á bassann meira eins og John Taylor…! Þetta er alltaf ákveðin áskorun.“



John Taylor nýtur þess enn í botn að plokka bassann með Duran Duran. Hér er hann á tónleikum á Caymaneyjum í febrúar á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY



Villtir sætir strákar komnir til New York 1981 tilbúnir til að sigra heiminn.

**Marksækið úrvalslið**

John segir þá félaga alltaf reyna að búa til eitthvað nýtt, segja eitthvað nýtt, þegar þeir vinna að nýrri tónlist. „Þetta er ferlega skapandi ferli sem er frábært, en þú getur heldur ekki bara dinglað með. Þú verður að leggja eitthvað til og taka þátt, en það er líka hluti af því að vera saman í hljómsveit.

Eins og þú veist erum við búnir að vera saman ansi lengi þannig að við þurfum líka á því að halda að hvetja hverjir aðra og veita okkur innblástur. En þannig á það að vera því við erum jú saman í liði.

Ef Simon til dæmis kemur með ljóðlínur fyrir nýtt lag þá er það hreinlega eins og hann sé að skora mark í úrslitaleik – já…!!! Sama ef Nick kemur með hljómborðspart sem verður hvatning og upphaf að nýju lagi þá er maður aftur í skýjunum. Búinn að verja vítaskot. Frábær tilfinning og þannig vinnum við saman,“ segir bassavillingur níunda áratugarins, orðinn mun rólegri en jafn líklegur og áður til að raða inn glæsimörkum ásamt félögum sínum í Laugardalshöll í júní.

> **ÉG HELD LÍKA AÐ AÐDÁENDURNIR TENGI VIÐ OKKUR SEM MANNESKJUR. DURAN DURAN ER EIN AF ÞESSUM HLJÓMSVEITUM SEM VEKJA EINHVERS KONAR FJÖLSKYLDUTILFINNINGU.**

LYFSALINN
Betri þjónusta - betra verð

REMA 1000

NÚ FÁST REMA BLEYJUR OG BARNAVÖRUR Í LYFSALANUM

Lyfsalinn er lítið fjölskyldufyrirtæki. Okkar markmið er að veita okkar viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og bjóða gott vöruúrval á hagkvæmu verði.




Glæsibæ Álfheimum 74 105 Reykjavík Sími: 517-5500 www.lyfsalinn.is
Opnunartími: Virka daga: 8:30 - 18:00 Laugardaga: 10:00-14:00


Horfðu á
heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Sjónvarpsþjónusta
Ótakmarkaður heimasími
+
Afþreying frá Stöð 2
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun
eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone



✝

Elskulegur eiginmaður minn
og besti vinur, faðir okkar,
tengdafaðir, besti afi og bróðir,

**Albert Sigurjónsson**
Ásvöllum 2, Grindavík,

lést í faðmi stórfjölskyldunnar
miðvikudaginn 22. maí. Útförin fer fram
frá Grindavíkurkirkju, mánudaginn 3. júní kl. 14.

**Svanhvít Daðey Pálsdóttir**
**Þórkatla Sif Albertsdóttir Þorleifur Ólafsson**
**Þórey Tea, Albert, Jóhann Daði, Sif**
**Margrét Albertsdóttir Steinn Freyr Þorleifsson**
**Þorleifur Freyr**
**Sigurpáll Albertsson Katarzyna Kujawa**
**Hallgrímur Sigurjónsson og Rúnar Sigurjónsson**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
við andlát og útför ástkærrar móður
okkar, dóttur, systur og frænku,

**Írisar Bjarkar Hlöðversdóttur**

sem lést 29. apríl 2019.
Útför hennar fór fram í Víðistaðakirkju í
Hafnarfirði 9. maí. Þeim sem vilja
minnast hennar er bent á að styrkja Píeta samtökin.

**Finnbogi Ernir Ægisson**
**Emilía Karen Ægisdóttir**
**Hlöðver Kjartansson Herdís Jónsdóttir**
**Hulda Kristín Hlöðversdóttir Brynja Dröfn Ingadóttir**
**Kjartan Arnald Hlöðversson Sveinbjörg Júlía Kjartansdóttir**
**Pálmar Þór Hlöðversson David Anthony Noble**



✝

Hjartans þakkir færum við öllum
sem sýndu okkur samúð og hlýju við
andlát og útför ástkærs eiginmanns
míns, föður okkar, tengdaföður, afa,
langafa og bróður,

**Gísla Halldórssonar**
verslunarmanns,
Lækjasmára 8.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki
blóðlækningadeildar og gjörgæsludeildar Landspítala við
Hringbraut fyrir góða umönnun og þá miklu umhyggju
sem Gísla var sýnd.

**Ása Margrét Ásgeirsdóttir**
**Guðrún Katrín Gísladóttir Kristján Páll Ström**
**Ágústa Friðrika Gísladóttir Gísli Guðmundsson**
**Svava Halldórsdóttir Ágúst Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, systir, mágkona,
tengdadóttir og amma,

**Sigurborg Sólveig Andrésdóttir**
Hlíðargötu 37, Sandgerði,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, fimmtudaginn
16. maí. Útförin fer fram frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði,
föstudaginn 31. maí kl. 13.

**Kristján Nielsen**
**Andrés Daníel Kristjánsson**
**Alexander Freyr Andrésson**
**Gabríel Þór Andrésson**
**Ástrós Sóley Kristjánsdóttir Aðalsteinn Pétursson**
**Benjamín Smári Kristjánsson Maria Ashley Pollitt**
**Guðrún Andrésdóttir Sigurður J. Hallbjörnsson**
**Lilja Björk Andrésdóttir Kristján Ingi Magnússon**
**og Eygló Kristjánsdóttir**


*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




**Áskell Örn hefur í mörg horn að líta þessa dagana sem formaður Skákfélags Akureyrar.** MYND/ AUÐUNN NÍELSSON

# Æskuþróttur í öldungi

**Í tilefni aldarafmælis stendur Skákfélag Akureyrar fyrir öflugasta skákmóti sem nokkru sinni hefur verið haldið í bænum. Það er í Hofi, hefst í dag og stendur í viku.**

Þetta skákmót er hápunkturinn á afmælisdagskránni sem hefur staðið frá því í haust, í tilefni þess að félagið okkar er 100 ára,“ segir Áskell Örn Kárason, formaður Skákfélags Akureyrar. „Við höfum verið með sérstakt átak í skákkennslu í allan vetur. Í fimm af skólum bæjarins hefur skákin verið á stundatöflu í þriðja og fjórða bekk, þannig að um 500 börn hafa notið kennslu og hér er ákveðin vakning. Þó að við mannfólkið geispum golunni þá geta félög gengið í endurnýjun lífdaga og það er æskuþróttur í þessum öldungi sem skákfélagið er.“

Um sextíu keppendur eru skráðir til þátttöku á skákmótinu, bæði innlendir og erlendir, að sögn Áskels. „Þekktustu erlendu gestirnir eru Ivan Sokolov frá Hollandi og Svíinn Tiger Hillarp-Persson, sem eru báðir þekktir fræðimenn og skákrithöfundar, fyrir utan að vera öflugir stórmeistarar.“

Mótið er haldið við glæsilegar aðstæður í Hofi, verður sett klukkan 15 í dag og stendur í viku. Það er svolítið margbrotið, að sögn Áskels. „Auk þess að vera afmælismót er þetta Íslandsmót, þar verður teflt um þrjá Íslandsmeistaratitla og svo er það líka alþjóðlegt. Einnig er mótið til minningar um Guðmund Arason skákfrömuð, sem var jafnaldri félagsins og formaður Skáksambandsins um tíma. Fyrirtækið hans, GA smíðajárn, er einn öflugasti styrktaraðili mótshalds og Guðmundi var annt um þátttöku landsbyggðarinnar í skákstarfi.

Flestir af okkar sterkustu stórmeisturum taka þátt í mótinu, að sögn Áskels. Hann nefnir Helga Áss Grétarsson, Hannes Hlífar Stefánsson, Héðin Steingrímsson og Braga Þorfinnsson. Einnig mætir margfaldur Íslandsmeistari kvenna, Lenka Ptácniková.

Áskell hefur verið formaður Skákfélags Akureyrar í tíu ár. Hann segir það hafa sterka stöðu í bæjarfélaginu en fáir félagsmenn séu milli tvítugs og fimmtugs. Margir akureyrskir skákmenn á þeim aldri búa á höfuðborgarsvæðinu og eru þar með sérstakan félagsskap.“ Hann telur skákina höfða til allra aldurshópa. „Yngstu keppendur á þessu móti eru tíu ára en sá elsti er fæddur 1934, sá meistari kemur frá Bandaríkjunum, heitir Viktors Pupols og var að tefla við Bobby Fischer þegar Fischer var krakki. Þetta sýnir áhrifamátt skákarinnar að hann ákveður að skella sér til Íslands og taka þátt í skákmóti. Þannig að það er um 75 ára aldursmunur á yngsta og elsta keppandanum á þessu móti.

**gun@frettabladid.is**

> **Yngstu keppendur á þessu móti eru tíu ára en sá elsti er fæddur 1934.**



Elsku faðir minn, tengdafaðir, afi,
sonur, bróðir og mágur,

**Þórður Hafsteinsson**
F. 18.03. 1955 D. 01.05. 2019

lést á dvalarheimilinu Ási í Hveragerði
1. maí. Útförin hefur farið fram. Innilegar
þakkir til starfsfólks Áss.

**Hafsteinn Þór Þórðarson Lara Ruiz Prados**
**Þorbjörg Una Hafsteinsdóttir**
**Hafsteinn Erlendsson**
**Eyrún Hafsteinsdóttir Neil Clark**
**Jón Grétar Hafsteinsson**
**Sigrún Hafsteinsdóttir Úlfar Finnbjörnsson**
**og systkinabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vináttu við andlát
og útför hjartkærs eiginmanns,
föður, tengdaföður og afa,

**Harðar Sigurgestssonar**
fyrrv. forstjóra.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlíðabæjar og Landspítala
Fossvogi fyrir afar góða umönnun.

**Áslaug Ottesen**
**Inga Harðardóttir Vicente Sánchez-Brunete**
**Jóhann Pétur Harðarson Helga Zoëga**
**Áslaug Kristín, María Vigdís, Hörður,**
**Aldís Clara og Victor Pétur**

ÞETTA GERÐIST: 26. MAÍ 1929

# Vélarlaus brimróðrarbátur vígður

Það var þennan mánaðardag árið 1929 sem fyrsti björgunarbátur Íslendinga var vígður í Reykjavík af biskupi Íslands, Jóni Helgasyni.

Slysavarnafélagi Íslands, sem þá var nýlega stofnað, var gefinn báturinn, af hjónunum Þorsteini Þorsteinssyni skipstjóra og Guðrúnu Brynjólfsdóttur, og hlaut hann nafnið Þorsteinn. Hann var opinn, vélarlaus brimróðrarbátur sem var keyptur af breska björgunarfélaginu RNLI eftir rækilegar athuganir. Báturinn var ekki nýr en taldist í góðu ásigkomulagi og fylgdu ýmsir hlutir með í kaupunum, meðal annars vagn til flutnings bátsins á landi.

Kaupverðið var 500 sterlingspund, eða um 12.000 krónur á þáverandi verðlagi og þótti mjög hagstætt því bara vagninn sem fylgdi með var metinn á meira en 500 pund. Björgunarskipinu Þorsteini var síðar komið fyrir í Sandgerði.






Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gísli Guðmundsson**

húsasmíðameistari,
Bergsmára 13, Kópavogi,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
21. maí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sólveig Margrét Ásmundsdóttir**
**Aron Freyr Gíslason** **Katla Sif Friðriksdóttir**
**Ásmundur Óli Gíslason**
**Guðmundur Garðar Gíslason**
**Erla Guðrún Gísladóttir** **Finnur Dellsén**
**Lilja Björg Gísladóttir** **Jón Baldvin Jónsson**
**Hafdís Gerður Gísladóttir** **Bjartmar Ingi Sigurðsson**



Við þökkum auðsýnda vináttu
og samúð við andlát og útför

**Nikulásar Þ. Sigfússonar**

læknis.

Sérstakar þakkir til starfsfólks
hjartadeildar LSH fyrir hlýhug og góða
umönnun.

**Guðrún Þórarinsdóttir**
**Sigfús Þ. Nikulásson**
**Hjálmfríður L. Nikulásdóttir** **Ari Harðarson**
**Sigríður A. E. Nikulásdóttir** **Jón Hörður Jónsson**
**Sigrún Nikulásdóttir**
**Sólveig Nikulásdóttir** **Arnar Arnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Halldór Jón Sigurðsson**

kennari,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans
föstudaginn 17. maí. Halldór verður
jarðsunginn frá Grafarvogskirkju
föstudaginn 31. maí klukkan 13. Blóm og kransar
vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans
er bent á að styrkja Krabbameinsfélagið eða önnur
líknarfélög.

**Edda Björnsdóttir**
**Daði Halldórsson** **Telma Kjaran**
**Ívar Halldórsson** **Linda María Sveinsdóttir**
**Oliver Emil, Birnir Dagur, Sólon Snorri og Ingunn Edda**



**Arinbjörn Kristjánsson**
(Böddi á Bakka)

vélatæknifræðingur,
Háahvammi 10, Hafnarfirði,

lést 20. maí sl.
Bálför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Birthe Kristjánsson**
**Marion E. Arinbjarnardóttir**
**Kristrún E. Arinbjarnardóttir** **Heimir Jónasson**
**Þórunn Arinbjarnardóttir** **Hilmar Þór Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Kærar þakkir til allra þeirra sem sýndu
okkur samúð og vináttu vegna fráfalls

**Höskuldar Sveinssonar**

arkitekts.

**Helena Þórðardóttir**
**Sveinn Skorri Höskuldsson**
**Sólveig Lóa Höskuldsdóttir**



Innilegar þakkir sendum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
vinarhug við andlát og útför
föður míns, tengdaföður og afa,

**Kristins Jóns Sölvasonar**

**Björg Kristinsdóttir** **Baldur Guðgeirsson**
**Abigail, Mikael Geir og Adam Geir**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Halldóra Ragna Pétursdóttir**

Hafnartúni 6, Siglufirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun
Norðurlands, Siglufirði, 20. maí 2019,
verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju
fimmtudaginn 30. maí, kl. 14.00.

**Halldóra S. Björgvinsdóttir** **Ólafur Þór Ólafsson**
**Jón Ó. Björgvinsson**
**Sigurður T. Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Ævar S. Ingólfsson**

vélstjóri,

lést þriðjudaginn 21. maí á Hrafnistu.
Útför hans verður gerð frá Grafarvogs-
kirkju, mánudaginn 27. maí kl. 11.00.

**Þórir Ómar, Óskar Ragnar,**
**fjölskyldur og aðrir aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, afi og bróðir,

**Hilmar Pétur Þormóðsson**

blaðamaður,

lést á líknardeild Landspítalans þann
10. maí síðastliðinn. Útför hans hefur
þegar farið fram í kyrrþey, að eigin ósk.

**Fyrir okkar hönd og annarra ástvina:**
**Björg Atladóttir**
**Atli Örn Hilmarsson**
**Steinþór Óli Hilmarsson**
**Hilmar Ársæll Steinþórsson** **Katrín Baldvinsdóttir**
**Steinunn Helga Steinþórsdóttir**
**Ásgeir Þormóðsson** **Valgerður Ólafsdóttir**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, sonur og bróðir,

**Hallbjörn Eðvarð Þórsson**

Stórhóli 29, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á
Húsavík þann 15. maí. Útförin fer
fram frá Húsavíkurkirkju fimmtudaginn
30. maí klukkan 14. Blóm og kransar eru afþakkaðir en
þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag
Suður-Þingeyinga.

**Helena Eydís Ingólfsdóttir**
**Hera Karín Hallbjörnsdóttir** **Arna Júlía Hallbjörnsdóttir**
**Helga Hallbjörnsdóttir** **Eyjólfur Magnússon**
**Þór Ottesen Pétursson**
**og systkini.**



**Ísafjarðarkirkja var vígð árið 1995.**

## Merkisatburðir

**1920** **Guðjón Samúelsson er skipaður húsameistari ríkisins.**

**1929** Sjálfstæðisflokkurinn er stofnaður af þingmönnum Íhaldsflokksins og Frjálslynda flokksins. Fyrsti formaður er Jón Þorláksson.

**1946** Jórdanía verður til sem sjálfstætt ríki.

**1961** Apollo-geimferðaáætlunin hefst í Bandaríkjunum. Markmiðið er að koma manni til Tunglsins og til baka.

**1966** Félag kvikmyndagerðarmanna er stofnað á Íslandi.

**1977** Kvikmyndin Stjörnustríð er frumsýnd í Bandaríkjunum.

**1985** Hitabeltisfellibylur og áhlaðandi valda því að um 10.000 manns látast og 250.000 missa heimili sín í Bangladess.

**1986** Hands Across America: 6,5 milljónir manna mynda mannlega keðju í þágu baráttu gegn hungri, fátækt og heimilisleysi.

**1986** 600 farast þegar ferju hvolfir á ánni Meghna í Bangladess.

**1987** Mesti jarðskjálfti á Suðurlandi síðan 1912 verður í Vatnafjöllum, suður af Heklu, Hann er 5,7 stig.

**1995** Ísafjarðarkirkja er vígð.

**2000** Ísrael dregur herlið sitt frá Líbanon eftir 22 ára hersetu.

**2001** Erik Weihenmayer verður fyrsti blindi maðurinn sem kemst á tind Everestfjalls.

**2008** Knattspyrnufélagið Valur vígir Vodafonevöllinn við Hlíðarenda.

**2008** Geimfarið Phoenix lendir á Mars.

**2013** Hallsteinsgarður í Grafarvogi er vígður.



**Guðjón Samúelsson.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð við andlát og útför ástkærrar
eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Angelu Baldvins**

**Stefán Valur Pálsson og fjölskylda**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólafía Kristrún Haraldsdóttir**

lést sunnudaginn 19. maí
á líknardeild Landspítalans.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík
29. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á Ljósið.

**Aðstandendur.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**KAFARABÚNINGUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| F | Ú | L | S | U | Ð | U | | S | | S | | S | | O | | D | | S | |
| Æ | | I | | L | | M | | T | U | N | G | U | B | R | J | Ó | T | U | R |
| L | E | S | B | L | I | N | D | A | | A | | Ð | | Ð | | M | | N | |
| I | | T | | A | | Æ | | R | | R | | U | | B | | H | | D | |
| N | | A | | R | | Ð | | T | O | L | L | V | A | R | Ð | A | N | N | A |
| G | E | G | N | H | E | I | L | A | | I | | É | | A | | R | | Á | |
| I | | I | | Á | | N | | R | Á | Ð | S | L | A | G | I | Ð | | M | |
| N | Ú | L | L | R | E | G | L | A | N | | K | | | Ð | | R | E | I | F |
| | T | | E | | | | Ó | R | A | F | J | A | R | S | K | A | | | I |
| B | R | Á | Ð | F | E | I | G | | U | | Ó | | U | | E | R | T | U | M |
| | E | | J | | I | | A | U | Ð | S | L | E | G | I | N | | R | | M |
| B | I | Ð | U | N | N | A | R | | A | | G | | L | | Í | Þ | Ö | K | U |
| | Ð | | S | | M | | I | | R | J | Ó | M | A | N | S | | L | | N |
| V | I | T | L | A | U | S | T | | O | | Ð | | Ð | | K | Ú | L | A | N |
| | N | | A | | N | | M | Y | K | J | U | F | A | T | A | | A | | A |
| L | A | N | G | S | A | M | A | R | | Ó | | Á | | Á | R | Á | S | I | R |
| O | | E | | K | | A | | K | E | T | K | R | Ó | K | | | Ö | | |
| S | A | M | L | E | I | K | | T | | A | | Á | | N | Ö | G | G | U | M |
| T | | I | | R | | K | V | I | K | N | A | Ð | R | A | | | U | | |
| A | U | Ð | G | I | N | A | | R | | A | | A | | R | Á | Ð | R | Í | K |

**LAUSNARORÐ:** Vísbending f.lausnarorð: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast fley sem brýnt er að halda úti. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 31. maí á krossgata@frettabladid.is merkt „25. maí".



FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hundakæti** eftir **Þorstein Vilhjálmsson** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Þorsteinn S. Guðjónsson, 111 Reykjavík**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

**LÁRÉTT**

**1** Kanna samstöðu um alin (11)
**11** Silkimjúkt er setrið mitt, segir biskup (10)
**12** Hér fara ljúf fyrir léttum (9)
**13** Meira NaCl tel ég svarið ef pækilinn þverr (12)
**14** Máttur merkja er utan minnar lögsögu (9)
**15** Held að nótt detti á með tilheyrandi dögg (9)
**17** Skýringarmyndirnar auðga kokkabækur konditoranna (9)
**18** Dvergur liggur við sígræn tré úr suðri (6)
**19** Hafnarfjörður skilar hagnaði ef rekstur hans borgar sig (6)
**23** Félagar úr farvegi mórauðrar móðu (8)
**28** Plága, ó sú plága sem þetta útlenska mauk er (5)
**31** Reikna með ákveðnum austri í innspýtingunni (11)
**32** Taka pásu vegna stefnu gláps (6)
**33** Leðurgafl við lélegt fell (9)
**34** Gróin heldur lengra suður til að gæta fjörsins (10)
**35** Hér segir af heimsmethafa í að láta reka á reiðanum (11)
**41** Segja fyrir um stólpa með galdraprikum (9)
**43** Þorsteinn matgoggur minntist á máltíð (8)
**44** Tel ofn orna óðum jafnt sem soltnum (7)
**45** Tek júllur fram yfir snuð (6)
**46** Giska á Öldu útfrá bolmagninu (7)
**47** Sá Karl halda fund milli samkoma (9)
**48** Mjölpípan gleður ruglaðan lúðann (6)
**49** Það er strit að skrifa um höfunda óhróðursbæklinga (7)

**LÓÐRÉTT**

**1** Væti belg með meltingarsafa (9)
**2** Þessir ræflar þreyttu slæmar (9)
**3** Ráða aldur af fjölda grárra hára og hrukka (9)
**4** Gefur tímabili grið á hvíldartíma (10)
**5** Þarf að staðfesta skólavist milli missera? (8)
**6** Horfðuð til himins og urðuð föl (8)
**7** Falli þau í frjóan svörð vaxa þar tittlingar og snípur (8)
**8** Svo slæm af þessu dufti að þau eru alveg brjáluð (7)
**9** Vil síður að þú rekir hausinn í renglur (7)
**10** Það teygðist svo úr broddstafnum að hann fór hvergi (9)
**16** Vefum sæ úr læsingabúnaði (9)
**20** Örg út í Örn en lið hans var þó verra (7)
**21** Bitur vík ég öllum frá og sendi til staðar í Öxnadal, hvar síra Jón sneri Milton (7)
**22** Ægir geymir einatt blóðþyrst bein og hákarl (7)
**24** Hret snúast um storknanir (12)
**25** Hann sér það sem ég segi ef íhlaupaþulurinn bregst (12)
**26** Af vinsælustu biðunum og búningunum (12)
**27** Af bandingjum Ránar og gjöfum hennar líka (8)
**29** Helgi Víðirinn? Hljómar kunnuglega, en samt ... (6)
**30** Minnst jafnmargir festast á heiðinni sem enginn kemst yfir (6)
**36** Erindi út verða algeng þegar sá tími kemur (7)
**37** Ég á ekki neitt í þessum hesti, en hver á hann þá? (7)
**38** Falleg málmkrús innsiglar samninginn (7)
**39** Víkjum þá að starfi mínu og starfsumhverfi (7)
**40** Í raun býr hér enginn nema rugluð smábörn (7)
**42** Kona, hví þetta span fyrir hreinan málm? (6)

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | 5 | | | 6 |
| | | 5 | 9 | 6 | | | | |
| 8 | | 3 | | | 2 | | 5 | |
| 3 | 7 | 1 | | 5 | | | | |
| 4 | | | 2 | | 9 | | 6 | |
| | | 6 | 3 | 8 | | | | |
| | | | 4 | 2 | 6 | 7 | 8 | |
| | 3 | | 7 | | | 5 | 1 | |
| | | | | | | | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 4 | 6 | 9 | 3 | |
| 6 | 8 | | | 5 | | | | 4 |
| | | | 1 | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | 6 | | | 4 | | |
| 5 | 6 | 8 | 9 | | | 1 | | |
| | | | | 1 | 2 | | 8 | |
| 4 | | | | | 5 | | | 1 |
| 8 | | 7 | | | | 6 | | |
| | | | 4 | 9 | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 1 | | 8 | |
| 5 | 8 | | | | | 9 | | 1 |
| | | 2 | 3 | | | | | |
| 4 | 5 | | | | | | | |
| | | | | | | | 1 | |
| | | 3 | | 9 | 7 | 2 | | |
| | 3 | 6 | | 2 | | | 9 | |
| | 9 | | | 4 | | 3 | | |
| | | 8 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 1 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 4 | 5 | 7 | 3 | 6 | 2 | 8 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 | 1 |
| 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 3 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 | 1 | 6 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 |
| 3 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 9 | 8 | 6 | 1 | 4 | 2 | 7 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 1 | 3 | 6 | 5 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 7 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 1 | 9 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 2 | 7 | 8 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 8 | 1 | 9 | 2 | 6 | 5 | 3 | 7 | 4 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Krutichin átti leik gegn Tschlapinski í Sovétríkjunum árið 1950. Hvítur á leik
**1. Rh5! gxh5 2. Hg1! 1-0.**

**www.skak.is:** Allar helstu skákfréttirnar.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ

Árlegt Kjördæmamót var haldið um síðustu helgi. Þriðja árið í röð kom sigurinn í hlut Reykjavíkurkjördæmis sem fékk 437,15 stig, sem gera tæplega 12,14 í leik að jafnaði. Að þessu sinni var það hlutverk Reykjaness að halda mótið og spilað var í glæsilegum íþróttasal HK í Fossvogsdalnum. Keppendur voru öll kjördæmin, gestasveit frá Reykjanesi og gestir okkar frá Færeyjum (sem enduðu í 8. sæti – Færeyingar hafa um árabil verið með í þessu móti). Kjördæmameistarar eru; Jón Baldursson,Ragnar Hermannsson, Arngunnur Jónsdóttir, Þóranna Pálsdóttir, Ólöf Þorsteinsdóttir, Bryndís Þorsteinsdóttir, Guðný Guðjónsdóttir, Þorgerður Jónsdóttir, Sigrún Þorvarðsdóttir, Magnús Sverrisson, Halldór Þorvaldsson, Guðlaugur Sveinsson, Ingólfur Hlynsson, Gunnlaugur Karlsson, Ísak Örn Sigurðsson, Guðmundur Baldursson, Steinberg Ríkharðsson, Sveinn Rúnar Eiríksson, Jón Ingþórsson, Kjartan Ásmundsson og Sverrir Kristinsson. Steinar Jónsson, í liði Norðurlands vestra, vann 4 spaða með yfirslag í viðureign kjördæmisins við Austurland í 7. umferð mótsins. Steinar sat í norður og ákvað að opna á 1 spaða, þó að punktarnir hafa verið heldur fáir – en skipting spilanna gerði spilin hans sterk. Norður var gjafari og NS á hættu:

**Norður**
♠ ÁK9853
♥ G10954
♦ G
♣ 6

**Vestur**
♠ D102
♥ D8
♦ 962
♣ Á10943

**Austur**
♠ G
♥ Á732
♦ 1084
♣ DG852

**Suður**
♠ 764
♥ K6
♦ ÁKD753
♣ K7

Stefán Jóhannson (í suður) svaraði á 2♦ geimkröfu. Steinar kynnti hjartalit sinn með 2♥ og Stefán sagði 2♠. Þá stökk Steinar í 4♠ til að sýna "lágmarksopnun" og þar lauk sögnum. Útspil austurs var einspilið í spaða. Steinar lagði strax til atlögu við tígullitinn og henti einspili sínu í laufi. Hann hélt áfram að toppa tígulinn og vestur trompaði á tíuna þegar hann var búinn með tígulinn. Þann slag fékk hann að eiga og Steinar henti hjarta. Þá kom hjarta á ás – og það var eini viðbótarslagur varnarinnar. Leikur þessara kjördæma fór 44,46-35,54 N-Vestra í vil.


TÓNLISTAR- OG BÆJARHÁTÍÐIN
HJARTA HAFNAR-FJARÐAR
8. - 14. JÚLÍ
DIMMA 9. JÚLÍ
FRIKKI DÓR + HLJÓMSVEIT 10. JÚLÍ
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON + HLJÓMSVEIT 11. JÚLÍ
JÓNAS SIG OG MILDA HJARTAÐ 12. JÚLÍ
Á MÓTI SÓL 13. JÚLÍ
VÖK 14. JÚLÍ
ÚTISVÆÐI
8. JÚLÍ OPNUNARHÁTÍÐ FRÍTT INN
9. JÚLÍ DIMMA Á RISASKJÁ DJ TIL MIÐNÆTTIS
10. JÚLÍ FRIÐRIK DÓR Á RISASKJÁ DJ TIL MIÐNÆTTIS
11. JÚLÍ BO HALL Á RISASKJÁ PAPABALL Á ÚTISVÆÐI TIL KL 1
12. JÚLÍ JÓNAS SIG Á RISASKJÁ PAPABALL Á ÚTISVÆÐI TIL KL 1
13. JÚLÍ Á MÓTI SÓL Á RISASKJÁ ÁMS BALL Á ÚTISVÆÐI TIL KL 1
MIÐASALA HAFIN Á MIDI.IS
HJARTA HAFNAR-FJARÐAR BJÓRKORT
SALA Á BJÓRKORTUM ER EINNIG HAFIN Á MIDI.IS. TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI
BÆJARBÍÓ
Gull
HAFNARFJÖRÐUR
prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 354

„Jæja þá, tvær nýjar sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Konráð. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði Kata montin. „Við getum byrjað á þessari léttari,“ sagði Lísaloppa. „Þeirri léttari fyrst,“ sagði Kata hneyksluð. „Ekki ég, ég byrja á þeirri erfiðari fyrst,“ sagði hún og glotti. „Ég yrði fljótari en þið bæði til samans þótt þær væru báðar þungar.“ Kata var orðin ansi klár. En skyldi hún vera svona klár?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 1 | | 2 | | 8 | 7 |
| 4 | 7 | 6 | | | 8 | 2 | 9 | |
| | | | 4 | | | | | 5 |
| | 5 | | 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | |
| 9 | | 7 | | 8 | | 5 | | 6 |
| | 1 | 8 | | 4 | 5 | | 3 | |
| 7 | 3 | | 2 | | | 8 | 5 | 4 |
| 8 | | | | 9 | 4 | 1 | | 3 |
| 1 | | 2 | 8 | 5 | | 6 | 7 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | 2 | | | | | 6 |
| | | | | 1 | | | 8 | |
| 2 | 3 | | | 9 | 8 | | 5 | |
| | | 2 | | | 1 | | | 3 |
| 3 | | 9 | 6 | 5 | | 8 | | |
| 5 | | | | 3 | 4 | | | |
| | 8 | | | 6 | | 2 | | 7 |
| | 5 | | 4 | 2 | | 6 | 3 | |
| | | | 1 | | 7 | 9 | 4 | |

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?





Eva Guðrún með tíkina sína París sem er fjórtán ára. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Svínið sætasta dýrið í sveitinni

**Eva Guðrún Einarsdóttir** á von á að fara í útilegu í sumar og líka á golfnámskeið.

Eva Guðrún er níu ára. Hún er nýkomin úr sundi með mömmu sinni og systrum þegar viðtalið er tekið.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í sundlaugunum?** Að synda og líka hlaupa yfir flekana. Það er svolítið áhættuatriði. Maður getur dottið ofan í.

**Hefurðu farið í kalda pottinn í laugunum?** Já, ég hef prófað en það var mjög kalt og ég fór eiginlega strax upp úr.

**Ertu í fótbolta eða æfir aðrar greinar?** Ég er í fótbolta með Þrótti, við æfum úti, líka á veturna, svo er ég í djassballett í JSB og kór.

**Hvað ætlar þú að gera í sumar?** Ég ætla að fara á golfnámskeið.

**Hefurðu prófað að spila golf?** Já, mér finnst það gaman. Svo fer ég kannski á fótboltanámskeið líka, að minnsta kosti keppi ég í fótbolta á VÍS-mótinu hér í Reykjavík og á Króksmótinu á Sauðárkróki.

**Veistu um önnur ferðalög sem eru á döfinni?** Kannski fer ég í útilegu.

**Hefurðu sofið í tjaldi?** Já, það var í Þórsmörk.

**Förstu í fjallgöngu?** Já, við förum upp á nokkur fjöll og horfðum niður á tjaldið okkar lengst fyrir neðan. Svo löbbuðum við yfir eitt fjallið og niður hinum megin, í næsta dal.

**Hefurðu gengið á Esjuna?** Já, upp að Steini.

**Hefurðu eitthvað kynnst sveitalífi þar sem eru kýr og kindur?** Já, ég hef einu sinni farið á námskeið í Mosfellsdal.

**Varstu hrædd við einhverjar skepnur?** Nei, mér fannst bara gaman.

**Hvaða dýr var fallegast?** Svínið var sætast. Það var hlaupandi út um allt.

**Áttu þér uppáhaldsstað einhvers staðar í heiminum?** Já, Ítalíu, ég geri svo margt þar, fer á skíði, syndi í sjónum og fleira.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Það er svo rosalega mikið, til dæmis skáld, dansari … læknir…

**Áttu gæludýr?** Ég á París. Hún er góð. Hún er fjórtán ára.

Ljóðið

## Undur

Í nótt gerðist kraftaverk
greinar kastaníunnar opnuðust
og örlítil lauf teygðu sig
móti sólinni
Það var vorið sem kom.

Kom það úr dúnlitlu skýi
utan úr blámanum
eða úr hvítri gufu
sem lagði upp frá rakri moldinni?
Kannski var það í næturgolunni
sem var hlýrri en í gær?

Ég veit það ekki
þetta skeði í nótt
meðan ég svaf.

Vilborg Dagbjartsdóttir

## Brandarar

Palli, þú ættir að þvo þér í framan. Það sést á andlitinu á þér hvað þú varst að borða í hádeginu.“ „Jæja, og hvað borðaði ég í hádeginu?“ „Spagettí.“ „Nei, það var í gær.“

Ferðamaðurinn: „Er húsið þarna sumarbústaður?“ Bóndinn: „Já, ef einhver vill leigja það. Annars verður það svínastía áfram.“



„Ég vil ekki segja að maðurinn minn sé grindhoraður en þegar hann fór með dóttur okkar niður að Tjörn á laugardaginn hentu endurnar brauði til hans.“

Spurt í strætó: „Bílstjóri! Stoppar þessi vagn við höfnina?“ „Ja, ef hann gerir það ekki verður aldeilis gusugangur.“

Skoðun dagsins:

[ Allt var betra
í gamla daga ]



**Fornbíladagur Frumherja 25. maí**
**kl. 9–13 í Klettagörðum 11**

Komdu og kíktu á gripina.
Heitt á könnunni og pylsur á grillinu.




Frumherji

Sími 570 9090 • www.frumherji.is

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Laugardagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 3 |
| Ísafjörður | 7 | 4 |
| Akureyri | 9 | 3 |
| Egilsstaðir | 7 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 6 |
| Hveravellir | 8 | 1 |

Norðlæg eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað og smáskúrir suðaustan- og austanlands, annars bjart með köflum en skúrir síðdegis í uppsveitum á Suðurlandi. Hiti 3 til 13 stig, hlýjast suðvestan til.

| | Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10 °C / 3 | 9 °C / 3 | 8 °C / 4 | 8 °C / 3 | 10 °C / 2 |
| Ísafjörður | 8 °C / 3 | 3 °C / 4 | 0 °C / 5 | 3 °C / 4 | 7 °C / 1 |
| Akureyri | 9 °C / 3 | 2 °C / 2 | 0 °C / 3 | 0 °C / 2 | 6 °C / 1 |
| Egilsstaðir | 6 °C / 4 | 1 °C / 4 | 2 °C / 6 | 2 °C / 5 | 4 °C / 2 |
| Kirkjubæjarklaustur | 6 °C / 2 | 9 °C / 1 | 6 °C / 2 | 7 °C / 3 | 8 °C / 2 |
| Hveravellir | 9 °C / 5 | 4 °C / 5 | 1 °C / 8 | 2 °C / 6 | 6 °C / 2 |









1989 30 ÁRA 2019

KOMDU Í KOLAPORTIÐ

OPIÐ ALLAR HELGAR FRÁ KL. 11.00-17.00

KOLAPORTIÐ
DÁSAMLEG DEILD SAMFÉLAGSINS



Aðalfundur
Hollvina Grensásdeildar

verður haldinn mánudaginn 27. maí 2019
í kennslustofu Grensásdeildar
og hefst kl. 16:30

Dagskrá fundarins:
Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2018
Ársreikningur 2018
Kjör stjórnar - önnur mál



Allir velunnarar Grensásdeildar hjartanlega velkomnir

HOLLVINIR GRENSÁSS

Stjórn Hollvina Grensásdeildar

Hollvinir Grensáss safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði

www.grensas.is



SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SÚKKULAÐI HEFUR ALDREI
BRAGÐAST BETUR
GODIVA
Belgium 1926
SALTED CARAMEL
MILK CHOCOLATE FROM BELGIUM WITH CARAMELISED TOFFEE PIECES AND A HINT OF SALT
Net Wt.: 90g
GODIVA
Belgium 1926
72% COCOA
RICH, SMOOTH DARK CHOCOLATE FROM BELGIUM
Net Wt.: 90g
GODIVA
Belgium 1926
MILK CHOCOLATE
SMOOTH AND CREAMY MILK CHOCOLATE FROM BELGIUM
Net Wt.: 90g
GODIVA
Belgium 1926
BLOOD ORANGE
DARK CHOCOLATE FROM BELGIUM WITH BLOOD ORANGE PIECES
Net Wt.: 90g
GODIVA
Belgium 1926
MASTERPIECES
GANACHE HEART WITH BELGIAN DARK CHOCOLATE
DARK CHOCOLATE WITH A VELVETY GANACHE FILLING
Net Wt.: 83g
GODIVA
Belgium 1926
MASTERPIECES
CARAMEL LION WITH BELGIAN MILK CHOCOLATE
MILK CHOCOLATE WITH SMOOTH CARAMEL FILLING
Net Wt.: 83g
GODIVA
Belgium 1926

# Leiðréttingar eru skemmtilegur leikur

**Sigurður Árni Sigurðsson sýnir í Hverfisgalleríi ljósmyndir og póstkort sem hann hefur gert leiðréttingar við. Hann segir póstkort geyma ótrúlega mikið af smáatriðum.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is





„Ég vil frekar að þetta verkefni rúlli áreynslulaust,“ segir Sigurður Árni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sýning á verkum Sigurðar Árna Sigurðssonar verður opnuð í dag, laugardaginn 25. maí, í Hverfisgalleríi. Sýningin ber yfirskriftina Leiðréttingar og á henni eru tugir verka sem byggð eru á ljósmyndum og póstkortum sem listamaðurinn hefur gert leiðréttingar við. Elsta verkið er frá árinu 1992 og þau nýjustu frá þessu ári.

„Ég man hvenær ég gerði fyrstu Leiðréttinguna. Ég fann ljósmynd af hundi á markaði í Frakklandi, hún lá svo hjá mér í nokkurn tíma áður en ég vissi hvað ég vildi gera við hana. Ég límdi hana á pappír og teiknaði svo út frá ljósmyndinni út á pappírinn,“ segir Sigurður Árni. „Í framhaldinu fann ég svo fleiri ljósmyndir og póstkort sem mér fannst ég þurfa að leiðrétta á einhvern hátt. Ég fór að taka eftir alls konar smáatriðum í kortunum, þar var einhver hliðarveruleiki sem mér fannst ég þurfa að leiðrétta eða undirstrika.“




### Sama gerð af pappír

Spurður hvort einhver þróun hafi verið í því hvernig hann leiðréttir póstkort segir Sigurður Árni: „Ég geri þetta alltaf eins, ég hef meira að segja alltaf notað sömu gerð af pappír. Núna eru Leiðréttingarnar orðnar að seríu sem ég vinn samt ekki stöðugt. Ég vil frekar að þetta verkefni rúlli áreynslulaust vegna þess að þetta er hliðarverkefni. Þetta er líka skemmtun, það er gaman að vinna þessi verk.

Hvað varðar efni og tækni hefur ekki orðið nein sérstök þróun á þessum árum. Hins vegar sé ég greinilega hverju ég var að velta fyrir mér árið 1995 og svo var ég að velta einhverju allt öðru fyrir mér árið 2005 og árið 2015. Formin sem ég sé og póstkortin sem ég vel sýna hvar ég er staddur í veröldinni, hugarfarslega séð.“

Hann segir misjafnt hversu mikið hann leiðrétti á ljósmyndunum eða póstkortunum. „Það fer eftir myndefni og þróast stundum meðan ég er að gera það. Þá kem ég auga á eitthvað og ákveð að vinna út frá því en kem smám saman auga á eitthvað annað. Það er oft ótrúlega mikið af smáatriðum sem fara framhjá manni þegar maður horfir yfirborðslega á póstkort.“

### Bók um Leiðréttingar

**Í tengslum við sýninguna í Hverfisgalleríi kemur út vegleg bók. Hún geymir myndir af rúmlega 70 Leiðréttingum. Franski listfræðingurinn Bernard Marcadé skrifar inngang og Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur skrifar ítarlega um verkin og rýnir í hugmyndafræðina á bak við þau. Í bókinni er einnig að finna grein eftir Jón Proppé sem hann skrifaði í Skírni árið 2014 um Leiðréttingar listamannsins og grein sem Hallgrímur Helgason skrifaði árið 1995 fyrir sýningu listamannsins.**



Ein af Leiðréttingum Sigurðar Árna á sýningunni.

### Póstkort sem fréttamiðill

Sigurður Árni notar aðallega gömul svarthvít póstkort. Hann er spurður hvort honum þyki ný póstkort óspennandi. „Ég er á því að póstkort hafi breyst og í dag eru þau flest óskaplega banal. Póstkortin í gamla daga voru aðalfréttamiðillinn. Það voru teknar ljósmyndir af daglegu lífi, til dæmis af leikjum barna sem ég hef notað nokkuð, þannig póstkort sér maður ekki í dag. Gömlu póstkortin eru vissulega mjög misjöfn en það eru mikil prentgæði í mörgum þeirra. Þess vegna er svo gaman að vinna með þau.“

**FORMIN SEM ÉG SÉ OG PÓSTKORTIN SEM ÉG VEL SÝNA HVAR ÉG ER STADDUR Í VERÖLDINNI, HUGARFARSLEGA SÉÐ.**

Tugir Leiðréttinga eru á sýningunni. „Fyrir mér eru þessar leiðréttingar skemmtilegur leikur,“ segir Sigurður Árni. „Ég er búinn að vinna með þær mjög lengi en hef aldrei áður séð þær jafn margar saman eins og á þessari sýningu.“

ego dekor

# 15-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM



BURBANK TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
~~Verð: 218.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 185.300,-



ARES 4RA SÆTA SÓFI
Breidd: 278cm
~~Verð: 188.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 159.800,-



ORLANDO HORNSÓFI
Stærð: 314X210cm
~~Verð: 258.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 206.400,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm - færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 99.900,-



CANNON HORNSÓFI
Stærð: 284X190cm
~~Verð: 248.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 186.000,-



SEAL TUNGUSÓFI
Stærð: 278X175cm
~~Verð: 229.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 169.460,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: Lokað

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S. 544 4420



„Þessi viðurkenning kom mér á óvart og ég varð snortin og montin inni í mér,“ segir Eva Rún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Eins og að safna fræjum úr tilverunni

**Eva Rún Snorradóttir hreppti Maístjörnuna fyrir ljóðabók sína Fræ sem frjóvga myrkrið. Hún byrjaði að yrkja átta ára gömul. Verðlaunabókin fjallar annars um afar vonda sólarlandaferð og það að vera lesbía.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Eva Rún Snorradóttir hlaut nýlega Maístjörnuna fyrir ljóðabók sína Fræ sem frjóvga myrkrið. Rithöfundasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn standa fyrir verðlaununum og dómnefnd valdi bókina ljóðabók ársins 2018.

„Þessi viðurkenning kom mér á óvart og ég varð snortin og montin inni í mér,“ segir Eva Rún. Verðlaunabókin skiptist í tvo hluta. „Fyrri hlutinn er ein heild og byggir á ferð sem ég fór átján ára gömul til Benidorm. Mig hafði lengi langað til að skrifa um þessa ferð vegna þess að hún hafði vondar afleiðingar, henni fylgdi skömm og sjálfsniðurrif. Það var ótrúlegt að koma á stað sem var eins og sviðsmynd fyrir niðurlægingu á konum, þarna var eitruð kynlífsmenning,“ segir Eva Rún. „Ég vildi ekki bara fjalla um mína ferð og ákvað að taka viðtöl við konur um sólarlandaferðir þeirra og komst að því að þær höfðu mjög margar upplifað það sama og ég. Þessi hluti bókarinnar var í vinnslu í mörg ár.

Í seinni hlutanum eru stök ljóð og ljósmyndir. Fræið að þessum hluta kom eftir að ég eignaðist barn þá fékk ég nýja sýn á reynsluheim kvenna, sem er auðvitað alltof lítið fjallað um og ég skrifa líka um það að vera lesbía og þurfa stöðugt að útskýra sjálfa sig og sín innstu vé fyrir öðrum.“

## Undarleg stúlka

Fræ sem frjóvga myrkrið er þriðja ljóðabók Evu Rúnar, áður hafa komið út bækurnar Heimsendir fylgir þér alla ævi (2013) og Tappi á himninum (2016). „Þær fjölluðu báðar um uppvöxt minn í Breiðholtinu og hvað það er annarlegt að verða fullorðin,“ segir hún. Eva Rún var átta ára þegar hún byrjaði að yrkja ljóð. „Þá kom kennari í skólann og var þar í stuttan tíma. Hún var gjörólík öllum öðrum kennurum og lét okkur lesa og skrifa ljóð. Þá gerði ég mína fyrstu ljóðabók sem ég skírði Hamarinn og var mjög dramatísk og sorgleg. Þar var eitt ljóð sem heitir Undarlega stúlkan og er sérkennilega dramatískt miðað við að það er eftir átta ára barn. Mig minnir að það sé svona: Undarlega stúlka/hvað er að?/hvað er eiginlega að? Svo teiknaði ég mynd af stelpu sem starir út í loftið.“ Spurð hvað hafi orðið um ljóðabókina segir Eva Rún að foreldrar hennar geymi hana í læstri skúffu. Enda bara eitt eintak til.

## Ljóð sem fólk gengur inn í

Eva Rún er meðlimur í sviðslistahópunum Kviss búmm bang og 16 elskendur og annar listrænn stjórnandi Alþjóðlegu leiklistarhátíðarinnar Lókal. Spurð hvort það sé einhver tenging milli ljóðanna og sviðslistanna segir hún: „Mér finnst alveg klárlega vera tenging þarna. Vinnuaðferðirnar kallast stundum á. Mér finnst líka oft að sýningar okkar í Kviss búmm bang séu ljóð sem fólk gengur inn í. Svo finnst mér listin vera dálítið eins og að safna fræjum úr tilverunni sem maður sest svo niður til að raða, hvort sem maður gerir það einn eða með einhverjum öðrum.“

> **ÞAÐ VAR ÓTRÚLEGT AÐ KOMA Á STAÐ SEM VAR EINS OG SVIÐSMYND FYRIR NIÐURLÆGINGU Á KONUM, ÞARNA VAR EITRUÐ KYNLÍFSMENNING.**

# Íslensk kórtónlist frá öllum tímum mun hljóma í Dómkirkjunni í Reykjavík

Hljómfélagið er ungur og ferskur kór sem syngur undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur. Hann heldur tónleika í Dómkirkjunni á mánudaginn, 27. maí, klukkan 20. Þar mun íslensk tónlist frá öllum tímum hljóma. Kórinn er á leið í söngferðalag til Vínar í september og tónleikarnir eru liður í fjáröflun fyrir ferðinni. „Ágóðinn af þeim rennur beint í kolefnisjöfnunarsjóð ferðarinnar,“ segir stjórnandinn.

„Hugmyndin kviknaði hjá okkur nokkrum fyrrverandi skólafélögum sem sungum lengi saman í Skólakór Kársness. En kórinn hefur vaxið hratt og nú eru í honum tæplega 40 manns, alls staðar að, á aldrinum 20-40 ára. Við æfum í Áskirkju, það er mjög notalegt,“ lýsir Fjóla. Hún segir flesta félagana hafa sungið í kórum eða lært söng. „Svo er einn og einn sem aldrei hefur verið í kór en syngur ótrúlega vel.“

Fjóla byrjaði sjálf í barnakór sjö ára og hefur verið syngjandi síðan. Er meðal annars í kór Íslensku óperunnar og Schola Cantorum í Hallgrímskirkju. Hún lærði óperusöng í Vín í tvö ár og hlakkar mjög til að sýna kórnum sínum borgina. „Við erum komin í samband við annan kór með fólki á svipuðu reki sem við ætlum að halda tónleika með. Erum bæði með nýja og eldri kórtónlist, útsetningar á þjóðlögum og fleira. Ekta prógramm til að kynna fyrir útlendingum.“

gun@frettabladid.is



Hljómfélagið spratt upp úr Skólakór Kársness en breiddi út vængi sína og tók við fólki alls staðar að. MYND/HERMANN SIGURÐSSON



Fjóla byrjaði í barnakór sjö ára og hefur verið syngjandi síðan.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is


Magadansmeyjar halda uppskeruhátíð í Tjarnarbíói.

## 25. MAÍ 2019

### Útivist

**Hvað?** Leiðsögn um flóru Íslands
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Fjallað verður um ýmsar hliðar íslenskra plantna; sögu þeirra í landinu, nytjar og samspil við aðrar plöntur og dýr, í tilefni af alþjóðlegum degi aðdáunar á plöntum. Jóhannes B. Urbancic Tómasson líffræðingur stýrir göngunni sem tekur um 40 mínútur. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir!

**Hvað?** Ástandskoðun reiðhjóla
**Hvenær?** 12.00-14.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið Sólheimum 27
Dr. Bæk kemur með pumpu, olíur og nokkra skiptilykla, skoðar hjólin og vottar heilsu þeirra. Allir velkomnir með hjólið sitt og alls konar spurningar.

### Barnadagskrá

**Hvað?** Litla hafmeyjan
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Á Lottutúni í Elliðaárdal
Leikhópurinn Lotta frumsýnir.

### Tónleikar

**Hvað?** Ítalskt barokk
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Skálholtskirkja
Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzósópran, Victoria Tarevskaia sellóleikari og Julian Hewlett, orgel- og píanóleikari, fagna vorinu með meistaraverkum eftir Gluck, Pergolesi, Caldara, Torelli, Durante, Scarlatti og fleiri tónskáld. Kaffihlaðborð í Skálholti fyrir þá sem vilja.

**Hvað?** Örlagafugl
**Hvenær?** 15.15
**Hvar?** Breiðholtskirkja, Mjóddinni
Kammerhópurinn Camerarctica leikur. Öll verkin á tónleikunum eiga það sameiginlegt að hafa skírskotun í þjóðlög eða þjóðararf. Tónleikarnir taka um klukkutíma.

**Hvað?** Söngur
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Fella-og Hólakirkja, Hólabergi
Arnhildur Valgarðsdóttir, organisti og nemandi við Söngskólann í Reykjavík, heldur framhaldsprófstónleika sína í söng. Efnisskráin er fjölbreytt. Sérstakur gestur er söngvarinn Einar Clausen. Píanóleik annast Sigurður Helgi Oddsson. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir! Heitt á könnunni eftir tónleikana.

**Hvað?** Kötlur kyrja
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Neskirkja við Hagatorg
Efnisval Katlanna er án landamæra og flutt verða verk frá ýmsum tímum og stöðum sem öll eiga það sameiginlegt að vera kröftug og tjáningarrík. Kórstýrur eru Hildigunnur Einarsdóttir og Lilja Dögg Gunnarsdóttir. Gestur Katlanna á tónleikunum er Kristófer Rodriguez Svönuson, slagverksleikari.

**Hvað?** Inspiration-Flames
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Hljómsveitin Inspiration-Flames kemur frá Balkanskaga og leikur lög eftir andlega meistarann Sri Chinmoy. Blandar saman austurevrópskri þjóðlagahefð og andlegri tónlistarhefð Indlands. Ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Raflost – Lokaleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Á lokaleikum Raflosts koma fram Jóhann Eiríksson og Hallvarður Ágeirsson, Curver Thoroddsen, Angela Rawlings, Kaðlín Sara Ólafsdóttir og Hákon Bragason. Tónlist, myndlist og gjörningar. Miðaverð kr. 2.000.

**Hvað?** Hatari
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Edinborgarsalur Ísafirði
Miðaverð er 3.990 krónur. Ekki er aldurstakmark á sýninguna, en tónleikahaldarar benda á almennar reglur um útivistartíma og að sýningin er ætluð fullorðnum.

**Hvað?** Iron Maiden tónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Íslenska Iron Maiden bandið MaidenIced flytur helstu slagarana frá 40 ára ferli Iron Maiden. Miðaverð í forsölu 3.000 kr.

**Hvað?** Radiohead tónleikar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Flutt verða öll helstu lög Radiohead frá glæstum ferli sveitarinnar sem spannar yfir 30 ár. Flytjendur eru: Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Franz Gunnarsson, Þorbjörn Sigurðsson, Hálfdán Árnason og Skúli Gíslason. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Upphitunarteiti Let it Roll tónlistarhátíðinnar
**Hvenær?** 22.00-04.30
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu 22
Let It Roll er ein stærsta drum & bass hátíð heims sem haldin er árlega í Tékklandi um verslunarmannahelgina. 1.500 kr. inn og happy hour til miðnættis.

### Myndlist

**Hvað?** Fyrirlestur Jeffrey Alan Scudder
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
